

**SKOÐUN** Guðrún Þorgerður skrifar um búsetuúrræði fyrir utangarðsfólk. 28



**MENNING** Dagbjört Andrésdóttir syngur og safnar með því fé til rannsókna. 40



**LÍFIÐ** Gísli Örn kynnir íslenskt leikhúsfólk fyrir heiminum. 58



**SPORT** Teitur Örlygsson nálgast 100 sigra í úrslitakeppninni í körfubolta. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**3. apríl 2014**
79. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Starfsandinn lélegur

Formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins segir litla starfsánægju vera á Keflavíkurflugvelli. Hann vonast eftir stefnubreytingu með stjórnarskiptum hjá Isavia. 8

**Nýtast tekjuháum betur** Stjórnarandstæðingar segja að skuldalækkunarfrumvörpin nýtist tekjuháum betur en tekjulágum. 4

**Hefur risið 15 sentimetra** Sveitarfélagið Hornafjörður stendur 15 sentimetrum hærra er árið 1997. 10

**Syfjaður af snúsi** Best er að koma sér upp föstum svefnvenjum í stað þess að berjast við vekjaraklukkuna. 18



HALLDÓR 24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | | A | 3 |
| Akureyri | 6° | | SA | 4 |
| Egilsstaðir | 5° | | A | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | | ASA | 8 |
| Reykjavík | 7° | | ASA | 9 |

**Bjart með köflum** víða um land en hætta á þokubökkum með ströndum. Súld með SA-ströndinni. Strekkingur allra syðst, annars mun hægari vindur. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk









# Óskemmdum matvælum fleygt í tonnatali á Íslandi

Þrjátíu prósentum af matvörum verslana er hent í ruslið hér á landi. Fjallað verður um áhrifin sem það hefur á málþingi í dag. Hópur fólks á Íslandi stundar þann lífsstíl „að rusla“ en það eru þeir sem fara í gámana og hirða óskemmdan mat til neyslu. Í Evrópu er níutíu milljónum tolla af mat hent á hverju ári.

**MATVÆLI** Í dag fer fram málþing um matarleifar í Norræna húsinu. Tilgangurinn er að vekja athygli á þeirri gríðarlegu verðmætasóun sem á sér stað í matvælaframleiðslu, smásölu og hjá neytendum. Enda hafi sóunin ekki eingöngu áhrif á matvælaverð heldur sé hún einnig mikið umhverfisvandamál.

„Þrjátíu prósentum af mat sem kemur í verslanir hér á landi er hent. Í Evrópu er hent 90 milljónum tonna af mat á ári,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu. „Þetta er matur sem hægt er að borða, oft er hann ekki kominn yfir síðasta söludag. Stundum er það tilfellið en maturinn er samt alls ekki skemmdur.“

Þuríður segir að mögulega séu stórmarkaðir að rýma fyrir nýjum vörum og því sé eldri vörum hent.

„Þetta er mikilvægt málefni út frá umhverfislegum og fjárhagslegum forsendum. Fólk hefur ekki efni á mat en svo er verið að henda honum í tonnatali. Sóunin er gríðarleg. Það er líka fleira í gámunum en matur, til dæmis klósettpappír sem er pínulítið rifinn, hreinsiefni og annað. Öllu er svo hrúgað í sama gáminn og engin flokkun,“ segir Þuríður.

### ➜ Ruslarar sem hirða mat úr gámum

Björk Hólm Þorsteinsdóttir skrifaði BA-ritgerð um lífsstíl ruslara, eða þeirra sem safna mat úr gámum og neyta. Hún talaði við átta einstaklinga sem annaðhvort lifðu einungis á að rusla, eins og það er kallað, eða höfðu á einhverjum tímapunkti stundað það mikið.

„Allir viðmælendur stunduðu þetta af vali og gerðu ekki af neyð. Það voru pólitísk sjónarmið sem létu þau fara þessa leið og þau vildu takmarka sína þátttöku í neyslusamfélaginu,“ segir Björk.

Hún segir forgangsmál hjá Norrænu ráðherranefndinni að taka á þessum vanda, meðal annars með því að samræma aðgerðir og koma upp matarbönkum. Slík tilraun hefur gefist vel í Noregi. „Þá geta verslanir farið með vörurnar sínar í matarbankann og bankinn dreifir til fátækra og heimilislausra, eða býr til súpu úr afgöngunum og býður upp á mat.“

ebg/ sjá síðu 20




**FRUMSTÆÐAR KRAFTLYFTINGAR** Fangarnir í Kópavogsfangelsi hafa bundið saman kókflöskur og nota þær sem lóð til kraftlyftinga en laus lóð eru bönnuð í fangelsum. Þau æfingatæki sem föngum bjóðast eru gömul og úr sér gengin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Kópavogsfangelsi eru bæði konur og karlar. Ekki er hægt að aðskilja kynin:

# Telja niður dagana í nýtt fangelsi

**FANGELSISMÁL** Þröng staða í fangelsismálum á Íslandi veldur því að karlar og konur dvelja saman í Kópavogsfangelsi. Fangelsið hefur verið starfrækt í 25 ár en húsnæðið er úr sér gengið og býður ekki upp á fullnægjandi aðstæður fyrir fangana.

Dæmi eru um að fangar af gagnstæðu kyni hafa dregið sig saman og myndað samböndum en þegar sú staða kemur upp eru karlkyns fangarnir sendir í önnur fangelsi til að ljúka afplánun.

Einar Andrésson, varðstjóri í Kópavogsfangelsi, segir að mörgu í aðstöðu fangelsisins sé ábótavant. Hann nefnir læknisaðstöðu fangelsisins sem dæmi en hún er jafnan kölluð kústaskápurinn vegna þess hve lítil hún er.

**25** Árin sem Kópavogsfangelsi hefur verið starfrækt.

Ný skjólgirðing á útisvæði fanganna kemur í veg fyrir að fangar sjáist inn um girðingu fangelsisins en fangelsið stendur í miðju íbúðahverfi.

- ssb

Módelið Sigrún Eva eftirsótt:

# Uppgötvuð í verslun H&M

**TÍSKA** Fyrirsætan Sigrún Eva Jónsdóttir vakti mikla athygli á Reykjavík Fashion Festival um síðustu helgi þar sem hún gekk tískupallana fyrir fimm mismunandi hönnuði.



SIGRÚN EVA.

„Það var rosalega gaman en líka rosalega mikil vinna,“ segir Sigrún Eva. Fyrirsætuferill hennar hófst óvænt þegar hún var sautján ára og stödd í New York ásamt foreldrum sínum.

„Ég var í H&M þegar kom einhver kona upp að mér og vildi fá mig á skrá sem fyrirsætu,“ segir hún en konan var útsendari fyrir umboðsskrifstofu Wilhelmina Models þar sem Sigrún Eva starfar í dag.

- bþ / sjá nánar síðu 58




## SPURNING DAGSINS



Eiríkur, hvað má sjá?

**Í smásjá má margt sjá.**

Eiríkur Steingrímsson er prófessor við læknadeild Háskóla Íslands en deildin tók nýverið tugmilljóna króna smásjá í notkun.

Framhaldsskólakennarar segja enga lausn í sjónmáli í kjaradeilu þeirra:

# Beðið eftir svari frá ráðherrum

**VINNUMARKAÐUR** „Við erum ekki farin að sjá til lands í þeim málum sem standa út af, það er launaliðnum og því hversu háum fjárhæðum verður varið til innra starfs í skólunum,“ segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður samninganefndar Félags framhaldsskólakennara.

Kennarar segja að mennta- og fjármálaráðherra verði að fara að svara því hversu miklir peningar verði settir í að leysa deiluna. Allt sitji fast á meðan svör berast ekki.



AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR



ÓLAFUR HJÖRTUR SIGURJÓNSSON

Aðalheiður segir að dagurinn í gær hafi farið í að fínpússa texta á þeim liðum kjarasamningsins sem eru að mestu frágengnir.

„En það strandar á aðkomu ráðherranna. Þeir þurfa að leggja sig meira fram ef lausn á deilunni á að finnast,“ segir Aðalheiður.

Ólafur Hjörtur Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum, tekur í svipaðan streng og Aðalheiður. Staðan sé óbreytt.

Hvorki náðist í fjármála- né menntamálaráðherra við vinnslu fréttarinnar. - jme / kóh

Slys í Böggvisstaðadal:

# Vélsleðamaður fram af hengju

**SLYS** Vélsleðamaður ók fram af hengju í gili fremst í Böggvisstaðadal fyrir ofan Dalvík um fimmleytið í gær samkvæmt tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Björgunarsveitin Dalvík var þegar kölluð út á slysstað. Björgunarsveitarmaður sem var á svæðinu hlúði að sleðamanninum þangað til þyrla kom á slysstað og flutti manninn á Sjúkrahúsið á Akureyri. Hann er ekki talinn í lífshættu. - kóh

Vangaveltur Dana:

# Thorning ekki á leið til ESB

**DANMÖRK** Nær fjórir af hverjum tíu kjósendum í Danmörku eru þeirrar skoðunar að Jafnaðarmannaflokknum muni ganga betur í næstu þingkosningum fái Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra toppstöðu innan Evrópusambandsins, ESB.

Samkvæmt frétt á vef Jyllands-Posten vísar forsætisráðherrann því á bug að vera á förum. Þar segir jafnframt að gagnrýni á forystuna hafi aukist innan Jafnaðarmannaflokksins. Margir saka forsætisráðherrann um að hlusta ekki á þjóðina og baklandið. - ibs

Kjör í stjórn Landsvirkjunar:

# Jónas Þór formaður

**VIÐSKIPTI** Á aðalfundi Landsvirkjunar í gær var samþykkt tillaga fjármála- og efnahagsráðherra um kjör aðalmanna og varamanna í stjórn Landsvirkjunar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Landsvirkjun.

Stjórnarformaður var kjörinn Jónas Þór Guðmundsson hæstaréttarlögmaður. Einnig voru kjörin Helgi Jóhannesson, Jón Björn Hákonarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Álfheiður Ingadóttir.

Á aðalfundinum var jafnframt samþykkt tillaga stjórnar um arðgreiðslu til eigenda að fjárhæð 1,5 milljarðar króna fyrir árið 2013. - kóh



**VINNA Í VERKFALLI** Börn starfsmanna Íslensku gámaþjónustunnar fá vinnu í verkfalli kennara. MYND/DOFRI HERMANNSSON

# Verkfallskrakkar fá störf hjá gámafélagi

Íslenska gámaþjónustan býður táningum sem hafa orðið fyrir barðinu á verkfalli framhaldsskólakennara að skapa verðmæti í stað þess að slæpast.

**SAMFÉLAG** Íslenska gámafélagið hefur boðið öllum börnum starfsmanna fyrirtækisins sem orðið hafa fyrir barðinu á verkfalli framhaldsskólakennara að fá vinnu. Krakkarnir starfa ýmist við að flokka, aðstoða með rafmagn eða snyrta til á starfssvæði gámafélagsins á Gufunesi. Þrettán krakkar hafa þáð boðið og nýta þeir verkfallið í að vinna.

Verkfallið hefur staðið í næstum þrjár vikur núna, og hefur áhrif á um það bil 28 þúsund menntaskólanema um land allt. Nemendur Verzlunarskóla Íslands sleppa þó við verkfallið enn sem komið er, en þeir mæta enn í skólann.

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, segir að margir starfsmanna fyrirtækisins hafi fundið fyrir því að vegna verkfallsins hafi heimilislífi verið raskað. Börn starfsmanna séu sum hver búin að snúa sólarhringnum við, sofi á daginn en vaki á nóttunni, og hangi í tölvunni eða glápi á sjónvarpið í óhófi. Því sé mikið hentugra fyrir alla að fá þau til að mæta í vinnu og skapa verðmæti í stað þess að slæpast og aðhafast lítið sem ekkert.

„Unglingarnir komast í ákveðinn vandræðagang í þessu verkfalli, leggjast í tölvurnar og sjónvarpsgláp. Við sáum mikið gagn að því að fá þau til að koma og flokka og koma sér í verðmæti í staðinn fyrir sjónvarpsgláp. Þau eru svo fljót að snúa við sólarhringnum þessir krakkar,“ segir Jón. „Þetta er bara tilraun til að halda reglu á heimilunum, það skiptir öllu máli fyrir fyrirtækið.“

Aðspurður segist Jón eiga 16 ára son sem lendi í verkfallinu. „Ég þurfti endilega að koma honum í vinnu. Ég hef samkennd með öllu fólki sem lendir í þessu,“ segir hann. karl@frettabladid.is



**EYÐILEGGING** Síleskur maður gengur eftir sprungnum þjóðvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sex látnir og þúsundir bygginga eru í rúst:

# Harður jarðskjálfti skók Síle

**SÍLE Jarðskjálfti sem mældist 8,2 að stærð skók Síle í gær. Sex eru látnir og þúsundir bygginga í rúst.**

**Tugir þúsunda Sílebúa flúðu upp á hálendi er jörðin nötraði undir fótum þeirra. Um það bil 2.500 heimili eru talin hafa beðið alvarlegan skaða.** - kóh




Hvalveiðar snúast ekki um veiðigjöld heldur um sjálfsákvörðunarrétt okkar:

# Óttast að hagsmunum sé fórnað

**ALÞINGI** Hvalveiðar snúast ekki um veiðigjöld, þær snúast um sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar, sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær.

Björt Ólafsdóttir, Bjartri framtíð, spurði forsætisráðherra hver ábatinn af hvalveiðum Íslendinga hefði verið.

Björt sagðist hafa áhyggjur af því að verið væri að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með hvalveiðunum.

Í máli sínu benti hún meðal annars á að Obama Bandaríkjaforseti hefði fyrirskipað að öll tvíhliða samskipti við Íslendinga yrðu endurskoðuð og þrýst á að Íslendingar hættu veiðum á langreyði.

Sigmundur Davíð sagði að hvalveiðar snerust meðal annars um að verja rétt Íslands til að nýta



**HVALVEIÐAR** Forsætisráðherra segir að Íslendingar láti Bandaríkjamenn ekki segja sér hvort þeir megi veiða hval eða ekki. NORDICPHOTOS/AFP

náttúruauðlindir sínar. Það væri gríðarlega mikils virði. Forsætisráðherra sagði að við ættum ekki að láta eina mestu hvalveiðiþjóð heims segja okkur að við mættum ekki veiða hval.

Björt sagði að stjórnvöld horfðu ekki á málið út frá viðskiptalegum forsendum heldur tilfinningalegum.

Því neitaði forsætisráðherra. - jme

TOYOTA

ALWAYS A
**BETTER** WAY

# AURIS HYBRID TOURING SPORTS
# LANGBAKUR SKUTBÍLANNA



## ÁSTÆÐA TIL AÐ PRÓFA HYBRID

Stórglæsilegt útlit Auris Hybrid Touring Sports er aðeins ein af ástæðum þess að þú verður að prófa þennan skutbíl – þennan langbak sem skilar þér mjúkum, hljóðlátum akstri í skjóli sjö loftpúða. Afburðargott rými fyrir bæði fólk og farangur er enn ein ástæðan til að njóta tæknilegra þæginda á borð við Toyota Touch margmiðlunarkerfi og bakkmyndavél. Hagkvæmt hybrid-kerfi og hugvitsamleg hönnun sparar eldsneyti og dregur úr útblæstri.

Komdu og reynsluaktu LANGBAKI SKUTBÍLANNA.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**Verð: 4.770.000 kr.**

40 %
GÆÐALÁN **TOYOTA**

**GÆÐALÁN TOYOTA**
**Í SAMSTARFI VIÐ ERGO**

Fáðu **40%** af verði nýrrar Toyotu að láni **án vaxta** í allt að **þrjú ár**.

HYBRID

5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP – FOR SAFER CARS – www.euroncap.com – TEST 2013

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SVONA ERUM VIÐ



**103.000** **ferkílómetrar er flatarmál Íslands, en þar af eru 64.500 auðnir.**

**Á láglendi eru rúmir 12 þúsund ferkílómetrar ógróið land eða land með minna en 50% gróðurþekju – sem auðvelt væri að rækta upp að mati sérfræðinga.**

Erlendum ferðamönnum sem koma til landsins fjölgar talsvert frá fyrra ári:

# Bretar fjölmenna til Íslands

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 66 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í mars samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Þetta eru rúmlega 17 þúsund fleiri erlendir ferðamenn en fóru frá landinu í sama mánuði og fyrir ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu voru Bretar fjölmennastir eða nærri 32 prósent allra ferðamanna sem komu til landsins. Næstflestir komu frá Bandaríkjunum, um fimmtungur þeirra sem hingað komu. Norðmenn voru þriðji fjölmennasti hópurinn, þeir voru rúmlega fimm prósent þeirra sem komu, þá Þjóðverjar, Frakkar, Danir, Kanadamenn og Svíar.

Um 24 þúsund Íslendingar fóru utan í mars síðastliðnum, tæplega þrjú þúsund færri en í mars árið 2013.

Þess ber að geta að í fyrra voru páskarnir í lok mars. Frá áramótum hefur svipaður fjöldi Íslendinga farið utan og á sama tímabili í fyrra eða um 71 þúsund talsins. **- jme**



**FERÐAMENN** Mun fleiri erlendir ferðamenn komu til landsins í mars en í sama mánuði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

Rán á bensínstöð:

## Þekkti þjófinn á augunum

**SVÍÞJÓÐ** Þrír menn hafa verið dæmdir í tveggja ára fangelsi fyrir rán á bensínstöð á Skáni í Svíþjóð í janúar. Þjófarnir voru með grímur en afgreiðslustúlka þekkti þann sem gekk að búðarborðinu á augunum. Hann var nefnilega nágranni hennar.

Við yfirheyrslu sagði stúlkan að hún hefði í fyrstu haldið að um grín væri að ræða. Þjófarnir héldu á brott með svolítið reiðufé sem þeir keyptu fíkniefni fyrir í Kaupmannahöfn. **- ibs**



**BAÐAÐ Í BLÁU** Stjórnarráðið verður blátt fyrstu vikuna í apríl. MYND/FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Styðja einhverfa:

## Stjórnarráðið blátt í apríl

**SAMFÉLAGSMÁL** Stjórnarráðið tekur þátt í „Bláum apríl“, vitundarvakningu um einhverfu, með því að baða forsætisráðuneytið í bláu ljósi í apríl. Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að fyrirtæki og stofnanir taki þátt í vakningunni um allan heim með þessum hætti en 2. apríl er alþjóðadagur einhverfunnar og blár er einkennislitur hennar.

Styrktarfélag barna með einhverfu stendur fyrir verkefninu en það er liður í söfnunarátaki félagsins.

Stjórnarráðið mun lýsa upp húsið fyrstu vikuna í apríl og styðja þannig málstaðinn. **- fbj**

Mótmæla lagasetningu:

## Hjálpar atvinnurekendum

**VINNUMARKAÐUR** Starfsgreinasamband Íslands er ósátt við að lög skuli hafa verið sett sem banna verkfallsaðgerðir sjómanna á Herjólfi.

Starfsgreinasambandið segir að samningsrétturinn sé stjórnarskrárvarinn og einn mikilvægasti réttur launafólks til að ná fram bættum kjörum. Það er alvarlegt þegar Alþingi grípur inn í það ferli.

Lagasetningar á verkföll eru sniðnar að atvinnurekendum og leysa eingöngu þeirra mál, en skikka starfsmennina til að vinna áfram á sömu kjörum. **- jme**

# Frumvarpið nýtist tekjuháum betur en tekjulágum

Mælt var fyrir skuldalækkunarfrumvörpum á Alþingi í gær. Stjórnarandstæðingar segja að þau nýtist tekjuháum betur en tekjulágum. Fjármálaráðherra segir frumvarp um séreignarsparnað marka ákveðin tímamót.

**ALÞINGI** Það eru mikil tímamót fólgin í þessu frumvarpi ef það verður að lögum, sagði Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra, í umræðum á Alþingi um frumvarp um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**HELGI HJÖRVAR**

Nokkrir úr hópi stjórnarandstæðinga, þeirra á meðal Katrín Jakobsdóttir, gagnrýndu ráðstöfun séreignarsparnaðar í því formi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sem myndi nýtast þeim tekjuhærri mun betur en þeim tekjulægri.

Helgi Hjörvar, Samfylkingunni, benti á að alþingismaður með 700 þúsund krónur á mánuði gæti fullnýtt þessa heimild og fengið út úr því 600 þúsund króna skattafslátt. Á sama tíma fengi einhleypingur með meðaltekjur, um 400 þúsund krónur á mánuði, einungis 300 þúsund króna skattafslátt.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði að þetta liti allt vel út við fyrstu sýn en hefði augljósa ágalla. Það væri verið að hygla fjármálafyrirtækjum umfram fólk.

Í máli nokkurra þingmanna komu fram áhyggjur af því að fólk hefði minni peninga á efri árum ef það notaði séreignarsparnaðinn til húsnæðiskaupa eða til að greiða niður húsnæðislán sem það hefur þegar tekið.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagði að kostirnir við frumvarpið væru þeir að fólk hefði val.

„Fólki býðst að fara úr einu sparnaðarformi yfir í annað,“ sagði Guðmundur. Þingmaðurinn sagði að það væri spurning hvort séreignarsparnaðarformið væri ekki orðið ónýtt. Íslendingar hefðu getað tekið út séreignarsparnað frá 2009 og væru búnir að nýta um 100 milljarða af séreignarsparnaði sínum í annað.

johanna@frettabladid.is

> **Þegar maður pantar sér pítsu þá veit maður hvort maður fær senda 18 tommu, 9 tommu eða brauðstangir.**
>
> *Helgi Hjörvar alþingismaður*



**SKULDALÆKKUN** Mælt var fyrir skuldalækkunarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Elur á óánægju

Helgi Hjörvar, Samfylkingu, spurði Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra á þingi í gær hvar reiknivélin væri svo almenningur gæti reiknað út hvað hver og einn fengi út úr skuldaleiðréttingunni.



**SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON**

„Hvar er reiknivélin? Þegar maður pantar sér pítsu þá veit maður hvort maður fær senda 18 tommu, 9 tommu eða brauðstangir. En almenningur getur ekki fengið upplýsingar um það hvað hver og einn fær í skuldaleiðréttingu,“ sagði Helgi Hjörvar.

„Það virðist vera að háttvirtur þingmaður hafi það að sérstöku markmiði, og þá sérstaklega undanfarna daga, að reyna að gera sem flesta óánægða,“ sagði Sigmundur Davíð í andsvari sínu. Helgi hefði það að leiðarljósi að reyna að ala sem mest á tortryggni og gera sem flesta hópa óörugga og óánægða. **- sks / jme**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**AUSTLÆGAR ÁTTIR** verða á landinu næstu daga og nokkuð bjart um landið vestanvert en líkur á súld eða rigningu suðaustanlands í dag og á morgun. Mögulega falla svo él norðan og norðaustan til í kólnandi veðri frá föstudagskvöldi til laugardags.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 21° | New York | 13° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 11° | Orlando | 29° |
| Basel | 19° | Kaupmannahöfn | 11° | Ósló | 10° |
| Berlín | 20° | Las Palmas | 21° | París | 21° |
| Billund | 9° | London | 19° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 7° |




**Á MORGUN** Strekkingsvindur allra syðst annars hægari.




**LAUGARDAGUR** Strekkingsvindur allra syðst annars hægari.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# „Það er óviðunandi að 30% drengja geti ekki lesið sér til gagns við lok grunnskóla í Reykjavík“



Skólakerfið hefur brugðist börnunum okkar en fær þrátt fyrir það að hjakka áfram í sama farinu án aðgerða. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill umbylta skólakerfinu til að mæta betur þörfum barna og kennara. Samkvæmt niðurstöðum PISA geta **30% drengja og 12% stúlkna** ekki lesið sér til gagns við lok grunnskóla sem er hreinlega óásættanlegt.

## Lausnir Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík á þessu vandamáli er hægt að virkja strax á næsta skólaári:

- Aukinn sveigjanleiki og nauðsynlegar breytingar á skólakerfinu munu bæta grunnfærni í lestri og stærðfræði.
- Samræmdir mælikvarðar verða gerðir aðgengilegir fyrir aðstandendur svo hægt sé að meta árangur skóla og skólastiga og setja fjármagn í þau málefni sem þess þarfnast.
- Aukin sérstaða og sérhæfing einstakra skóla er afar mikilvæg. Foreldrar og nemendur eiga að geta valið í hvaða skóla börnin fara og fjárframlag hvers nemanda mun fylgja hans vali hvort sem um er að ræða opinberan eða sjálfstætt starfandi skóla.
- Sveigjanleiki á milli skólastiga verður aukinn svo hægt verði að mæta þörfum einstakra barna. Þeir sem standa vel að vígi fá svigrúm til að halda áfram að bæta sig og þeir sem þurfa aukinn stuðning eiga rétt á honum.
- Upplýsingatækni, skapandi greinar og tæknigreinar eiga að fá aukið vægi.

**Bregðumst við breyttum tímum og ólíkum aðstæðum. Sköpum skólakerfi sem stenst nútímakröfur.**

*Halldór Halldórsson,*
*borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík*

**Hádegisfundur í Valhöll í dag, fimmtudag, kl. 12. Efni fundarins er hvernig við getum nýtt niðurstöður PISA-könnunarinnar til að gera betur í skólamálum. Allir velkomnir!**

**xD Dásamlega Reykjavík**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað fengi nýtt framboð hægrimanna mikið fylgi samkvæmt könnun MMR?
**2.** Við hverja hefur NATO slitið öllu samstarfi?
**3.** Hvaða fótboltakappi samdi lag um móður sína?

**SVÖR:**
**1.** 38 prósent. **2.** Rússa. **3.** Rúrik Gíslason.

Auknar líkur á að við niðurdælingu verði jarðskjálftar af þeirri stærð að þeir geti fundist í byggð:

# Hreinsun hafin á útblæstri á Hellisheiði

**ORKUMÁL** Tilraunarekstur hreinsistöðvar Hellisheiðarvirkjunar, sem mun skilja brennisteinsvetni úr gufuútblæstri einnar af sex vélum virkjunarinnar, er hafinn. Gangi rekstur stöðvarinnar eins og vænst er, verður hún stækkuð. Slík ákvörðun verður ekki tekin fyrr en að fenginni eins árs rekstrarreynslu.

Um þróunar- og nýsköpunarverkefni Orkuveitu Reykjavíkur er að ræða sem miðar að því að draga úr lyktarmengun frá virkjuninni. Í ljósi þessa hefur Orkuveitan farið fram á undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti, sem ganga eiga í gildi í sumar. Reksturinn stenst núgildandi mörk í reglugerðinni.

Brennisteinsvetnið, sem skilið er frá gufunni, er blandað vinnsluvatni frá virkjuninni áður en því er dælt niður fyrir grunnvatnsstrauma í berggrunninum við virkjunina. Niðurstöður tilrauna gefa til kynna að þar bindist það berglögum sem brennisteinskís, sem betur er þekkt sem glópagull. Vinnsluvatnið, sem blandað er í, er heldur kaldara en það sem dælt hefur verið niður fram að þessu. Við þá breytingu telja vísindamenn að tímabundið séu auknar líkur á að jarðskjálftar verði á niðurdælingarsvæðinu. Slíkir jarðskjálftar gætu náð þeirri stærð að þeir fyndust vel í byggð.

**- shá**



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Veðurstofan og Almannavarnir fá upplýsingar um jarðskjálftahættu vegna niðurdælingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Fengum undanþágu vegna peningaskorts

Ísland er eina landið sem ekki tók þátt í PISA-könnun á getu unglinga til að leysa þrautir. Niðurstöður voru birtar í byrjun vikunnar. Prófið þurfti að taka í tölvu og ekki var fjármagn fyrir hendi til að leggja það fyrir hér. Erum næst með árið 2015.

**MENNTAMÁL** Fimmtán ára unglingar í Asíulöndum standa sig langbest við að leysa þrautir að því er fram kemur í nýbirtri PISA-könnun. Efstu þrjú sætin skipa Singapúr, Kórea og Japan. Næstu fjögur sæti þar á eftir skipa svo ólík svæði Kína, en í áttunda, níunda og tíunda sæti eru svo Kanada, Ástralía og Finnland.



**ALMAR M. HALLDÓRSSON**

Ísland er hins vegar hvergi að finna í samanburðinum. „Ég held að þarna séu öll önnur lönd, en um var að ræða skylduþátt í verkefninu," segir Almar M. Halldórsson, verkefnisstjóri PISA-könnunarinnar 2012 á Íslandi. „En þetta var skyldupartur á tölvur og tölvufyrirlögnin kostaði aukalega, bæði í framkvæmd og að vera með, og við höfðum ekki fjármagn til að taka þátt," bætir hann við. Ísland hafi því fengið undanþágu frá þeim þáttum PISA-könnunarinnar sem í þessari umferð hafi krafist tölvukosts í fyrirlagningunni.

Almar segir að í PISA-könnunum sé jafnaði líka aukakönnun, sem að þessu sinni snúi að þrautalausn í hóp og Ísland sé með í þeirri könnun. „Við erum að forprófa núna og svo verða aðalprófin lögð fyrir vorið 2015 og svo fáum við niðurstöðurnar og samanburð við önnur lönd í desember 2016."

Áður en kemur að birtingu þrautalausna í hóp segir Almar að eftir sé að birta könnun á lesskilningi á rafrænan texta. „Þá er textinn allur í svona heimasíðuformi og krakkarnir þurfa að leita meira að efni líkt og við gerum á netinu." Ísland segir hann hins vegar ekki heldur vera með í þessum hluta PISA-prófanna af sömu ástæðu. „Þetta var náttúrlega lagt fyrir á tölvu líka."

Þrautalausnir á borð við þær sem nú var verið að birta segir Almar hins vegar að hafi einnig verið lagðar fyrir árið 2003 og þá hafi Ísland tekið þátt. Ólíklegt sé að miklar breytingar hafi orðið á getu barnanna síðan þá og því megi skoða þær niðurstöður til samanburðar.

Ísland var í þeirri könnun með 505 stig að jafnaði. Sú niðurstaða í samanburði við könnunina 2012 hefði skilað landinu í 20. sæti, á milli Austurríkis og Noregs. Löndin í tíu efstu sætum könnunarinnar voru með frá 523 til 562 stiga.

Neðstu sætin, frá 41. til 44. sætis, skipa Svartfjallaland, Úrúgvæ, Búlgaría og Kólumbía, með 407 til 399 stig.

**olikr@frettabladid.is**



**KRAKKAR Í PISA-PRÓFINU** Ísland tók að þessu sinni bara þátt í PISA-prófum þar sem ekki þurfti að nota tölvu við úrlausn verkefna. Fjárskortur hamlaði, segir verkefnisstjóri PISA-prófanna 2012 á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

### ÚRLAUSN VERKEFNA

| Sæti | Land | Stig |
|---|---|---|
| 1. | Singapúr | 562 |
| 2. | Kórea | 561 |
| 3. | Japan | 552 |
| 4. | Makaó – Kína | 540 |
| 5. | Hong Kong – Kína | 540 |
| 6. | Sjanghæ – Kína | 536 |
| 7. | Taípei – Kína | 534 |
| 8. | Kanada | 526 |
| 9. | Ástralía | 523 |
| 10. | Finnland | 523 |

*Heimild: OECD, Creative Problem Solving - vol. V, 2014*






Teymi um málefni innflytjenda rukkar stjórnmálaflokka um stefnu:

# Eru 2,5 prósent af kjósendum

**SVEITARSTJÓRNIR** Í Reykjavíkurborg voru ríflega tvö þúsund innflytjendur án ríkisborgararéttar á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2010.

Mjög líklega hefur orðið fjölgun í þessum hópi á kjörskrá fyrir kosningar í vor þar sem fleiri hafa náð búsetuviðmiðinu og öðlast þar með kosningarétt.

Vegna þessa stækkandi hóps stendur teymi um málefni innflytjenda fyrir morgunverðarfundi í næstu viku með frambjóðendum til borgarstjórnar þar sem þeir verða spurðir hvað þeirra flokkur hyggst gera í málefnum innflytjenda.

„Við viljum ná málefnum innflytjenda á dagskrá í kosningunum. Það er ekki til neinn þrýstihópur innflytjenda en mörg gífurlega mikilvæg mál snerta þá sérstaklega, eins og atvinnumál og menntamál barna þeirra," segir Gerður Gestsdóttir, sem er ráðgjafi innflytjenda hjá Vinnumálastofnun.

„Ég hef aldrei séð kosningarloforð sem snúa beint að innflytjendum eða stjórnmálaflokka reyna að höfða til þeirra sem hóps og því köllum við eftir því á þessum fundi," segir hún.

Á fjölmenningarþingi borgarinnar árið 2012 kom fram að meirihluti þátttakenda á þinginu taldi sig ekki geta fylgst nægilega vel með stjórnmálum vegna takmarkaðs aðgangs að upplýsingum.

Bent var á að þýðingar á vefsíðum stjórnmálaflokka þyrftu að vera betri og endurspegla íslenska textann í stað úrdrátta.

**- ebg**



**RÁÐGJAFI INNFLYTJENDA** Gerður Gestsdóttir situr í teymi um málefni innflytjenda og stendur fyrir málþingi um stefnu stjórnmálaflokka í þessum málaflokki. MYND/AÐSEND




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 3. – 9. apríl.

**20%** KYNNINGARAFSLÁTTUR AF PRODIGY POWERCELL LÍNUNNI




**KAUPAUKINN* ÞINN:**

- Þegar þú kaupir 2 HR vörur.

  eða

- Þegar þú kaupir HR krem, en þá færðu að auki 15 ml andlitskrem að eign vali.




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*



**ÁLÖGUR** Friðrik Sophusson sagði opinberar álögur draga úr hagræði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rúmir 12 milljarðar í skatta og gjöld til hins opinbera:

## Vilja að Íslandsbanki verði seldur

**VIÐSKIPTI** **Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, sagði á aðalfundi í gær að bankinn hefði greitt samtals 12,4 milljarða króna í skatta og gjöld til hins opinbera í fyrra. Þar af næmi bankaskatturinn 2,3 milljörðum króna.**

**Friðrik sagði mikilvægt að ríkisstjórnin stæði við orð sín um að nýjar álögur, sem standa eiga straum af kostnaði vegna höfuðstólsleiðréttingar húsnæðislána, væru tímabundnar, þar sem þær drægju úr hagræði í bankakerfinu og áhrifum þeirra aðgerða sem bankinn hefði gripið til til að lækka kostnað og hagræða í rekstri.**

**Friðrik sagði einnig að markmið eigenda bankans, sem er 95 prósent í eigu slitastjórnar Glitnis í gegnum tvö dótturfélög, væri að selja bankann um leið og aðstæður leyfa.**

- fbj




# Starfsandinn lélegur á Keflavíkurflugvelli

Formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins kveðst vonast eftir stefnubreytingu með stjórnarskiptum hjá Isavia í dag. Hann segir litla starfsánægju vera á Keflavíkurflugvelli. Starfsfólk vilji hlut í miklum arði einokunarfyrirtækisins Isavia ohf.



**KRISTJÁN JÓHANNSSON** Formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins segir fráleitt að Isavia sé rekið eins og hvert annað markaðsfyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KJARAMÁL** „Útspilið verður að koma frá þeim,“ segir Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, eins þriggja stéttarfélaga sem boða vinnustöðvanir hjá Isavia í apríl.

Eins og fram hefur komið hafa Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Stéttarfélag í almannaþjónustu og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna ekki náð samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um nýjan kjarasamning fyrir þá 400 meðlimi félaganna sem starfa hjá Isavia. Því eru boðaðar þrjár fimm klukkustunda vinnustöðvanir í apríl og síðan ótímabundið verkfall frá 30. apríl.

Kristján segir samtöl við félagsmenn hafa leitt í ljós að „strípaður ASÍ-samningur“ sem feli í sér 2,8 prósenta launahækkun yrði felldur í atkvæðagreiðslu. Launin séu þó aðeins hluti vandans.

„Það er lélegur starfsandi í þessu fyrirtæki,“ segir Kristján og vitnar til ítrekaðra viðhorfskannana sem gerðar hafa verið meðal starfsmanna Isavia. Síðasta könnunin hafi verið kynnt fyrir nokkrum vikum.

„Það er alltaf sama falleinkunnin sem kemur í Keflavík þar sem 57 prósent starfsmanna segjast nú óánægð í starfinu,“ segir Kristján sem kveður starfsfólk bæði ósátt við launin og yfirstjórnina. „Þeir reka rosalega harða starfsmannastefnu og starfsfólkið er orðið langþreytt.“

Aðspurður vill Kristján ekki gefa launakröfur stéttarfélaganna þriggja upp í prósentum. „Við höfum alltaf sagt að við erum til í að taka upp ASÍ-samninginn með viðbótum. Við viljum fá leiðréttingar fyrir þessa hópa sem hafa bæði setið eftir og hafa orðið fyrir miklum breytingum í starfi. Sú farþegafjölgun sem er að skila sér til landsins bitnar á okkar fólki með meira álagi. Það er alveg sama þótt tíu nýliðum sé bætt við, mesta pressan lendir alltaf á þeim sem fyrir eru og kunna starfið.“

Einnig segir Kristján til þess litið að Isavia sé opinbert hlutafélag sem að öllu leyti sé í eigu ríkisins. „Þeir hafa rekið mjög harða stefnu gagnvart því að umbreyta sér yfir í einhvers konar fyrirtæki á markaði. Það er fráleitt því Isavia er fyrst og fremst fyrirtæki í einokunarstöðu sem skilar tugum eða hundruðum milljóna í arð á ári og við viljum einfaldlega að þeir komi til móts við okkur,“ segir hann.

> **Þeir reka rosalega harða starfsmannastefnu og starfsfólkið er orðið langþreytt.**
>
> *Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins.*

Næsti samningsfundur er á morgun. Kristján kveðst vonast til að málið leysist áður en kemur til fyrstu vinnustöðvunarinnar sem boðuð er 8. apríl. Hann bendir á að aðalfundur Isavia ohf. fari fram í dag.

„Þar verða stjórnarskipti. Við skulum vona að það verði einhver pínulítill bautasteinn á leiðinni, að það komi ný stjórn sem markar nýja stefnu. Þetta getur að minnsta kosti ekki versnað.“

gar@frettabladid.is






**JANÚKOVÍTSJ TJÁIR SIG** Forsetinn fyrrverandi tjáði sig um Krímskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Segir innlimun Krímskaga í Rússland harmleik:

## Janúkovítsj fordæmir Krímskagabyltingu

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Janúkovítsj, fyrrverandi forseti Úkraínu, kallaði innlimun Krímskaga í Rússneska sambandsríkið harmleik í viðtali við fréttastofu AP.

Janúkovítsj talaði um að hann hefði aldrei leyft Rússum að taka Krímskaga á þann hátt sem þeir gerðu hefði hann verið við stjórnvölinn. Vonar hann að Krímskagi verði aftur hluti af Úkraínu.

Janúkovítsj sagðist ekki hafa gefið tilskipanir um að hefja skothríð á mótmælendur í Kænugarði, en forsetinn fyrrverandi flúði borgina eftir hörð mótmæli þar sem fleiri en hundrað manns létust.

Janúkovítsj sagði alla skothríð hafa komið frá andstöðunni, ekki frá óeirðalögreglusveitum. Ábyrgðin lægi því hjá andstöðumönnum.

„Sjálfur gaf ég aldrei nein fyrirmæli um að skjóta,“ sagði hann. „Ég veit ekki betur en að sérsveitarmennirnir hafi aldrei fengið nein vopn í hendurnar. Ég hef ávallt fylgt þeim gildum að ekkert vald sé blóðsúthellinga virði.“

- kóh

# Páskatilboð




Eldhús hvítt háglans fulningur.



Sturtuklefar 70, 80 og 90 cm.




Hvít, 100 cm.
með spegilskáp.




Hvít, 60 cm.
með spegilskáp.




Hvít, 53x31 cm.
með spegli.




WC upphengt eða á gólf.




Speglaskápar 50 - 120 cm.




Handklæðaofnar.



CHRISTINA Blöndunartæki, mikið úrval.




Sturtugler, 6, 8 eða 10 mm.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Ósáttir við lokun fiskvinnslu:

## Saka Vísi um samningsbrot

**SJÁVARÚTVEGUR** „Bæjarráð mun aldrei láta slíkar aðgerðir óátaldar enda um verulega hagsmuni að ræða fyrir samfélagið og það starfsfólk sem byggt hefur fyrirtækið upp á löngum tíma," segir bæjarráð Norðurþings um þá ákvörðun útgerðarfélagsins Vísis að loka starfsstöðvum á Húsavík.

Bæjarráðið segir að með lokuninni sé fallið frá ákvæðum í samningi við sölu sveitarfélagsins á eignarhlut í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. - gar

Össur Skarphéðinsson brýnir stjórnvöld til að fóstra endurreisn urriðans í Efra-Sogi með gerð fiskvegar:

# Vill byggja fiskveg fyrir Þingvallaurriðann

**NÁTTÚRA** Kjöraðstæður hafa skapast til að endurheimta stórurriðastofninn í Efra-Sogi með gerð fiskvegar úr Þingvallavatni, að mati Össurar Skarphéðinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Össur hefur lagt fram þingsályktunartillögu þessa efnis. Samhliða verði ráðist í endurbætur á hrygningarstöðvum urriðans í efri hluta árinnar, og fyrir mynni hennar, til að stuðla að endurheimt stofnsins.

Forsagan er í örmynd sú að stórurriðinn í Efra-Sogi gjöreyddist þegar áin var stífluð 1959 og Steingrímsstöð var byggð. Í stefnumörkun Þingvallanefndar 2004-2024 segir hins vegar frá að samkomulag við Landsvirkjun sé um endurheimt búsvæða og er eitt meginmarkmiða hennar. Hins vegar sé liðinn áratugur og fiskvegurinn hafi ekki enn verið lagður.

„Landsvirkjun hefur um allmörg ár hleypt miklu vatni niður hinn gamla farveg árinnar. Magnið er nógu mikið til að standa undir verulegri seiðaframleiðslu á fornum óðulum stórurriðans í efri hluta árinnar. Urriði er þegar tekinn að leita undir botnlokur stíflunnar, en kemst ekki til baka upp í Þingvallavatn, stórir fiskar laskast á tálknbörðum þegar þeir troða sér undir þær, og seiði, sem hugsanlega klekjast út við núverandi aðstæður, komast ekki heldur upp í vatnið," segir Össur í greinargerð tillögunnar. - shá



**KONUNGUR FERSKVATNSFISKANNA** Sú regla hefur verið sett að öllum stangveiddum urriða skal sleppt frá 20. apríl til 1. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TÖFLUR Á FÆRIBANDI** Úr verksmiðju Actavis. MYND/ACTAVIS

Actavis fær Silom Medical:

## Reiddu fram 11,3 milljarða

**BANDARÍKIN** Samheitalyfjafyrirtækið Actavis hefur fest kaup á taílenska lyfjafyrirtækinu Silom Medical með peningagreiðslu upp á 100 milljónir Bandaríkjadala, eða sem svarar 11,3 milljörðum króna.

Silom Medical er eitt af helstu samheitalyfjafyrirtækjum Taílands, að því er fram kemur í tilkynningu Actavis og sér yfir 4.400 sjúkrastofnunum og lyfsölum í landinu fyrir yfir 25 lyfjum í margvíslegu formi.

Með kaupunum er Actavis þegar á meðal fimm helstu samheitalyfjaframleiðenda Taílands og leiðandi í framleiðslu augnlyfja og lyfja vegna öndunarsjúkdóma. - óká

**SAMGÖNGUR**

### Fyrsta flugsins minnst

Í tilefni þess að í sumar eru 90 ár eru frá því Erik Nelson flaug fyrstur til Íslands 2. ágúst 1924 stefnir bæjarráð Hornafjarðar að flutningi minnisvarða um flug Nelsons á Óslandshæð þar sem gott útsýni er yfir lendingarstaðinn.

# Hefur risið 15 sentímetra

Sveitarfélagið Hornafjörður stendur 15 sentímetrum hærra en það gerði árið 1997. Ástæðan er bráðnun Vatnajökuls. Súrnun sjávar gæti fljótlega orðið helsta áhyggjuefnið vegna hlýnunar jarðar af völdum loftslagsbreytinga.

**NÁTTÚRA** Höfn í Hornafirði stendur nú 15 sentímetrum hærra en bærinn gerði árið 1997, en ástæðan er minna farg af bráðnandi jökulþekju. Súrnun sjávar mun taka yfir sem helsta rannsóknar- og áhyggjuefni manna vegna hlýnunar jarðar af völdum loftslagsbreytinga.

Þetta kom fram í máli Halldórs Björnssonar, verkefnisstjóra loftslagsrannsókna, á ársfundi Veðurstofu Íslands sem haldinn var á dögunum. Hann sagði að þegar væri súrnun sjávar tekin að hafa áhrif á efnahag í einstökum ríkjum og hún væri verulegt áhyggjuefni.

Halldór reifaði helstu breytingar sem hér verða ef spár ganga eftir. Jöklar munu hopa enn frekar, og eftir öld eða tvær munu aðeins finnast hér fjallajöklar. Afrennsli jökuláa mun því breytast mikið og tækifæri til raforkuvinnslu aukast um 20% um tíma, ef raforkukerfi verða hönnuð til þess að nýta það vatn sem til fellur.

Landið mun grænka með hlýnun; skógarmörk færast ofar og sjálfsprottnir skógar verða algengari. Afrakstur ræktarlands verður meiri. Samsetning flökkustofna fugla og fiska mun breytast hér á landi; fuglar leita til landsins á meðan aðrir víkja sem kjósa kaldara loftslag. Gengd síldar, loðnu og makríls eru þekkt dæmi og breytingar halda áfram.

Aðrar breytingar eru hins vegar óvæntari og ekki eins vel kynntar. Höfn í Hornafirði stendur til dæmis 15 sentímetrum hærra en bærinn gerði árið 1997.



**GRÍMSVATNAGOS 2011** Grímsvötn undir Vatnajökli eru virkasta eldstöð landsins og hafa að öllum líkindum gosið oftar en hundrað sinnum frá landnámi og 13 sinnum frá aldamótum 1900. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL



**HALLDÓR BJÖRNSSON**

„Það sem gerist þegar jöklar hopa og þynnast er að þá lyftist jarðskorpan þegar fargið minnkar. […] Suðausturströndin er að lyftast mjög mikið," sagði Halldór sem sýndi gögn þar sem sést að jörð rís á svæðinu um 0,8 til 1,4 sentímetra á ári vegna bráðnunarinnar og verður það rakið beint til Vatnajökuls.

Halldór vék að því að losun koltvísýrings mun vera um tíu gígatonn á ári, en árið 1990, þegar hinn frægi Kyoto-sáttmáli var undirritaður, var losunin um sex gígatonn. Iðnríkin hafa að mestu staðið við það að auka ekki losun, en aukningin kemur mest öll frá þróunarríkjum og þá vegna kolabruna. Í Kína, ekki síst, eru byggð kolaraforkuver í stórum stíl, og losun frá kolabruna vex um 2,8% á ári um þessar mundir. Notkun og tækninýjungar við vinnslu jarðgass hafa haft þau áhrif að kolabruni iðnríkja dregst saman.

svavar@frettabladid.is

### Bráðnun jökla eykur eldvirkni

Íslenskir jarðvísindamenn hafa um langt skeið rannsakað og birt niðurstöður sínar um bráðnun jökla – og þá ekki síst varðandi Vatnajökul. Niðurstöður þeirra sýna:

- Vatnajökull er 8.000 ferkílómetrar að flatarmáli og að meðaltali um 400 metra þykkur. Rúmmál hans er ríflega 3.000 rúmkílómetrar og þyngdin rúmlega 3.000 milljarður tonna.
- Áætlað er að þegar jökullinn hefur hopað allur muni land undir honum miðjum rísa um rúma 100 metra, en allt að 20 metra við Höfn í Hornafirði.
- Fargléttirinn við bráðnun jökulsins mun stórauka eldvirkni enda á þá kvikan greiðari leið upp á yfirborðið.


**Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu**




**Vesturland**

**Bílver**
Innnesvegi 1 · 300 Akranes
Sími 431 1985

**Vélabær**
Bæ · 311 Andakílshreppur
Sími 435 1252

**Bifreiðaþjónusta Harðar**
Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes
Sími 437 1192

**Kristinn Reynisson**
Nýjabæ Bæjarsveit · 311 Borgarnes
Sími 4351232

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is


Ný stofnun tæki við verkefnum Barnaverndar:

## Flókið að hafa tvíþætt hlutverk

**VELFERÐARMÁL** Framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Reykjavíkur, Halldóra Gunnarsdóttir, fagnar umræðu um eftirlit ríkisins með félagslegum verkefnum sveitarstjórna.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hyggst Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra skoða möguleikann á stofnun nýrrar stjórnsýslustofnunar sem myndi sinna verkefnum ríkisins á sviði félagsmála og barnaverndar. Einnig myndi stofnunin hafa eftirlitshlutverk með verkefnum sveitarfélaga.

„Þetta er sérstaklega jákvætt vegna tvíþætts hlutverks Barnaverndarstofu í þessum málum. Stofnunin sér um ráðgjöf til barnaverndarnefnda en hefur á sama tíma eftirlit með störfum þeirra," segir Halldóra.

Hún segir að það geti verið flókið fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda að fá alvarlegar athugasemdir fyrir hádegi en leita svo til sama aðila eftir stuðningi eftir hádegi. Þannig hafi staðan verið frá stofnun Barnaverndarstofu.

„Mitt mat er að vænlegra sé til árangurs að Barnaverndarstofa einbeiti sér að ráðgefandi hlutverki," segir Halldóra. - ebg



**HALLDÓRA GUNNARSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Reykjavíkur tekur undir þá skoðun að færa eftirlitshlutverkið úr höndum Barnaverndarstofu.

# DEBENHAMS

# VOR ÚTSALAN

## ENN MEIRI LÆKKUN

Allt að

# 70%

AFSLÁTTUR

**20%** afsláttur af öllum kjólum*

*Gerðu lífið skemmtilegra*

*GILDIR ÚT MÁNUDAG, 7. APRÍL

Finndu okkur á facebook

**Opið** til kl. 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

FANGELSISMÁL




**VARÐSTJÓRINN** Einar Andrésson, varðstjóri í Kvennafangelsinu, segir að blöndun karla og kvenna í fangelsum sé óæskileg.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KARLAR Í KVENNAFANGELSI**

**Hingað koma konur sem hafa upplifað allan fjandann af hendi alls konar karla áður en þær koma í fangelsið.**

**TAKA FYRSTU SKREFIN**

**Börnin hafa dvalið hér síðan þau voru mjög ung, og jafnvel frá fæðingu. Við starfsmenn bindumst þeim eðlilega miklum tilfinningaböndum.**

**LAKUR AÐBÚNAÐUR**

**Það er beinlínis hættulegt að hafa fangelsi á þremur hæðum með aðeins tvo fangaverði á vakt hverju sinni.**

*Einar Andrésson varðstjóri*

# Fangelsi enginn staður fyrir börn

Kvennafangelsið í Kópavogi er ekki bara fyrir konur. Þar eru nú fimm karlar og sex konur vistuð en oft hafa konurnar verið færri en karlarnir. Ekki tíðkast að karlar hafi ung börn sín með sér í fangelsum en mörg dæmi eru um að ungbörn hafi dvalið með mæðrum sínum í fangelsi. Sum börnin dvelja í fangelsinu í nokkra mánuði og dæmi er um að barn hafi gengið í leikskóla við hlið fangelsisins.

**Snærós Sindradóttir**
snaeros@frettabladid.is



*Orðsending til fanga í Kópavogsfangelsi*
*Verði áframhald á því að reka þurfi karlfanga út af kvennaklefum eða kvenfanga út af karlaklefum, þá mun það leiða til skriflegra áminninga eða annarra agaviðurlaga og síðan til flutnings viðkomandi karlfanga úr Kópavogsfangelsi á Litla-Hraun. Það verður ekki liðið áfram að fangar í fangelsinu brjóti ítrekað þessa meginreglu.*

Útprentað blað með þessum skýru skilaboðum hangir við inngang „kvennagangsins“ í Kópavogsfangelsi. Við erum stödd á efstu hæð þess húss sem eitt sinn hýsti Unglingaheimili ríkisins en hefur gegnt hlutverki eina kvennafangelsis Íslands í 25 ár. Gangurinn líkist frekar heimavist en fangelsi, það eru engar lúgur á rammgerðum járnhurðum eins og sjást í kvikmyndum og fangarnir ganga lúnir um með tannburstann sinn í morgunsárið. Mér líði eins og ég væri stödd í sumarbúðum ef ekki væri fyrir það að heimsókn minni í fangelsið er tekið með flóttalegum augum og það er engin hress hrokkinhærð kona að vekja fangana með kristilegu glamri á gítar. Ég er meðvituð um að ég sé að ryðjast inn á þeirra allra heilagasta, hnýsast þar sem ég á ekki að vera að hnýsast.

### Karlar í kvennafangelsi

Það er lýsandi fyrir Kvennafangelsið í Kópavogi að fyrsti fanginn sem við sjáum er húðflúraður karl. Hann er einn af fimm körlum sem dvelja í fangelsinu nú um stundir en sex konur eru í fangelsinu. Hlutfall kvenna og karla í fangelsinu er breytilegt en oftar en ekki eru karlarnir fleiri en konurnar. Nú er beðið eftir einum fanga til viðbótar. Karlarnir ganga kokhraustari um fangelsið. Þeir eru til í að spjalla og hafa ekki áhyggjur af blaðamanni og ljósmyndara sem eru komnir til að skoða fangelsið og allan aðbúnað. Heimsókn okkar hefur engin áhrif á þá.

### Engir englar í hörðum heimi

Einar Andrésson, varðstjóri í Kvennafangelsinu, segir að blöndun karla og kvenna í fangelsum sé óæskileg. „Hingað koma konur sem hafa upplifað allan fjandann af hendi alls konar karla áður en þær koma í fangelsið. Svo eru þær lokaðar inni með nákvæmlega sömu týpum hér.“ Þeir karlar sem eru sendir til dvalar í kvennafangelsið eru valdir sérstaklega. Þeir eiga ekki mjög langt eftir af fangelsisvistinni og hafa ekki verið dæmdir fyrir kynferðisbrot. „En þetta eru engir englar,“ segir Einar. „Þeir hafa hrærst í sama heimi og þessar konur og þar hefur ýmislegt gengið á.“

Enginn aðskilnaður er í fangelsinu enda býður húsnæðið einfaldlega ekki upp á það. Hinn svokallaði „kvennagangur“ er ekki bannsvæði fyrir karla en körlum og konum er óheimilt að loka sig af hvorum á klefum annarra. „Þegar fólk er tekið úr harðri neyslu og lokað inni getur það verið mjög tilfinningalega opið. Það er eiginlega allt galopið. En við reynum að vera vakandi fyrir samdrætti fanganna og sendum karlana þá burt ef slíkt er að eiga sér stað,“ segir Einar.

### Nurla saman fyrir tóbaki

Karlar og konur vinna saman að þeim verkefnum sem í boði eru en tímakaupið í Kvennafangelsinu er 380 krónur. Laun í öðrum fangelsum geta verið hærri, eða allt upp að 415 krónum, því þar er í boði fjölbreyttari vinna sem gefur meira í aðra hönd.

Þennan morguninn sitja þrír karlar og ein kona við að líma ráðstefnumöppur fyrir Íslenska erfðagreiningu. „Við erum að gera þetta fyrir hann Kára,“ segir fangi og skellir upp úr. „Við söfnum laununum saman til að eiga fyrir sígarettum og nammi.“ Hann reykir rúllutóbak og segir að hann hafi kannski efni á einum poka á viku.

Verkefni fanganna eru margvísleg og þau sýna mér sætuefni sem þau hafa verið að sjá um að pakka sem og barmmerkjavélar sem ég ímynda mér að hafi nýst vel í kosningabaráttum síðastliðinna ára. „Við fáum tilboð frá fyrirtækjum um að taka að okkur verkefni,“ segir Einar varðstjóri. „Vinnan verður að vera tiltölulega auðveld og henta okkar aðstöðu.“

### Verkfallið hefur víðtæk áhrif

Föngum ber skylda til að vinna hálfan vinnudag en þeir geta stundað nám sem kemur þá á móti vinnuskyldunni. Námið fer fram við Menntaskólann í Kópavogi en hefur legið niðri síðastliðnar þrjár vikur vegna verkfalls kennara. Sú staða er uppi í öllum fangelsum landsins. „Námið er gríðarlega mikilvægt. Ekki bara þekkingin sem fæst með því heldur stoltið. Það er gott fyrir þau að geta barið sér á brjóst og sagt „ég kláraði þetta“ því þetta eru oftast einstaklingar sem kerfið hefur alveg brugðist. Þau þurfa að finna að hér hafi einhver tíma og þolinmæði til að standa með þeim í gegnum námið og finna að þau geta þetta alveg,“ segir Andrés. „Aðstaðan okkar hentar ekki til stórræða en við getum vel tekið að okkur ýmiss konar smærri verkefni, svo sem við að merkja póst sem á að fara til sendingar. Við vinnum bæði hratt og örugglega,“ segir Einar. Fangarnir bera honum vel söguna og segja að hann vinni til jafns við þá þegar tími gefst til. Þau virðast Einari þakklát og hann gerir sitt besta til að vera vinur þeirra.

### Taka fyrstu skrefin í fangelsi

Kvennafangelsið í Kópavogi er í miðri íbúðabyggð. Við hlið fangelsisins er leikskóli og það glymur í börnum í útivist inn í fangelsið. „Það var hér einu sinni barn í tvö ár. Móðirin sat inni í tvö og hálft ár og var ólétt þegar hún kom í fangelsið,“ segir Einar. Móðirin fékk leyfi til að fylgja barninu sínu á leikskólann á hverjum degi og svo sneri hún aftur til baka í fangelsið. „Fangelsi er enginn staður fyrir börn. Við viljum helst ekki hafa börn hér inni,“ segir Einar en bætir við að barnaverndarnefnd fylgist mjög vel með þeim börnum sem dvelja í fangelsinu en hann áætlar að um tuttugu börn hafi dvalið í lengri eða skemmri tíma í fangelsinu. „Dínamíkin hérna breytist samt um leið og það er barn í húsinu. Það tipla allir á tánum og sýna sína bestu hegðun.“ Hann segir að þrátt fyrir að starfsmenn viti að fangelsi sé ekki góður staður fyrir börn að alast upp á, þá sé erfitt að kveðja þau. „Börnin hafa dvalið hér síðan þau voru mjög ung, og jafnvel frá fæðingu. Við starfsmenn bindumst þeim eðlilega miklum tilfinningaböndum. Það er ekki langt síðan héðan fór lítill strákur sem var hvers manns hugljúfi og það var virkilega erfitt að segja bless við hann.“

### Nýtt fangelsi verður bylting

Húsakostur Kvennafangelsisins hefur verið gagnrýndur og þykir mjög ófullnægjandi. „Við teljum niður dagana þar til við komumst á Hólmsheiði,“ segir varðstjórinn á meðan hann sýnir mér stiga fangelsisins. „Það er beinlínis hættulegt að hafa fangelsi á þremur hæðum með aðeins tvo fangaverði á vakt hverju sinni.“ Beðið hefur verið eftir nýju öryggisfangelsi í mörg ár en fyrsta skóflustungan að fangelsi á Hólmsheiði var loks tekin fyrir sléttu ári. Þar munu konur hafa séraðstöðu og þurfa ekki að blandast körlunum í sama mæli og nú er óhjákvæmilegt.

### Læknisaðstoð í kústaskápnum

Samkvæmt lögum skal föngum boðin sambærileg heilbrigðisþjónusta og almennt gildir í landinu. Heilbrigðisaðstaða Kvennafangelsins er þó kölluð kústaskápurinn og er það um margt réttnefni. Um ræðir litla stofu sem er inn af draslaralegri geymslu. „Þetta er auðvitað ekki í lagi, en þetta var eina herbergi hússins sem hentaði svo ekki væri hægt að komast í lyfjaskápinn,“ segir Einar. Kústaskápurinn er lítið gluggalaust herbergi í kjallara hússins. Einar segir mér að lofthæð herbergisins sé ólögleg og bendir á snúrur í einu horninu. „Hér er í raun allt öryggiskerfi fangelsisins, allar símalínur, internet og rafmagnið. Það er ekki gott að þurfa að hafa þetta svona.“

Líkamsræktaraðstaða fanga er jafnframt úr sér gengin. „Þetta er svo gamalt að það er teipað saman,“ segir Einar og bendir á skíðavél í einu horninu. Á gólfinu standa fjórar stórar gosflöskur sem límdar hafa verið saman. Öll laus lóð eru bönnuð í fangelsum landsins en það er ljóst af búnaðinum að fangarnir deyja ekki ráðalausir. „Við fjarlægjum þetta nú venjulega samdægurs, en þeir hafa gleymt þessu hér í gær,“ segir Einar.

### „Vinirnir“ koma með dópið

Heimsóknarrými fangelsisins er jafnframt í kjallara byggingarinnar. Aðstandendur fanga geta komið í svokallaða snertiheimsókn en þá er heimsóknin eftirlitslaus í tvær klukkustundir. Jafnframt er þar aðstaða til að ræða saman á bak við gler. „Við notum glerið þegar vinir fanga eru kannski að koma í fyrsta skipti, svona á meðan við

# KÚSTASKÁPAR OG GLERBÚR



**KÚSTA-SKÁPURINN** Hér sést læknastofan í Kvennafangelsinu. Snúrurnar að öllu rafmagnstengdu eru við veggin, yfir sjúkrarúminu. MYND/GVA



**KÓPAVOGS-FANGELSI** Í garðinum er nýleg skjólgirðing sem kemur í veg fyrir að fangarnir sjáist í útivistinni. Í garðinum er einnig matjurtagarður.



**GLERIÐ** Við þessar aðstæður ræða fangar við gesti í fyrsta sinn sem þeir koma. Þannig hefur tekist að koma í veg fyrir fíkniefnainnflutning.

erum enn að átta okkur á viðkomandi.“ Einar segir að með þeim hætti hafi tekist að koma í veg fyrir eiturlyfjainnflutning sem annars hefði átt sér stað. „Svokallaðir vinir sem eru kannski bara komnir til að færa föngum dóp láta ekki sjá sig aftur ef fyrsta heimsókn er bara á bak við gler og spjallið fer fram í gegnum síma.“ Einar segir þó að síminn sem nýttur er í heimsóknarviðtölin sé ekki hleraður af fangelsinu. Um er að ræða beina línu þar sem allt er rætt án afskipta fangelsisins.

**Glápa í gegnum girðinguna**

Vegna staðsetningar Kópavogsfangelsis eru fangar berskjaldaðir fyrir forvitnum augum þegar þeir fara í útivist. Fyrir nokkrum árum var brugðist við þessu með því að klæða vírgirðinguna með strigapokum. „Það er eiginlega eina skiptið sem við höfum fengið kvartanir frá nágrönnum okkar. Pokarnir slógust í girðinguna og voru ekki mikil prýði,“ segir Einar. Pokarnir voru því fjarlægðir aftur. Í fyrra var reistur skjólveggur innan girðingarinnar sem dugir til að gefa föngunum nokkurra fermetra svæði án þess að þeir sjáist. „Hann Ögmundur lét gera þetta,“ segir Einar, en ég furða mig þó á að nýja girðingin hafi ekki verið látin ná út að jöðrum lóðarinnar svo föngum bjóðist stærra pláss án þess að þekkjast. „Þetta snýst allt um peninga. Þessi kostaði örugglega milljón og þeir tímdu ekki meiru í fangelsið.“

**Mega ekki hringja í fjölmiðla**

Samkvæmt tilkynningu við þá síma sem fangelsið hefur til afnota er föngum óheimilt að hringja í fjölmiðla, lögreglu og önnur fangelsi. Einnig er þeim óheimilt að hringja í dómstóla, ráðuneyti eða Fangelsismálastofnun. Símtöl við þessa aðila þurfa að fara fram með sérstöku leyfi varðstjóra.

Fangi sem segist losna út eftir níu daga hefur greinilega setið á einhverri sögu því hann tekur niður vinnunúmerið mitt og vill fá að hringja inn frétt þegar hann losnar út. Hann segist hafa frá ýmsu að segja.

**Miklu betra en Litla-Hraun**

Karlkynsfangar hafa yfirleitt dvalið í öðrum fangelsum og verið færðir í Kvennafangelsið þegar þeir hafa sýnt af sér góða hegðun. Aðspurðir segja þeir að Kópavogsfangelsi sé það besta sem þeir þekkja. „Það er best að vera hjá Einari,“ segja fangarnir. „Þetta er miklu betra en Hraunið.“ En staðan er önnur fyrir konurnar í fangelsinu. Þær hafa ekki tækifæri á tilfærslu og ef kona hlýtur fangelsisdóm á Íslandi býðst henni ekki að skipta fangelsisvistinni niður á mismunandi fangelsi. Þær þekkja ekkert annað en veggi Kvennafangelsisins. Í 25 ár hefur þessi staða verið uppi í Kvennafangelsinu og oft borið við að svo fáir kvenfangar séu á Íslandi að vandi þeirra sé ekki aðkallandi. „Ég held að dómstólar séu oft meðvirkir með konum sem fremja glæpi,“ segir Einar að lokum. „Bæði vegna þess að þær þurfa oftar að sjá um mjög ung börn, en líka vegna þess að hér er allt blandað. Allar konur koma hingað inn, hvort sem þær fremja ofbeldisbrot eða fjárdrátt. Það er bara ekkert annað í boði.“








## Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. verður haldinn 29. apríl 2014

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, þriðjudaginn 29. apríl 2014 og hefst stundvíslega kl. 16.00.

**Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár með athugasemdum endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varasjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið stjorn@sjova.is.

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir.

Atkvæðagreiðslur á aðalfundinum verða ekki skriflegar nema ef einhver fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef fleiri eru í kjöri til stjórnar en kjósa skal. Kveðið er nánar á um stjórnarkjör í samþykktum félagsins en kosið er eftir hlutfallskosningu. Athygli er þó vakin á ákvæðum samþykkta um hlutfall kynja í stjórn félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist félaginu a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Hluthafar geta jafnframt vitjað atkvæðaseðla í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og mætt er fyrir helming hlutafjár í félaginu. Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar á vefsíðunni www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á.m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsíðu félagsins www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir og liggja frammi á skrifstofu þess í Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15.30 á aðalfundardag. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 3. apríl 2014
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0884




LG
TILKOMUMIKIL UPPGÖTVUN
Í þúsundir ára hló fólk af hugmyndinni að jörðin væri kringlótt. Þangað til að vísindamenn gáfu okkur nýja sýn og breyttu heiminum að eilífu. Nú er kominn tími til að breyta aftur um sjónarhorn. Með nýja bogna OLED sjónvarpinu frá LG fást ótrúleg myndgæði og upplifunin er engu lík. Nýtt viðmið í sjónvarpsupplifun. Sjónvarpsmiðstöðin Síðumúla.
When it's all possible, life's good.
LG
Life's Good

Hraðakstur flutningabíla:

# Leirtau brotnar á heimili í Vík

**UMHVERFISMÁL** Tveir íbúar á Austurvegi í Vík í Mýrdal segja svo mikinn titring vegna hraðaksturs flutningabíla fram hjá heimili þeirra að komið hafi fyrir að leirtau brotni í glerskáp. Eins sé farið að bera á sprungum í húsinu.

Kom fram á sveitarstjórnarfundi þar sem málið var rætt að sveitarstjórinn hefði ítrekað rætt við Vegagerðina án þess að úrbætur hefðu verið gerðar. Óþægindin segja íbúarnir vera sérlega slæm eftir klukkan 21 á kvöldin. **- gar**

Bandaríkin íhuga að láta njósnara lausan til að liðka fyrir viðræðum Ísraela og Palestínumanna:

# Pollard hefur setið þrjátíu ár í fangelsi

**BANDARÍKIN, AP** Fyrir þrjátíu árum var Bandaríkjamaðurinn Jonathan Pollard dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir að hafa afhent Ísraelum bandarísk ríkisleyndarmál.

Bandarískir ráðamenn hafa aldrei mátt heyra á það minnst að láta hann lausan. Þegar Bill Clinton forseti vakti eitt sinn máls á því að hugsanlega væri hann til í að náða Pollard, þá hótaði yfirmaður leyniþjónustunnar CIA að segja af sér.

Nú virðist þó sem John Kerry utanríkisráðherra, og væntanlega Barack Obama forseti þá líka, séu í alvöru að skoða þann möguleika að láta Pollard lausan, en í staðinn þurfi þá Ísraelar að fallast á að halda viðræðum áfram við Palestínumenn.

„Það er ekkert samkomulag, sem stendur, um eitt eða neitt,“ sagði Kerry á þriðjudaginn, stuttu áður en hann hélt til Ísraels til að reyna að starta viðræðum á ný.

Svo virðist sem Bandaríkjastjórn taki töluverða áhættu með því að ljá máls á því að láta Pollard lausan.

➜ Þegar Bill Clinton forseti vakti eitt sinn máls á því að hugsanlega væri hann til í að náða Pollard, þá hótaði yfirmaður leyniþjónustunnar CIA að segja af sér.

Verði það til þess að friðarsamningar takist, þá standa bandarískir ráðamenn að vísu uppi með pálmann í höndunum. **- gb**



**JONATHAN POLLARD** Bandaríkjamaðurinn sem afhenti Ísraelum bandarísk ríkisleyndarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SENDINGIN MÓTTEKIN** Gunnar Jónsson afhendir fartölvurnar til sendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Francisca í Bónus fær senda gjöf til fjölskyldu sinnar:

# Fartölvur til Sambíu

**SAMFÉLAG** Francisca Mwansa, oft kennd við Bónus á Fiskislóð, á von á rúmlega tuttugu fartölvum til Sambíu þar sem hún er stödd í vetrarfríi.

Í ljósi sterkra viðbragða við fartölvusöfnun fyrir þessa hressu afgreiðslukonu ákváðu Alda Sigmundsdóttir og Ása Jóhannsdóttir að safna sem flestum tölvum fyrir fjölskyldu Franciscu og börn í Sambíu í samvinnu við Tölvulistann.

„Við viljum þakka öllu því góða fólki sem hefur gefið fartölvu í söfnunina um allt land. Framlag þess mun reynast þessum börnum og fjölskyldumeðlimum Franciscu ómetanlegt,“ sagði Gunnar Jónsson, markaðsstjóri Tölvulistans.

Francisca er nú stödd í vetrarfríi í Sambíu og mun taka við tölvunum og koma þeim í réttar hendur á heimaslóðum sínum. DHL Express á Íslandi bauðst til að senda þær án endurgjalds.

Francisca segist hlakka mikið til að fara til fjölskyldu sinnar og afhenda tölvurnar. **- ktd**

LS

**Verðtryggð skuldabréf**
**Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150434**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 28. mars 2013 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 4. apríl 2014 er 540.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins er þá 14.774.352.565 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. apríl og 15. október ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 2012 og í síðasta sinn 15. apríl 2034. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150434 og ISIN númer IS0000020691.

Reykjavík, 3. Apríl 2014.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

## HELSTU ÁHRIF LOFTSLAGSBREYTINGA

Í nýjustu stöðuskýrslu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna segir að takist ríkjum heims ekki að draga nægilega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, þá megi búast við að ýmsar hættulegustu afleiðingar hlýnunar verði óviðráðanlegar.




**Á náttúrufar**
- Jöklar, ís og snjór
- Ár, vötn, flóð og þurrkar
- Strandrof og áhrif á yfirborð sjávar

**Á lífkerfi**
- Vistkerfi á landi
- Gróðureldar
- Vistkerfi í sjó

**Á mannlíf og samfélag**
- Matvælaframleiðsla
- Lífsviðurværi, heilsufar og efnahagur
- Áhrif á heila heimshluta

# Ólíklegt að dregið verði úr olíunotkun

Olíufyrirtæki telur nánast engar líkur á því að ríki heims muni koma sér saman um að draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis, þrátt fyrir nokkuð almenna vitneskju um afleiðingarnar. Loftslagsnefnd SÞ segir að enginn verði óhultur.

**UMHVERFI, AP** Á mánudaginn, sama daginn og loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna kynnti nýjustu stöðuskýrslu sína, efndi bandaríska olíufélagið Exxon til málþings um umhverfismál.

Þar kom fram að stjórnendur og sérfræðingar fyrirtækisins telji afar ólíklegt að ríki heims komi sér saman um að draga verulega úr notkun á jarðefnaeldsneytum, jafnvel þótt almennt sé orðið viðurkennt að notkun jarðefnaeldsneyta valdi loftslagsbreytingum og þeim fylgi margvísleg óæskileg áhrif.

„Við erum með fullnægjandi þekkingu á því, og hún er byggð á rannsóknum og vísindum, að hættan á loftslagsbreytingum er raunveruleg og að grípa þyrfti til viðeigandi ráðstafana til að taka á þeirri hættu,“ sagði Ken Conhen, einn yfirmanna Exxon. „En þegar litið er til þess hve nauðsynleg orka er fyrir líf okkar allra, þá þurfa þessar ráðstafanir að miðast við aðrar þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir, svo sem að losa stóran hluta mannkyns undan fátækt.“

Exxon, sem er eitt af stærstu olíufyrirtækjum heims, spáir því að losun koltvísýrings muni ná hámarki í kringum árið 2030 en síðan muni smám saman draga úr losuninni eftir því sem mannkynið nær betri tökum á öðrum orkugjöfum og komist af með minna af kolefni í eldsneyti.

Þessi spá er á svipuðum nótum og spá loftslagsnefndarinnar.

Í skýrslu loftslagsnefndarinnar segir að hvergi á jörðinni verði neinn óhultur fyrir afleiðingum hlýnunar jarðarinnar. Yfirlit yfir helstu breytingarnar, sem búast má við, er að sjá á kortinu hér að ofan.

Í Evrópu má meðal annars búast við því að hitabylgjur og vatnsflóð verði algengari og erfiðari viðureignar. Þetta muni reyna verulega á grunnstoðir samfélagsins.

gudsteinn@frettabladid.is



**FLÓÐ** Búast má við að hitabylgjur og vatnsflóð verði algengari. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Kynntu þér endalaust tal og sms á www.siminn.is

**Fjölskyldukort**
Viðskiptavinir með **Endalaust Snjall 500 MB, 1 GB eða 3 GB,** geta bætt við aukakortum fyrir fjölskylduna þar sem fjölskyldan deilir gagnamagni.

Fjölskyldukort með endalausu tali og SMS á aðeins **2.990 kr. á mánuði.**

Gagnakort í spjaldtölvur **490 kr. á mánuði.**

**Þrjár í boði:**

| ENDALAUST TAL OG SMS | ENDALAUST TAL OG SMS | ENDALAUST TAL OG SMS |
|---|---|---|
| 5.990 kr. | 6.990 kr. | 8.990 kr. |
| 500 MB | 1 GB | 3 GB |

**Fjölskyldukort á 2.290 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM61957

# 9 mánaða börn skynja spennuna

Níu mánaða gömul börn skynja spennu milli foreldra sinna, að því er rannsókn vísindamanna við háskólann í Chicago í Bandaríkjunum sýnir. Þeir létu börn horfa á skjá þar sem gott jafnvægi var á milli tveggja fullorðinna einstaklinga. Þegar einstaklingarnir sneru baki hvor í annan horfðu börnin lengur á skjáinn.

Það er mat vísindamannanna að börnin hafi orðið undrandi og að þau hafi verið meðvituð um hvort einstaklingarnir hafi verið vinir eða ekki. - ibs

# Hrökkbrauð mettar betur en hvítt brauð



HRÖKKBRAUÐ Ef rúgur er í hrökkbrauðinu mettar það vel.

Hrökkbrauð með rúg í mettar betur en mjúkt hveitibrauð. Þetta er niðurstaða rannsóknar vísindamanna við landbúnaðarháskóla Svíþjóðar. Aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós að trefjaríkt rúgbrauð mettar betur en hvítt hveitibrauð. Þar sem Svíar borða mikið af heilkornahrökkbrauði með rúg í vildu vísindamennirnir kanna áhrifin af neyslu þess.

Lokaniðurstaða rannsóknarinnar var sú að seddutilfinning þeirra sem borðuðu rúghrökkbrauð var 20 til 30 prósentum meiri eftir fjórar klukkustundir en hjá þeim sem borðuðu hvítt hveitibrauð. - ibs

# Konur þola 30% minna af áfengi

Konur þola um það bil 30 prósentum minna af áfengi en karlar, það er að segja þær þurfa minna magn til að verða drukknar, að því er kemur fram á vef Landlæknis.

Þar segir jafnframt að áfengisneysla geti haft áhrif á myndun brjóstakrabbameins hjá konum og að líkurnar aukist í hlutfalli við magn áfengis sem neytt er. Óhófleg neysla á áfengi, það er meira en tveir drykkir á dag, auka líkurnar á myndun brjóstakrabbameins um 30 prósent. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða bjór, vín eða sterkt áfengi.

Auk þess að hafa áhrif á myndun brjóstakrabbameins hefur áfengi áhrif á myndun krabbameins í meltingarvegi, allt frá munnholi niður í þarma. - ibs



ÁFENGI Óhófleg neysla á áfengi eykur líkurnar á myndun brjóstakrabbameins.




VINÁTTA Danska forvarnaverkið Fri for mobberi mun bera nafnið Vinátta á Íslandi.

Samvinna Barnaheilla og sveitarfélaga:

# Forvarnavinna gegn einelti í leikskólum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa undirritað samstarfssamning við Mary Fonden og systrasamtök sín í Danmörku um notkun á námsefninu Fri for mobberi. Um er að ræða fornvarnaverkefni gegn einelti í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla. Á Íslandi mun verkefnið bera nafnið Vinátta.

Í frétt á vef Barnaheilla segir að mikil ánægja sé með verkefnið þar sem það er notað og að rannsóknir í Danmörku hafi sýnt mjög góðan árangur af notkun þess. Gert er ráð fyrir samstarfi við háskóla á Íslandi um rannsóknir á árangri verkefnisins hér á landi.

Sex leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum taka þátt í tilraunavinnu með verkefnið veturinn 2014 til 2015. Barnaheill vinna nú að því að afla fjár til að geta staðið straum af framleiðslu og dreifingu á efninu til að allir leikskólar og sveitarfélög hér á landi geti í framtíðinni notið góðs af. - ibs

LS

**Verðtryggð skuldabréf**
**Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 28. mars 2014 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 4. apríl 2014 er 110.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 31.789.500.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 3. apríl 2014.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.



SNÚSAÐ Þeir sem eiga erfitt með að koma sér á fætur á morgnana ættu að fara fyrr í háttinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þú verður syfjaðri af því að snúsa

Best er að koma sér upp föstum svefnvenjum í stað þess að berjast við vekjaraklukkuna á hverjum morgni. Réttur svefn fæst ekki þegar maður er vakinn.

Þótt það sé orðið bjartara fyrr á morgnana getur verið erfitt að venja sig af því að snúsa, það er að segja að láta vekjaraklukkuna hringja aftur og aftur. Þessi venja getur hins vegar haft þær afleiðingar að maður verður enn þreyttari, að því er segir á danska vísindavefnum videnskab.dk.

Þar segir að í stað þess að berjast við vekjaraklukkuna á hverjum morgni sé ráðlegt að koma sér upp föstum venjum eins og að vakna á sama tíma alla daga.

Svefninn verði slitróttur þegar menn snúsa. Sé farið seint að sofa aukist líkurnar á að menn þurfi að vakna af djúpum svefni á morgnana. Best sé að fá nægan svefn. Þá vakni menn af léttara svefnstigi á morgnana og þá verði auðveldara að fara á fætur. Á léttara svefnstiginu leysast úr læðingi hormón eins og dópamín og kortísól sem búa líkamann undir það að fara á fætur.

Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir prófessornum Bjørn Bjorvatn að ráðlegra sé að sofa hálfri klukkustundu lengur, heldur en að láta vekjaraklukkuna hringja aftur og aftur. „Það sem gerist er að maður er vakinn og þá fær maður ekki rétta svefninn sem maður þarfnast eftir það.“

Bjorvatn mælir með því að menn fari fyrr í háttinn eigi þeir erfitt með að koma sér á fætur á morgnana. ibs@frettabladid.is

## 5 RÁÐ TIL AÐ VERÐA A-MANNESKJA

Líkamsklukka þeirra sem eru A-manneskjur, það er að segja þeirra sem fara fyrr að sofa og fyrr á fætur en aðrir, gengur hraðar en hinna. Þetta er haft eftir prófessornum Bjørn Bjorvatn á vef norska ríkisútvarpsins. Hann segir að þótt B-manneskjur geti ekki breytt sér í A-manneskjur að öllu leyti sé þó margt hægt að gera til þess að verða hressari á morgnana. Hér fylgja nokkur ráð prófessorsins:

1 **Breyttu stillingunni á vekjaraklukkunni**
Fyrsta dag „meðferðarinnar“ skaltu ekki nota vekjaraklukku. Hafirðu sofið til klukkan tólf skaltu stilla klukkuna á kl. 11 næsta dag og kl. 10 daginn þar á eftir. Fjórða daginn á að stilla klukkuna 9.30 og þannig á að halda áfram þar til komið er að þeim tíma sem maður vill vakna á. Mikilvægt er að breytingin verði smátt og smátt, annars er hætta á að menn verði enn meiri B-manneskjur.

2 **Gönguferð strax á morgnana**
Farðu í hálfrar klukkustundar gönguferð rétt eftir að þú hefur vaknað. Birtan venur þig á að vera meira vakandi snemma á morgnana.

3 **Ekkert skjáhorf rétt fyrir svefninn**
Hættu að horfa á skjái einni klukkustund áður en þú ferð að sofa þótt þér þyki til dæmis gaman að horfa á sjónvarp á kvöldin.

4 **Enga koffíndrykki eftir kl. 17**
Þeir sem eiga erfitt með að sofna á kvöldin ættu að drekka koffíndrykkina sína fyrri hluta dags.

5 **Ekki leggja þig síðla dags**
Ef þú þarft endilega að leggja þig að deginum skaltu ekki sofa lengur en 10 mínútur. Blundinn ættirðu helst að fá þér fyrir klukkan 17.

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

# VELKOMIN Í THE PIER



Boston
**299.900**

**BOSTON TUNGUSÓFI**
230x296 cm
Svartur og brúnn

Boston
**189.900**

**BOSTON SÓFI**
230 cm // Svartur og brúnn



Púðar frá **1.990**

**30%**



Stóll
**59.900**

Dúkkur **990**



Luktir frá **4.990**



Lyklakippur **390**



Kistur frá **4.990**

Margar stærðir og gerðir



Kertastjakar **390**



Skartgripir frá **790**



Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

DOBÍA.IS

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



**PÁSKAÖL** Þuríður segir dæmi um að vörum sem ekki hafa selst í svokallaðri árstíðabundinni sölu sé hent eins og þessu páskaöli.



**EKKI BARA MATVÖRUR** Dæmi eru um heilar vörur í ruslagámum sem eru ef til vill útlitsgallaðar. Hér má sjá klósettpappír og Þuríður nefnir dæmi um hreinsivörur.



**ÓSKEMMT GRÆNMETI** Um 30 prósentum af mat sem kemur í verslanir er hent. Hér má sjá óskemmda tómata og kartöflur í ruslagámi.

MYNDIR/AÐSENDAR

# Óskemmdum mat hent í tonnatali

Þrjátíu prósentum af matvörum verslana hér á landi er hent í ruslið. Á málþingi í dag verður fjallað um áhrifin sem það hefur á matarverð og umhverfið. Framkvæmdastjóri Bónuss segir allar vörur sem komnar eru nálægt síðasta söludegi afsláttarmerktar og að þannig sé reynt að koma í veg fyrir förgun. Hópur fólks á Íslandi stundar þann lífsstíl „að rusla“ en það eru þeir sem fara í gámana og hirða óskemmdan mat til neyslu.

**MATVÆLI** Í dag fer fram málþing um matarleifar í Norræna húsinu. Tilgangurinn er að vekja athygli á þeirri gríðarlegu verðmætasóun sem á sér stað í matvælaframleiðslu, smásölu og hjá neytendum. Enda hafi sóunin ekki eingöngu áhrif á matvælaverð heldur sé hún einnig mikið umhverfisvandamál.

„Þrjátíu prósentum af mat sem kemur í verslanir hér á landi er hent. Í Evrópu er hent 90 milljónum tonna af mat á ári,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu. „Þetta er matur sem hægt er að borða, oft er hann ekki kominn yfir síðasta söludag. Stundum er það tilfellið en maturinn er samt alls ekki skemmdur.“

Þuríður segir að mögulega séu stórmarkaðir að rýma fyrir nýjum vörum og því sé eldri vörum hent.

„Þetta er mikilvægt málefni út frá umhverfislegum og fjárhagslegum forsendum. Fólk hefur ekki efni á mat en svo er verið að henda honum í tonnatali. Sóunin er gríðarleg. Það er líka fleira í gámunum en matur, til dæmis klósettpappír sem er pínulítið rifinn, hreinsiefni og annað. Öllu er svo hrúgað í sama gáminn og engin flokkun,“ segir Þuríður.

Hún segir forgangsmál hjá Norrænu ráðherranefndinni að taka á þessum vanda, meðal annars með því að samræma aðgerðir og koma upp matarbönkum. Slík tilraun hefur gefist vel í Noregi. „Þá geta verslanir farið með vörurnar sínar í matarbankann og bankinn dreifir til fátækra og heimilislausra, eða býr til súpu úr afgöngunum og býður upp á mat.“

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir Bónus vera með umhverfisstefnu sem unnið er eftir og allt rusl sé flokkað enda sé bæði umhverfis- og fjárhagslegur ávinningur af því.

„Við stefnum líka að því að losa okkur við allar vörur fyrir síðasta söludag með því að afsláttarmerkja þær. Því sem við náum ekki að selja er fargað. Ef ég tek ávexti og grænmeti sem dæmi þá selst ekki varan ef hún lítur illa út jafnvel þótt það sé í góðu lagi með hana. Því höfum við brugðið á það ráð að pakka í 50 króna poka og selja hana þannig. Það sem ekki selst af því fer í lífrænan úrgang.“

Guðmundur segist fagna aukinni umræðu og þeirri vakningu sem á sér stað í samfélaginu. „Ég er tilbúinn að hlusta á hugmyndir um hvernig við getum nýtt þessa matarafganga betur og reynt að takmarka sóun eins og hægt er.“

erlabjorg@frettabladid.is



**Fólk hefur ekki efni á mat en svo er verið að henda honum í tonnatali. Sóunin er gríðarleg.**

*Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu*

## Ruslarar sem hirða mat úr gámum

Björk Hólm Þorsteinsdóttir gerði BA-ritgerð um lífsstíl ruslara, eða þeirra sem safna mat úr gámum og neyta. Hún talaði við átta einstaklinga sem annaðhvort einungis lifðu á að rusla, eins og það er kallað, eða höfðu á einhverjum tímapunkti stundað það mikið.

Hún segir að þegar maður sjái yfirfulla ruslagáma af mat sem ekki er ónýtur og heyri svo um matarskort í heiminum þá sjái maður vel birtingarmynd misskiptingar auðsins í heiminum og talar hún í því samhengi um firringuna í ruslagámnum.

„Allir viðmælendur stunduðu þetta af vali og gerðu ekki af neyð. Það voru pólitísk sjónarmið sem létu þau fara þessa leið og þau vildu takmarka sína þátttöku í neyslusamfélaginu. En þetta er mjög víður og breiður hópur sem stundar þetta á Íslandi og gerir þetta af mismunandi ástæðum,“ segir Björk.

Viðmælendur Bjarkar stunduðu það að rusla helst á nóttinni en það að fara í ruslagám annarra er lögbrot og því best að búðin sé lokuð.

„Flestar búðir eru með lása eða eftirlitsmyndavélar sem vakta gámana. Búðin á ruslið þótt hún sé komin í gáminn. Á síðustu þremur árum hefur öryggisgæslan aukist og virðist vera sem passað sé að fólk komist ekki í ruslið. Maður spyr sig af hverju búðir leggja sig í líma við að hindra fólk að sjá hverju verið er að henda.“








**KYNNIR NÝJUNG** Forritið var að sögn Hálfdáns í þróun í um eitt og hálft ár.
MYND/AÐSEND

Sprotafyrirtækið GoMobile með nýtt snjallforrit:

# Hugbúnaður í farsíma sem safnar inneign

**TÆKNI** Íslenska sprotafyrirtækið GoMobile kynnti í vikunni snjallforrit sem heldur utan um endurgreiðslur vegna viðskipta notenda við 95 fyrirtæki hér á landi. Endurgreiðslurnar verða að inneign sem nota má til að greiða fyrir afþreyingu, þjónustu eða tækjabúnað hjá Símanum.

„Þessi hugbúnaður sem safnar peningum er sá fyrsti sinnar tegundar sem við þekkjum til. Með honum geta neytendur búið til ávinning með viðskiptum við samstarfsfyrirtæki GoMobile,“ segir Hálfdán Steinþórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Hálfdán segir að notendur forritsins fái í flestum tilvikum tíu prósenta endurgreiðslu frá samstarfsfyrirtækjunum. Inneignina má nota hjá Símanum en Hálfdán tekur fram að viðskiptavinir allra fjarskiptafélaganna geti notað forritið.

„Fjarskipti eru orðin svo stór þáttur í lífi okkar, hvort sem það eru bankaviðskipti, afþreying eða kaup á vöru og þjónustu. Öll okkar samskipti fara í gegnum þessi fjarskipti og við förum því að velta því fyrir okkur hvernig við gætum hjálpað fólki að nota lífsstíl sinn, fara út að borða og gera annað sem maður gerir venjulega, til að fjármagna fjarskipti sín.“ - hg


10.990
AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu,rósettur fylgja
Allt fyrir baðherbergið
MÚRBÚÐARVERÐ
11.900
Vitra Slope
NAPOLI hitastýrt sturtusett
29.990
Látúns sturtubarki 1,5m
790
Flísar
Flísalím
Fúgusement
Mikið úrval
Gott verð!
Bidalux BWR sturtusett
13.890
Mistillo MTG sturtusett
14.490
Bidalux BWR sturtusett
3.990
CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
39.990
Náttúrusteins mósaik
MIKIÐ ÚRVAL
3.890
2.290
1.590
2.490
5 lítrar
1.290
1.590
Handlaugar á borð - náttúrusteinn
MIKIÐ ÚRVAL
31.495
6 mm Hert öryggisgler
FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm
34.690
90x90 cm: 36.690
FC 517 Sturtuhorn m. botni 80x80 cm
37.900
Vitra Arkitekt WC
8.990
án setu
Vitra Grand Scandinavia m. setu
23.990
MÚRBÚÐIN
Klettháls 7 Reykjavík
Fuglavík 18 Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Stjórnarformaður bankans segir mótmæli VR engu breyta:

# Þóknun til stjórnar Arion banka stendur

**VIÐSKIPTI** Monica Caneman, stjórnarformaður Arion banka, segir stjórn bankans ekki ætla að draga til baka hækkun á þóknun stjórnarmanna þrátt fyrir mótmæli. VR mótmælti harðlega hækkuninni sem nemur 7 prósentum í bréfi til stjórnarinnar og eigenda í gær.

Á aðalfundi Arion banka þann 20. mars síðastliðinn var samþykkt að þóknun til stjórnarmanna yrði 375.000 á mánuði fyrir almenna stjórnarmenn, 562.500 fyrir varaformann og 750.000 fyrir stjórnarformann. Upphæðir eru tvöfaldaðar í tilviki erlendra stjórnarmanna. Fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka mótmælti þessari launahækkun á aðalfundinum, og jafnframt var ítrekað mikilvægi þess að jafnræðis væri gætt á milli stjórnarmanna hvort sem þeir hafa aðsetur á Íslandi eða ekki. Bæði Landsbankinn og Íslandsbanki ákváðu á sínum aðalfundum að halda þóknunum stjórnarmanna óbreyttum.

Samið var um 2,8 prósenta almenna launahækkun fyrir áramót á vinnumarkaði og VR segir að markmiðið hafi verið að stuðla að auknum kaupmætti launafólks. „Til að ná því markmiði verða allir að sitja við sama borð, líka stjórnir fjármálafyrirtækja,“ segir í bréfi VR og jafnframt að launahækkun Arion banka sé óásættanleg.

Caneman segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að mikilvægt sé fyrir bankann að greiða samkeppnishæf laun til stjórnarmanna sinna, sem taki tillit til álags, ábyrgðar og tíma sem fari í starfið. Hún segist skilja afstöðu VR en segir einnig mikilvægt að skoða hvernig laun stjórnarmannanna hafi þróast frá árinu 2011, en þau hafi ekki hækkað síðan þá, fyrr en nú. Hún segir 7 prósenta launahækkun vera lægri heldur en almenna launaþróun í landinu frá árinu 2011. Caneman sagði jafnframt að stjórninni hefðu ekki borist frekari mótmæli vegna hækkun þóknunar en þessi tvenn. - fbj / jme



**MONICA CANEMAN** VR mótmælir launahækkunum stjórnarmanna Arion banka harðlega. MYND/ARION BANKI

# Eftirspurnin sjöfalt meiri en andvirðið

**Mikil umframeftirspurn var eftir hlutabréfum í útboði Sjóvár. Um 7.800 áskriftir að andvirði 35,7 milljarða króna bárust. Áskriftir fastráðinna starfsmanna félagsins voru ekki skertar. Niðurstöður útboðsins komu sérfræðingum ekki á óvart.**

**VIÐSKIPTI** Heildareftirspurn í hlutafjárútboði Sjóvár var 35,7 milljarðar króna og því rúmlega sjöfalt meiri en 4,7 milljarða söluandvirði þeirra hluta sem boðnir voru út.

Heildarstærð útboðsins sem lauk á mánudag nemur 23 prósentum af útgefnu hlutafé í Sjóvá. Um 7.800 áskriftir bárust og af þeim tilheyrðu 7.600 þátttakendum sem lögðu fram tilboð frá eitt hundrað þúsund krónum og upp í tíu milljónir. Góð þátttaka leiddi til þess að hámarksúthlutun til þeirra, það er fjárfesta sem sendu áskriftir í tilboðsbók A, var 227 þúsund krónur á hverja áskrift. Athygli vekur að áskriftir fastráðinna starfsmanna Sjóvár og viðskiptavaka voru ekki skertar.



**SVEINN ÞÓRARINSSON**

„Niðurstöður útboðsins koma ekki á óvart miðað við hlutafjárútboðin á síðasta ári og stærð útboðsins. En þetta sýnir þessa aukningu í þátttöku almennra fjárfesta þrátt fyrir að þetta hafi ekki verið stórt útboð fyrir almenning,“ segir Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Útboðsgengi í tilboðsbók A er 11,9 krónur á hlut og tíu prósent hluta í félaginu verða seldir á því verði. Í tilboðsbók B var tekið við tilboðum yfir tíu milljónum króna og þar bárust 232 áskriftir að fjárhæð 15,3 milljarðar. Útboðsgengi tilboðsbókar A er 13,51 króna á hlut.

„Það er ekkert ólíklegt að verð á hlutabréfum félagsins verði að lágmarki 13,5 þegar Sjóvá verður tekið til viðskipta í Kauphöllinni og almennir fjárfestar fái þá ágætis hækkun,“ segir Sveinn. Hækkunin yrði þá um 13,5 prósent og miðað við 227 þúsund króna hámarksúthlutun gæti hún skilað fjárfestum um þrjátíu þúsund króna hagnaði þegar viðskipti með bréfin hefjast. Almennir fjárfestar sem keyptu bréf í hlutafjárútboði N1 í desember græddu til samanburðar 42 þúsund krónur við lokun markaða daginn sem félagið fór í Kauphöllina.

Ari Freyr Hermannsson, sérfræðingur hjá IFS ráðgjöf, tekur í sama streng og Sveinn varðandi niðurstöðu útboðsins.

„En fyrir þennan almenna fjárfesti sem er þarna úti á markaðinum er skrýtið að áskriftir starfsmanna voru ekki skornar niður. Það hefði verið sanngjarnt að skera þær niður um einhvern hluta og þá hefði hlutdeild almennra fjárfesta getað verið meiri,“ segir Ari.

haraldur@frettabladid.is



**FORSTJÓRINN** Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, sagði í tilkynningu um niðurstöðu útboðsins það ánægjulegt hversu fjölmennur hópur almennra fjárfesta hefði tekið þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





VAL HINNA VINNANDI STÉTTA

Renault sendibílar eru mest seldu sendibílar á Íslandi. Spurðu fagmann og hann segir þér umbúðalaust af hverju. Þeir eru á góðu verði, eyðslugrannir og áreiðanlegir. Einnig einstaklega þægilegir í akstri og umgengni, vel búnir og góðir í endursölu. VELDU ÖRUGGAN VINNUSTAÐ.

RENAULT

www.renault.is

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

B|L

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080


NÝJAR VÖRUR
á frábæru verði
20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
Dagana 3.-6. apríl
Brjánn / Birna
9.592 11.990
Bolli / Bebba
7.992 9.990
Balti | Micro Fleece
2.392 2.990
Irja | Thermoair
1.992 2.490
Ugla / Örn
19.992 24.990
Úlfa / Úlfur
23.992 29.990
Iða | Hlaupapeysa
9.592 11.990
Bogi | Micro Fleece
2.392 2.990
FYRIR BÖRNIN
Birnir
7.192 8.990
Bassi
5.592 6.990
Ylfa
12.792 15.990
FYRIR BÖRNIN
Bert | Micro Fleece
2.392 2.990
Biggi | Micro Fleece
1.592 1.990
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
Austurhraun 3 | Bankastræti 7 | Kringlan | Smáralind | Sportver Akureyri

# SKOÐUN

## Hvað getur Ísland grætt á hnattrænni hlýnun?

# Á hliðarlínu heimsins

Það er áhugavert hvað ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um tækifæri Íslendinga sem liggja í hlýnun loftslags á hnettinum hafa vakið hörð viðbrögð.

Í fyrsta lagi var ráðherrann ekki að segja neitt nýtt. Hann var að ítreka það sem hann hefur sagt áður, til dæmis í stefnuræðu sinni á þingi í fyrrasumar og í setningarræðu flokksþings Framsóknarflokksins í fyrravor. Hann er augljóslega uppteknari af þeim tækifærum sem liggja í hnattrænni hlýnun fyrir íslenzka hagsmuni en af hinum skelfilegu afleiðingum fyrir til dæmis íbúa þróunarríkjanna, sem lýst er í nýjustu loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna. Hann sér fremur kornakrana bylgjast í íslenzkum sveitum en flóð og uppskerubrest í einhverju Langtburtistan.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Í öðru lagi tjáði forsætisráðherrann viðhorf sem er áreiðanlega ríkjandi hjá drjúgum hluta þjóðarinnar. Íslendingar hafa löngum haft meiri áhuga á því hvernig megi græða á hnattrænum vandamálum eða krísum en hvernig megi koma í veg fyrir þær. Tvær heimsstyrjaldir og kalda stríðið – við græddum á því öllu saman! Hvað er vandamálið?

Í þriðja lagi falla skoðanir ráðherrans mjög að viðhorfum forseta Íslands undanfarin ár. Hann hefur að sönnu verið prýðilega meðvitaður um hugsanlegar skelfilegar afleiðingar hnattrænnar hlýnunar, en rétt eins og forsætisráðherrann miklu áhugasamari um hvað Íslendingar geti grætt á þróuninni en að við þurfum hugsanlega að breyta okkar ósjálfbæru lífsháttum til að taka þátt í að fyrirbyggja vandamálið.

Í fjórða lagi er þessi málflutningur í prýðilegu samræmi við sýn forsætisráðherrans (og forsetans) á stöðu Íslands í samfélagi þjóða; við deilum ekki ákvörðunarvaldi með neinum og því síður deilum við örlögum okkar með umheiminum. Ef það gengur vel hjá öðrum ríkjum, þá hengjum við okkur utan á það og græðum á því. Ef það gengur illa, þá finnum við líka út hvernig við græðum á því. Þetta getur ekki klikkað.

Vandinn við að vera svona upptekin af hinum stórkostlegu tækifærum sem liggja í loftslagsbreytingunum, eins og að verða siglingamiðstöð og flytja út kjöt, smér og hitaveituverkfræðinga, er kannski tvenns konar.

Annars vegar hvetur þessi orðræða okkar helztu leiðtoga ekki beint til þess að við veltum fyrir okkur hvort þróunin feli í sér hættur fyrir Ísland, rétt eins og lönd sunnar á hnettinum. Við vitum til dæmis ósköp lítið um áhrifin á hafið og fiskstofna okkar. Það er ekkert víst að fleiri stofnar taki upp á því sama og makríllinn, að synda inn í efnahagslögsöguna. Sumir gætu tekið upp á því að synda burt eða drepast. Og hvað þýðir það ef jöklarnir okkar bráðna og gróðurfarið breytist? Það eru hættur þarna, ekki síður en tækifæri.

Hins vegar gerir þessi málflutningur mjög lítið fyrir vitund okkar um að hlýnun loftslags er hnattrænn vandi, sem getur valdið stórum heimshlutum gífurlegum búsifjum. Við berum ábyrgð á því eins og allar aðrar þjóðir að reyna að hindra þá þróun – og setja þá ekki alltaf þröngu eiginhagsmuni í fyrsta sæti. Á endanum er þetta nefnilega bara ein Jörð – það er ekki hægt að sitja á hliðarlínunni og grípa bara góðu bitana.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvalveiðar og IKEA**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fór furðulega leið til að réttlæta hvalveiðar Íslendinga í umræðum á þinginu í gær. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði ráðherrann hvort það væri stefna ríkisstjórnarinnar að stefna samskiptum við aðrar þjóðir í hættu vegna hvalveiða, en Barack Obama Bandaríkjaforseti gagnrýndi hvalveiðarnar harðlega í minnisblaði í fyrradag. Sigmundur sagði í svari sínu að Jón Gunnarsson alþingismaður sagði að þegar fólk í Bandaríkjunum væri spurt hvað kæmi upp í hugann þegar Ísland er nefnt þá svöruðu margir með því að nefna húsgagnafyrirtækið IKEA frekar en hvalveiðar. Hvað það kemur samskiptum Bandaríkjanna og Íslands við var ósagt látið.



**Snar í snúningum**

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra setti í fyrradag lög um að fresta skyldi verkfallsaðgerðum undirmanna á Herjólfi til 15. september. Þrír hásetar sem mæta áttu til skips í gærmorgun tilkynntu síðan skyndilega um veikindi. Eimskipafélagið hafði þá samband við trúnaðarlækni félagsins sem síðan hafði samband við heilsugæsluna í Vestmannaeyjum til að forvitnast um heilsu áhafnarmeðlimanna. Jónas Garðarsson, framkvæmdastjóri Sjómannafélags Íslands, hafði ekki áður heyrt um það að vinnustaðir sendi lækna heim til starfsfólks. Hann sagði gott til þess að vita að hægt sé að ganga að læknum Eimskipafélagsins. Oft sé talað um að læknisþjónusta í landinu sé slök – en þeir sem þurfi lækni að halda ættu að athuga með þennan, sem augljóslega sé snar í snúningum.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ekkert afturkall

NÁTTÚRUVERND



**Katrín Jakobsdóttir**

formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Ný lög um náttúruvernd voru samþykkt vorið 2013 og var ætlað að taka gildi þann 1. apríl 2014. Lögin fela í sér mikla framför í lagaumhverfi náttúruverndar og eru skólabókardæmi um hvernig á að standa að vandaðri lagasetningu. Þau byggja á vönduðum undirbúningi með aðkomu fræðimanna og fagaðila og síðan ítarlegri umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd þar sem komið var til móts við fjölda athugasemda hagsmunaaðila áður en þau voru samþykkt.

Það vakti því reiði og furðu þegar Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, lagði í haust fram frumvarp um að afturkalla þessi nýsamþykktu náttúruverndarlög áður en þau tækju gildi þann 1. apríl 2014. Hefði frumvarp ráðherrans náð fram að ganga hefði fimm ára vinna farið í ruslið og horfið yrði aftur til gildandi náttúruverndarlaga frá 1999 sem eru orðin úrelt þar sem þróun í þessum málaflokki hefur verið hröð.

Afturkallsfrumvarpið fékk afar góða, vandaða og málefnalega umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þar kom í ljós að mun færri og smærri álitamál voru uppi um nýju náttúruverndarlögin en sumir höfðu talið. Ágreiningur um utanvegaakstur og tengd mál reyndist mun minni en látið hafði verið að liggja og skemmra reyndist á milli skoðana á

**➜ Afturkallsfrumvarpið fékk afar góða, vandaða og málefnalega umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þar kom í ljós að mun færri og smærri álitamál voru uppi um nýju náttúruverndarlögin en sumir höfðu talið.**

ákvæðum um varúðarreglu og sérstaka vernd en virtist í upphafi.

Þá voru nefndarmenn sammála um mikilvægi almannaréttarins sem almenningur er nú orðinn meðvitaðri um eftir að hugmyndir um gjaldtöku við helstu náttúruperlur þjóðarinnar fóru á flug. Nefndin náði að lokum saman um þá málamiðlun að hafna afturkallinu, fallast á að byggja á heildarhugmyndafræði hinna nýju laga og fresta gildistöku þeirra til 1. júlí 2015 þannig að hægt sé að vinna að úrbótum í samstarfi við ráðherra og skapa varanlega sátt um málið.

Þó að ég hefði helst viljað að ný lög tækju gildi nú 1. apríl er ég sátt við niðurstöðu nefndarinnar. Afturkall umhverfis- og auðlindaráðherra er út af borðinu og stefnt er að því að ný og framsækin náttúruverndarlög taki gildi árið 2015. Það skiptir svo sannarlega máli fyrir íslenska náttúru og íslenska þjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Dyflinnar-réttlætingin

**HÆLISLEITENDUR**



**Ragnhildur Helga Hannesdóttir**
forsvarsmanneskja „Hælisleitendur segja frá“



**Toshiki Toma**
prestur innflytjenda

Undirrituð eru skipuleggjendur málstofunnar „Hælisleitendur segja frá“ sem haldin var þann 20. mars síðastliðinn í Háskóla Íslands. Málstofan fór vel fram og áheyrendur, sem voru yfir 120 talsins, fylltu fyrirlestrarsalinn. Málstofan var hin fyrsta í málþingaröð hælisleitenda en markmið hennar er að gera hælisleitendum kleift að tjá sig milliliðalaust svo almenningur geti kynnst einstaklingunum sem er að finna á bak við hina ferköntuðu ímynd hælisleitenda.

Á málstofunni greindi hælisleitandi frá Afríkuríki frá aðstöðu sinni: „Ég sótti fyrst um hæli í Svíþjóð og því er ég „Dyflinnar-hælisleitandi“. Við komu til Íslands fékk ég sjálfkrafa tilkynningu um brottvísun á grundvelli Dyflinnar-reglugerðarinnar og áfrýjaði í kjölfarið til innanríkisráðuneytisins. Í dag, 18 mánuðum síðar, hefur mér ekki enn verið boðið viðtal hjá Útlendingastofnun. Sem sé, eftir tveggja ára dvöl á Íslandi, að enginn hefur skoðað mál mitt: hvers vegna ég er á flótta eða af hvaða ástæðum ég leitast eftir að mér verði veitt hæli. Það er eingöngu litið á mál mitt út frá Dyflinnar-reglugerðinni.“

Dyflinnar-reglugerðin kveður eins og kunnugt er á um að ákvörðunarvaldi ríkis sé heimilt að vísa hælisleitanda til baka til þess ríkis sem hin fyrsta hælisumsókn hælisleitandans liggur hjá, án þess að taka mál hans upp.

Nokkrum dögum eftir málstofuna hlustuðum við á annan hælisleitanda sem var einnig frá ríki í Afríku. Sá hafði í fyrstu flúið til Ítalíu en neyddist þar til að sofa á götum úti og átti ekki annan mat en þann sem honum var gefinn. Hann flúði því frá Ítalíu og hélt til Sviss þar sem hann sótti um hæli en var synjað. Hann reyndi hið sama í Hollandi en hlaut sömu niðurstöðu. Að honum nauðugum höfðu fingraför hans verið skjalfest á Ítalíu þrátt fyrir að hann hefði ekki sótt um hæli þar. Manninum var því synjað um hæli á grundvelli Dyflinnar-reglugerðarinnar.

### Verndar ekki hagsmuni

Hann hafði eytt þremur árum í þessum löndum áður en hann kom til Íslands en ekkert ríkjanna þriggja hafði skoðað mál hans. Það hafði enginn spurt manninn um ástæðurnar sem lágu að baki flótta hans eða hlustað á sögu hans af því að allir voru uppteknir af Dyflinnar-reglugerðinni.

Þegar Dyflinnar-reglugerðinni var komið á var henni ætlað að stuðla að því að hið fyrsta ríki sem hælisleitandi sótti um hæli hjá bæri ábyrgð á að taka mál hans upp, svo hælisleitendur yrðu ekki að flakka á milli ríkja í leit að málsmeðferð. Dyflinnar-reglugerðin var því upphaflega sett til þess að vernda hagsmuni hælisleitenda. En virkar hún þannig í dag? Nei.

**➜ Í dag, 18 mánuðum síðar, hefur mér ekki enn verið boðið viðtal hjá Útlendingastofnun. Sem sé, eftir tveggja ára dvöl á Íslandi hefur enginn skoðað mál mitt: hvers vegna ég er á flótta eða af hvaða ástæðum ég leitast eftir að mér verði veitt hæli. Það er eingöngu litið á mál mitt út frá Dyflinnar-reglugerðinni.**

Það sem hins vegar ætti að vera aðalmálið er hvort verið sé að skoða mál einstaklinganna á fullnægjandi hátt en eins og staðan er í dag virðist einungis það, að finna ríki sem er reiðubúið til að taka mál hælisleitenda upp, vera hið erfiðasta mál fyrir þá. Er þessi staða ásættanleg, ef við lítum til mannréttinda- og mannúðarsjónarmiða okkar?

Hælisumsókn snýst um að fyrir hendi sé manneskja sem óttast um líf sitt og lífskjör. Hælisumsókn snýst ekki um hvernig flóttaferli einstaklingsins hefur verið. Við óskum þess, enn og aftur, að þeir sem starfa að hælismálum horfist í augu við þennan einfalda sannleika.

*Málstofur „Hælisleitendur segja frá“ eru í samstarfi við námsbraut í Mannfræði við Háskóla Íslands, Rauða kross Íslands og Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna.

# Raforkukerfi í vanda

**ORKUMÁL**



**Gústaf Adolf Skúlason**
framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Nú berast fregnir af fjölda áhugasamra fjárfesta sem margir munu þurfa á talsverði raforku að halda, náist samningar um orkukaup. Ýmsir álitlegir virkjanakostir eru til staðar, þótt margir þeirra hafi ratað niður lista rammaáætlunar eftir að faglegri vinnu fyrri verkefnisstjórnar lauk. Dæmi eru um að öflug iðnfyrirtæki og fiskimjölsverksmiðjur óski eftir aukinni raforku hið fyrsta. Alla jafna er næg orka til í kerfinu til að mæta slíkum óskum, en þá þarf einnig að vera hægt að flytja orkuna. Hvað stærri viðskiptavini varðar þá er til lítils að reisa nýjar virkjanir ef ekki er hægt að flytja orkuna til kaupandans.

**➜ Hvað stærri viðskiptavini varðar þá er til lítils að reisa nýjar virkjanir ef ekki er hægt að flytja orkuna til kaupandans.**

### Hamlar þróun atvinnulífs

Nú er svo komið að flutningskerfi raforku annar víða ekki þeirri eftirspurn sem til staðar er og hamlar það þannig þróun atvinnulífs og byggðar. Framleiðslugeta sumra virkjana er vannýtt, heilir landshlutar búa við takmarkanir í flutningsgetu og ekki er hægt að flytja orku þaðan sem hún er næg yfir til annarra landshluta vegna veikleika í flutningskerfinu. Ekki verður flutningsfyrirtækið, Landsnet, sakað um skort á framkvæmdavilja. Skipulags- og leyfisferlin eru hins vegar afar tafsöm og margir aðilar sem geta komið í veg fyrir eða tafið framkvæmdir.

Þá hefur andstaða við háspennulínur farið vaxandi og víða eru gerðar kröfur um að flutningskerfið verði lagt í jörðu. Nú er reyndar svo komið að meginþorri dreifikerfis raforku, á lægri spennu, er þegar í jörðu hérlendis og nær öll endurnýjun sem fram fer á kerfinu er í formi jarðstrengja. Kostnaður við lagningu jarðstrengja á hárri spennu (220 kV) er hins vegar alla jafna margfalt hærri en við lagningu háspennulína. Raunar geta strengirnir haft mun meiri og óafturkræfari umhverfisáhrif en háspennulínur, svo sem ef grafa þarf margra metra breiða skurði gegnum hraun, en það er önnur umræða. Landsneti ber samkvæmt ákvæðum raforkulaga að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt og fyrirtækið því ekki í stöðu til þess að taka ákvarðanir um margfalt kostnaðarsamari fjárfestingar en ella, án stefnumörkunar þess efnis af hálfu stjórnvalda.

Staðan er því þannig að á meðan ekki er mörkuð skýr opinber stefna um jarðstrengi eða loftlínur og að óbreyttu skipulags- og leyfisferli flutningskerfi raforku áfram, og í vaxandi mæli, hamla þróun atvinnulífs og byggðar víða um land. Sem dæmi má nefna allan þorra Norður- og Austurlands.



# Þykir þér vænt um börnin þín?

UMHVERFISMÁL



Úrsúla Jünemann
kennari og leiðsögumaður

**➔ Hugsum hnattrænt en framkvæmum í okkar nánasta umhverfi. Hver og einn getur lagt sitt lóð á vogarskálina.**

Börnin okkar munu erfa landið. Við sem ráðum núna ferðinni að einhverju leyti höfum mikið um það að segja í hvaða ástandi jörðin mun verða þegar börnin og barnabörnin okkar taka við. Munu börnin okkar taka við góðu búi eða er þeim ætlað að glíma við fullt af óleystum vandamálum sem við nennum ekki að reyna að leysa og ýtum bara á undan okkur yfir á næstu kynslóðir? Gjörið þið svo vel, nú eigið þið leik! Og komið þessu nú í lag!

Það er eðlilegt bæði mönnum og dýrum að þykja vænt um afkvæmin sín. Mér þykir líka vænt um börnin mín og ég verð hrygg þegar ég hugsa um framtíð þeirra. Það eru svo mörg vandamál sem hrúgast upp og munu skella með fullum þunga á næstu kynslóðum. Ég ætla alls ekki að mála skrattann á vegginn en við getum ekki lengur horft fram hjá því að alvarlegar breytingar eiga sér stað á okkar ástkæru jörð:

- Mannkyninu fer fjölgandi hratt og allir þurfa lífsrými, mat og sérstaklega gott neysluvatn. En ennþá eru menn að menga ár og vötn eins og enginn sé morgundagurinn.
- Jörðin okkar er að hitna sökum þess að við sleppum allt of miklu af koltvísýringi út í andrúmsloftið með því að brenna jarðeldsneyti og þá sérstaklega olíu. En samt renna menn hýrum augum til þess möguleika að olíu sé að finna á Drekasvæðinu í staðinn fyrir að þróa aðra vistvænni orkugjafa.
- Það er verið að ganga á skóglendi víða um heim og eyðing hitabeltisfrumskóga er þar sérlega ógnvænleg því að þar á sér stað mikil kolefnisbinding sem vinnur á móti gróðurhúsaáhrifum og hnattrænni hitaaukningu.
- Jörðin okkar er að drukkna í úrgangi og rusli sem við nennum ekki að vinna úr og endurnýta. Ennþá virðist „hagkvæmara“ að búa til nýtt úr grunnhráefnum heldur en að endurnýta og endurvinna.
- Heimshöfin eru að súrna sökum of mikils magns af koltvísýringi. Það þýðir að margar lífverur eiga erfitt með að lifa af. Til dæmis eru skeldýr og kóralar í mikilli hættu sökum þess að kalkefnin eyðast í of súrum sjó. Þetta hefur auðvitað alvarlegar afleiðingar á fiskistofna.

Þetta allt gerist ekki í óráðinni framtíð heldur er að gerast NÚNA! Og heldur áfram að gerast ef við bregðumst ekki við. Hvernig getum við þá brugðist við? Er þetta ekki vonlaust? Ráðum við einhverju?

**Við getum gert margt**

Lesendur góðir, þið sem hafið nennt að lesa þetta hingað til, hvað getið þið gert? Jú, það er margt sem þið og ég getum gert:

- Við getum sagt stopp við stjórnvöld sem sinna ekki umhverfismálum. Við getum mótmælt því að fallega landið okkar verði eyðilagt í þágu einhverrar gróðahyggju. Við getum sagt stopp við frekari stóriðju og virkjunarframkvæmdum, gleymum ekki Drekasvæðinu og varhugaverðum plönum um olíuvinnslu þar.
- Við getum kennt börnunum okkar að umgangast náttúruna af virðingu og varkárni. Mörg íslensk börn eru vön að valsa um, brjóta og bramla í leikjum sínum án þess að virða afgirt svæði og viðkvæman gróður.
- Við getum notað almenningssamgöngur, hjólað eða gengið stuttar vegalengdir og hvílt bílinn þannig um stund. Og við getum skipulagt okkur betur, sameinast í ferðir og tengt mörg erindi saman í sömu ferð.
- Við getum örugglega sleppt því að kaupa plastpoka í hverri búðarferð og koma frekar með margnota innkaupapoka eða nota pappakassa sem falla til í búðinni. Undir ruslið heima er hægt að kaupa vistvæna poka sem eyðast skjótt. Þeir kosta ekki meira en venjulegir innkaupaplastpokar sem verða eftir í náttúrunni í meira en hundrað ár.
- Við getum breytt neysluvenjum okkar pínulítið. Við getum keypt vistvænar vörur. Við getum nýtt matvörurnar betur og látið það stundum vera að kaupa alltaf það nýjasta og flottasta.

Hugsum hnattrænt en framkvæmum í okkar nánasta umhverfi. Hver og einn getur lagt sitt lóð á vogarskálina til að börnin fái jörðina afhenta í ekki lakara ástandi en hún er í nú.

# Er þörf á breytingum á peningastefnunefnd Seðlabankans?

FJÁRMÁL



Þorvarður Tjörvi Ólafsson
hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

**➔ Hlutfall tilvika**
þar sem peningastefnunefndarmenn eru í minnihluta í atkvæðagreiðslu um vexti bankans




Heimild: *Seðlabanki Íslands*

**➔ Nefndin hefur sett sér skýrar starfsreglur til að tryggja vandaðan undirbúning og sem mest gagnsæi ákvarðana. Jafnframt er ólíkum sjónarmiðum leyft að njóta sín.**

Áform virðast uppi um að endurskoða yfirstjórn Seðlabanka Íslands (SÍ) og jafnvel fyrirkomulag ákvörðunartöku um peningastefnuna. Áhyggjur virðast m.a. lúta að því að ólíkar skoðanir eigi ekki nógu mikið brautargengi innan peningastefnunefndarinnar og að seðlabankastjóri hafi of mikið vægi við núverandi skipan. Mikilvægt er að við slíka endurskoðun sé litið til niðurstaðna rannsókna á æskilegu fyrirkomulagi ákvörðunartöku í peningamálum og þeirrar fimm ára reynslu sem fengin er af núverandi skipan.

**Ólíkar gerðir peningastefnunefnda**

Í grófum dráttum eru til tvenns konar peningastefnunefndir. Annars vegar þær sem leggja ekki sérstaka áherslu á að ná fram einingu um ákvörðunina, hver meðlimur er einkum ábyrgur fyrir sínu atkvæði og niðurstöður fást með atkvæðagreiðslu. Formenn slíkra nefnda geta lent í minnihluta og algengt er að ólík sjónarmið nefndarmanna birtist opinberlega. Peningastefnunefndir Bretlands og Svíþjóðar, auk Bandaríkjanna eftir að Ben Bernanke tók við árið 2006, eru dæmi um nefndir af þessu tagi.

Hins vegar eru nefndir sem leggja áherslu á að eining ríki um ákvörðunina (a.m.k. opinberlega) og nefndin í heild sinni er ábyrg fyrir henni. Staða formannsins er misjöfn þar sem slík skipan er við lýði. Í sumum tilvikum er hún mjög sterk, ýmist skv. lögum eða hefðum, og hann nær einráður um stefnuna. Sú hefur oftast verið raunin í Bandaríkjunum og frægt hvernig Alan Greenspan talaði og greiddi atkvæði á undan öðrum meðlimum, sem urðu svo að ganga í takt. Í öðrum tilvikum er staða formannsins veikari. Seðlabanki Evrópu er dæmi um slíkt fyrirkomulag.

**Í takt við niðurstöður rannsókna**

Frá því snemma árs 2009 hefur fimm manna peningastefnunefnd farið með ákvörðunarvald í peningamálum hér á landi. Skipan og starfshættir nefndarinnar eru í meginatriðum í takt við forskrift rannsókna (sjá t.d. A. Blinder, „Making monetary policy by committee“, International Finance, 2009:12) og alþjóðlega reynslu af fyrirkomulagi ákvörðunartöku í peningamálum. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum frá SÍ og tveimur utanaðkomandi sérfræðingum.

Nefndin hefur sett sér skýrar starfsreglur til að tryggja vandaðan undirbúning og sem mest gagnsæi ákvarðana. Jafnframt er ólíkum sjónarmiðum leyft að njóta sín á sama tíma og tryggt er eftir megni að samstaða ríki um opinbera kynningu ákvörðunarinnar. Í starfsreglunum er ennfremur tiltekið að seðlabankastjóri leggi ekki fram tillögu um ákvörðun fyrr en eftir að nefndarmenn hafi fengið tækifæri til að gera grein fyrir afstöðu sinni.

**Engin ein skoðun ráðið ríkjum**

Er tilefni til að óttast að skoðanaskipti innan nefndarinnar séu of einsleit og staða seðlabankastjóra of sterk í krafti þess að meirihluti nefndarinnar er skipaður af fulltrúum SÍ? Niðurstöður atkvæðagreiðslna á árunum 2009-2013 má finna í ársskýrslum SÍ og því eðlilegt að skoða tölfræðina og sjá hvort kosningahegðunin beri einkenni slíkra blokkamyndana.

Frá því að nefndin hóf störf hefur hún í helmingi tilvika kosið að halda vöxtum óbreyttum, í 37% tilvika hefur hún lækkað þá og í 15% tilvika hafa þeir verið hækkaðir. Niðurstöður atkvæðagreiðslna sýna að í um helmingi tilvika hefur einn nefndarmaður kosið gegn meirihlutanum og í 17% tilvika hefur atkvæðagreiðslan farið 3:2. Ekki er því að sjá að ein skoðun sé ávallt ríkjandi.

Þá er ekki heldur að sjá að atkvæði skiptist eftir fastmótuðum blokkum innri og ytri meðlima: í 11% tilvika hefur innri meðlimur verið í minnihluta en ytri meðlimur í 16% tilvika. Af einstaka nefndarmönnum hefur sá innri meðlimur sem sækir umboð sitt til seðlabankastjóra oftast verið í minnihluta (24% tilvika) og kosið gegn yfirmanni sínum, sem hefur sjálfur lent í minnihluta í eitt skipti. Aðstoðarbankastjóri, sem sækir umboð sitt til ráðherra en ekki seðlabankastjóra, hefur í tvígang verið í minnihluta.

Sé einungis litið til þeirra tilvika þar sem ágreiningur hefur verið um ákvörðunina þá samanstendur meirihlutinn oftar af innri og ytri meðlimum en þeim innri einum saman. Í þau skipti sem atkvæði hafa fallið 3:2 hafa innri meðlimir einungis myndað meirihlutann í 29% tilvika. Skipting atkvæða hér á landi virðist ennfremur í ágætu samræmi við það sem tíðkast víða erlendis (sjá t.d. M. King, „The MPC ten years on“, ræða frá 2. maí 2007). Í ljósi ofangreinds verður því ekki séð að ólíkar skoðanir fái ekki að njóta sín innan nefndarinnar og að staða seðlabankastjóra sé of sterk í núverandi skipan.

**Vöndum til verka**

Endurmat á umgjörð peningastefnunnar er eðlilegt og æskilegt. Hins vegar skiptir máli af hvaða tilefni það fer fram og með hvaða hætti. Í Kanada fer slíkt endurmat t.d. fram með reglulegu millibili, í góðu samstarfi stjórnvalda og seðlabankans, og á grundvelli ítarlegra rannsókna. Mikilvægt er að tryggt verði að endurskoðun á lögum um SÍ, og þar með talið mögulegar breytingar á skipan peningastefnunefndar, grundvallist á niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna og þeirri reynslu sem hefur fengist hér á landi. Vöndum til verka og festum þann verðstöðugleika sem nú hefur náðst í sessi.

*Skoðanir, sem koma fram í greininni, eru höfundar og þurfa ekki að endurspegla skoðanir Seðlabanka Íslands.*


## Steypustöðin óskar Hildi og Rúnu til hamingju með bekkinn Klett

Grapevine, í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og dómnefnd sem skipuð er aðilum frá Listaháskóla Íslands, Hönnunarmiðstöð, verslunareigendum í Reykjavík og fleirum, veitti Rúnu Thors vöruhönnuði og Hildi Steinþórsdóttur arkitekt viðurkenninguna Award of Excellence fyrir hönnun Kletts.

### Klettur er steinsteyptur útibekkur sem hentar vel í almenningsrými og einkagarða

- Bekkur með tvær setstöður
- Styrkur, ending og falleg hönnun
- Klettur er til í þremur steypulitum
- Hægt er að fá Klett sérmerktan sveitarfélagi
- Íslensk hönnun

Fjárfesting sem steinliggur









The Reykjavík Grapevine Design Awards
PRODUCT OF THE YEAR 2013
Runner Up

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir
4 400 400

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is



# HÖFUM OPNAÐ GLÆSILEGA ÁRSTÍÐADEILD Í BYKO BREIDD

## Velkomin í Grænland

# Grænland

## BYKO BREIDD

Opnunartilboðin gilda fimmtudag til sunnudags



OPNUNAR-TILBOÐ

Einhell

Vnr. 74830004
EINHELL hekkklippur, 570W, 46,5 cm spjót.

**4.995** kr.
Almennt verð 8.995 kr.



OPNUNAR-TILBOÐ

Vnr. 54930605
DAYE slöngukefli, 15 m slanga, tengi og úðari.

**3.995** kr.
Almennt verð 6.995 kr.



Vnr. 55610633
Laufhrífa.

**995** kr.
Almennt verð 1.550 kr.

OPNUNAR-TILBOÐ



OPNUNAR-TILBOÐ

Vnr. 497208176
Sorptunna með loki og hjólum, 120 l.

**3.995** kr.
Almennt verð 6.995 kr.



OPNUNAR-TILBOÐ

Vnr. 54935115
DAYE garðslanga, 15 m, 13 mm.

**995** kr.
Almennt verð 1.490 kr.



OPNUNAR-TILBOÐ

Vnr. 79290094
Hjólbörur, 80 l.

**2.995** kr.
Almennt verð 3.995 kr.

OPNUNAR-TILBOÐ




Vnr. 55097054
Sáðmold, 6 l.

**95** kr.
Almennt verð 395 kr.



OPNUNAR-TILBOÐ

Vnr. 45060650-2
Blómapottar, nokkrir litir.

**395** kr.
Almennt verð 595 kr.

OPNUNAR-TILBOÐ



Vnr. 55092061
Sumarbóm, Chrysanthemum.

**595** kr.
Almennt verð 695 kr.

OPNUNAR-TILBOÐ



Vnr. 55092137
Blóm, Campanula.

**895** kr.
Almennt verð 995 kr.

OPNUNAR-TILBOÐ



Vnr. 55092139
Sumarblóm, Kalanchoe.

**595** kr.
Almennt verð 695 kr.

Vnr. 55092140/48-9
Sumarblóm, Orchidea eða Hydrangea.

**1.995** kr.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

# Mannréttindi utangarðsfólks – Housing First

SAMFÉLAG



Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir
félagsráðgjafi

**➜ Í nágrannalöndum okkar og þá helst í Noregi hefur síðasta áratuginn verið þverpólitísk samstaða um að allir eigi að eiga sér heimili í einhverri mynd, það eru mannréttindi.**

Mikil umræða hefur verið um málefni utangarðsfólks á síðustu misserum. Fjölgun hefur verið í hópnum og í hverjum mánuði bætast nýir einstaklingar við. Við sem samfélag verðum að horfast í augu við það að það munu alltaf vera einstaklingar sem missa tökin á lífi sínu vegna áfengis- og vímuefnaneyslu og okkur ber að þjónusta þessa einstaklinga á þeim stað sem þeir eru. Það er erfitt að þjónusta utangarðsfólk ef forsjárhyggja er ríkjandi og skilyrðis eins og edrúmennsku sé krafist fyrir tiltekna þjónustu eins og búsetu.

Skaðaminnkandi hugmyndafræði er mannréttindahugsun sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) leggur til að þjóðir vinni eftir í mótun þjónustustefnu við áfengis- og vímuefnaneytendur. Öll ríki í Evrópu, nema Ísland og Tyrkland, hafa skaðaminnkandi hugmyndafræði í opinberri stefnumótun í vinnu með áfengis- og vímuefnaneytendum. Í skaðaminnkandi nálgun er einstaklingum mætt með virðingu og skilningi og ekki er gerð krafa um bindindi. Þessi nálgun er grundvallaratriði í þjónustu við hópinn og forsenda þess að ná traustu sambandi við einstaklinga og vekja von. Dregið er úr skaða sem áfengis- og vímuefnaneysla veldur einstaklingum, lífsgæði þeirra aukast og samfélagslegur og fjárhagslegur skaði er lágmarkaður. Skaðaminnkandi hugmyndafræði er því þjóðhagslega hagkvæm.

**Einstaklingsmiðuð úrræði**

Almennur húsnæðisvandi í samfélaginu kemur ekki síst illa niður á hópi utangarðsfólks sem á litla möguleika á að leigja sér íbúð eða herbergi á almennum markaði. Mikil eftirspurn er eftir hverri eign, leiguverðið er hátt og iðulega er krafist fyrirframgreiðslu eða tryggingar. Í Reykjavík (eina sveitarfélagið sem hefur stefnu í málaflokknum) hefur margt breyst til betri vegar í málaflokki utangarðsfólks og þjónusta aukist til muna. Engu að síður er hópurinn fjölmennur og neyðarathvörf nánast fullnýtt. Herbergjasambýli með ólíkum einstaklingum og ólíkum þörfum hentar ekki öllum. Nauðsynlegt er að mæta fólki á einstaklingsmiðaðri hátt með búsetuúrræðum sem henta hverjum og einum.

Í nágrannalöndum okkar og þá helst í Noregi hefur síðasta áratuginn verið þverpólitísk samstaða um að allir eigi að eiga sér heimili í einhverri mynd, það eru mannréttindi. Hugmyndafræðin hefur verið kölluð „Housing First“ en hún er í anda skaðaminnkandi nálgunar. „Housing First“ gengur í stuttu máli út á að sveitarfélög útvega félagslega illa stöddum einstaklingum, með áfengis- og vímuefnavanda, húsnæði og styðja þá í búsetu með þjónustu frá þverfaglegum sérfræðingateymum. Þannig fær íbúinn stuðning og hvatningu og búsetan verður farsælli fyrir einstakling og nærumhverfi. Ekki er krafist bindindis og íbúi borgar sanngjarna húsaleigu. Þessi húsnæðisstefna hefur reynst vel þar sem hún er við lýði og eru t.a.m. afar fáir einstaklingar húsnæðislausir í Ósló.

Senn líður að sveitarstjórnarkosningum og ég sem kjósandi og félagsráðgjafi starfandi í málaflokknum fer fram á það að stjórnmálaflokkarnir láti sig málefnið varða og móti sér raunsæja stefnu í sístækkandi málaflokki utangarðsfólks. Á Íslandi er sár þörf á fjölbreyttari búsetuúrræðum fyrir utangarðsfólk og nýrri nálgun í anda „Housing First“.

# Veistu hvað þú borðar?

LANDBÚNAÐUR



Hörður Harðarson
formaður Félags svínabænda

**➜ Hér á landi er notkun sýklalyfja í algjöru lágmarki og þau eingöngu notuð undir eftirliti dýralækna þegar þörf krefur.**

Þegar við setjumst niður og borðum mat þá skiptir okkur máli hvað er á disknum. Við sjáum hvernig maturinn lítur út, finnum hvernig hann lyktar og bragðast og upplýsingar um næringarinnihald má yfirleitt finna á umbúðunum. Það segir þó ekki alla söguna. Við viljum líka vita hvernig maturinn varð til og við hvaða aðstæður. Svörin við þeim spurningum eru sjaldnast á umbúðunum.

Í Danmörku hafa fjölmiðlar fylgt vel eftir umræðu í þjóðfélaginu um stöðu aðbúnaðar á svínabúum og gert ítarlega grein fyrir þeim aðferðum sem unnið er eftir. Þar hefur meðal annars komið fram að sýklalyf eru sett í fóður dýranna til að koma í veg fyrir sýkingar og auka vaxtarhraða. Með þessari aðferð fara lyfin ekki eingöngu í þá grísi sem þurfa á þeim að halda, heldur líka grísi sem eru heilbrigðir og hafa ekki þörf fyrir slíka lyfjagjöf sem skapar hættu á lyfjaónæmi.

Þetta er ekki gert hér á Íslandi og er reyndar ólöglegt. Hér á landi er notkun sýklalyfja í algjöru lágmarki og þau eingöngu notuð undir eftirliti dýralækna þegar þörf krefur. Þegar Íslendingar bera saman bækur sínar við kollega sína erlendis vekur það furðu hversu lítil lyfjanotkun er í svínabúskap hér á landi. Staðreyndin er að hvergi í heiminum er notað minna af lyfjum í svínabúskap en á Íslandi. Þetta leiðir vissulega til hærri kostnaðar en ávinningurinn er aukin velferð dýranna auk betri og hollari afurða sem eru góðar fréttir fyrir íslenska neytendur.

Nú stendur yfir innleiðing á nýrri og framsækinni löggjöf um velferð dýra. Svínabændum er mikið í mun að hún takist vel og hafa í þeim tilgangi farið þess á leit við landbúnaðarráðherra að erlendur sérfræðingur verði fenginn til þess að gera úttekt á íslenskum svínabúum með hliðsjón af nýju lögunum og veita ráðgjöf um nauðsynlegar úrbætur. Á næstu árum er því ljóst að miklar breytingar munu verða í íslenskum svínabúum sem miða að aukinni velferð og bættum aðbúnaði svína. Þegar þeim lýkur eiga íslenskir neytendur að geta treyst því að þær svínaafurðir sem rata á þeirra disk hafi orðið til með þeim hætti sem best gerist.

# Þeir græða sem brjóta

FERÐAÞJÓNUSTA



Stefán Þorvaldur Þórsson
landfræðingur

**➜ Það eina sem landeigendur geta gert er að loka svæðum sem þeir telja vera undir álagi, en það hlýtur að vera brot á almannarétti að krefjast aðgangseyris á þeim forsendum að landið sé lokað fyrir þá sem ekki vilja borga en opið fyrir hina.**

Flestir eru sammála um að fjármagn skorti til viðhalds á ferðamannastöðum, en það má ekki vera á kostnað almannaréttar eða með ólögmætri gjaldtöku, mögulega á fölskum forsendum, þar sem enginn fylgist með hvort tugir eða hundruð milljóna fari í uppbyggingu eða í vasa landeigenda. Margir hafa bent á góðar leiðir til að afla fjármagns, en ekki virðist vera hlustað á það.

Upphrópunum landeigenda um landspjöll ber líka að taka með fyrirvara, þar sem engin sönnunarbyrði er til staðar. Þar hefur Geysissvæðið verið miðdepill umræðunnar. Væri ekki betra að takmarka fjölda ferðamanna á svæðið, heldur en að hafa engin takmörk á fjölda, svo lengi sem fólk greiðir aðgangseyri. Hverfa þolmörkin kannski við gjaldtöku? Uppbyggingin við hverasvæðið hefur einnig verið kostuð af ríkinu og landeigendur hafa ekki getað framvísað reikningum til sönnunar á meintum sligandi kostnaði við svæðið, enda hreinn uppspuni.

Gjaldtakan við Geysi og Kerið ásamt fyrirhugaðri gjaldtöku landeigenda víða um land er ólögleg og skýrt brot á náttúruverndarlögum.

Nú er til staðar ákvæði um gjaldtöku í lögunum, en því verður aðeins löglega beitt af UST eða rekstraraðila/umsjónaraðila sem hefur samning við UST, undirritaðan af umhverfisráðherra.

**32. grein (gjaldtaka) er svohljóðandi:**
*„Náttúruvernd ríkisins eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.*

**Hvorki Kerfélagið, Landeigendafélag Geysis, né Landeigendafélag Reykjahlíðar uppfylla þessi skilyrði.**

**Í 30. grein náttúruverndarlaga (Umsjón falin öðrum), stendur:**
*„Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem umhverfisráðherra staðfestir.“*

**Þar til þessum landeigendum hefur verið falinn rekstur náttúruverndarsvæðis, með samningi við Umhverfisstofnun, geta þeir ekki hafið neina gjaldtöku. Samningur er því nauðsynleg forsenda, sem þeir hafa ekki.**

Landeigendur hafa bent á að ríkið rukki inn í Vatnshelli, til að réttlæta sín lögbrot. En þar hafa rekstraraðilar einmitt gert samning við UST. Þar er einnig um að ræða ítarlega leiðsögn undir eftirliti í viðkvæmum hraunhelli.

**Í 32. grein stendur ennfremur:**
*„Tekjum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.“*

Erfitt er að sjá annað en að arðgreiðslur af miðasölu séu ólöglegar.

Þá má gera ráð fyrir að áhugi landeigenda hverfi eins og dögg fyrir sólu.

Almannarétturinn gildir á öllu óræktuðu landi, burtséð frá eignarhaldi. Undantekningar eru þó til, t.d. varplönd eða viðkvæmir hraunhellar o.s.frv.

**Í 14. grein náttúruverndarlaga segir:**
*„Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustíga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.“*

Það eina sem landeigendur geta gert er að loka svæðum sem þeir telja vera undir álagi, en það hlýtur að vera brot á almannarétti að krefjast aðgangseyris á þeim forsendum að landið sé lokað fyrir þá sem ekki vilja borga en opið fyrir hina. **Annaðhvort er för fólks bönnuð, eða ekki. Svæðið er þá lokað eða opið.**

Þar að auki er það galið að engin sönnunarbyrði hvíli á þeim um skemmdir á landi, ef þeir hyggjast loka því einhverra hluta vegna. Ákvæðið býður upp á fullkomna misnotkun af hendi landeigenda. Dæmi eru um slíkt víða um land.

„Þeir greiða sem njóta“ er kjörorð Kerfélagsins og nýjasta tískuorð ferðamálaráðherra.

Eða er það kannski „þeir græða sem brjóta“ – lögin.

**visir.is**
Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi

# Viðbótarlífeyrissparnaður eykur enn gildi sitt

FJÁRMÁL



Ólafur Páll Gunnarsson
verkefnastjóri lífeyrissparnaðar hjá Landsbankanum og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins

**➜ Með því að greiða inn á íbúðalánið með viðbótarlífeyrissparnaði nýtur viðkomandi skattaafsláttar og mótframlags launagreiðanda auk þess sem innborgunin lækkar heildarvaxtagreiðslu og -verðbætur.**

Stjórnvöld hafa nú kynnt aðgerðir í skuldamálum heimilanna. Þær eru tvíþættar, þ.e. annars vegar er um að ræða niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar skattfrjálsa ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar til lækkunar höfuðstóls húsnæðislána eða til kaupa á íbúðarhúsnæði.

Viðbótarlífeyrissparnaður er afar hagkvæmt sparnaðarform, m.a. vegna mótframlags launagreiðanda og undanþágu inneignar frá fjármagnstekjuskatti. Tekjur sem ráðstafað er til viðbótarlífeyrissparnaðar eru skattfrjálsar en tekjuskattur er greiddur við úttekt. Sú ráðstöfun sem stjórnvöld hafa nú kynnt um skattfrjálsa úttekt viðbótarlífeyrissparnaðar, að hámarki 1,5 milljónir króna á þremur árum, og nýta má til greiðslu inn á húsnæðislán eða til húsnæðiskaupa, gerir sparnaðinn enn fýsilegri.

**Greiddur inn á lán**

Að greiða niður skuldir er árangursrík leið til eignamyndunar. Með því að greiða inn á íbúðalánið með viðbótarlífeyrissparnaði nýtur viðkomandi skattaafsláttar og mótframlags launagreiðanda auk þess sem innborgunin lækkar heildarvaxtagreiðslu og -verðbætur. Aðili sem greiðir eina milljón króna í viðbótarlífeyrissparnað og fær hálfa milljón króna í mótframlag atvinnurekanda getur vænst þess að fá 2,1 milljón króna eftir skatt að 25 árum liðnum á föstu verðlagi.

Ef sami aðili greiðir sömu fjárhæð inn á fasteignalán og heldur sömu greiðslubyrði á lánunum myndi skuld hans lækka um fjórar og hálfa milljón króna að 25 árum liðnum, jafnframt á föstu verðlagi. (Forsendur útreiknings miðast við 3,5% raunávöxtun lífeyrissparnaðar, 4,5% raunvexti af fasteignalánum og 40% tekjuskatt.) Eins og framangreind dæmi sýna getur einnar milljónar króna skattfrjálst framlag launþega lækkað lán um margfalda þá upphæð. Fáir fjárfestingarkostir í dag fela í sér jafn háa ávöxtun, auk þess sem niðurgreiðsla skulda er í raun ígildi áhættulausrar fjárfestingar.

**Húsnæðiskaup**

Samkvæmt frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, verður fólki heimil skattfrjáls úttekt á viðbótarlífeyrissparnaði sem myndast á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, og nýta má hana til húsnæðiskaupa. Skilyrði er að inneign verði nýtt til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og að rétthafi hafi ekki verið eigandi íbúðarhúsnæðis frá 1. júlí 2014 þar til heimildin er nýtt.

Heimildin takmarkast við 1,5 milljóna króna ráðstöfun á hverja fasteign, þ.e. hvert heimili. Heimildin gildir í 5 ár. Þá er miðað við að heimildina megi nýta vegna nýbygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota og að sama gildi um kaup á búseturétti. Hægt verður að nýta báða þætti úrræðisins, safna t.d. fyrir útborgun í tvö ár og greiða svo inn á húsnæðislán í eitt ár. Skattfrjáls ráðstöfun viðbótarlífeyrissparnaðar til húsnæðiskaupa mun því án efa flýta fyrir nauðsynlegri eignamyndun húskaupenda og hækka eiginfjárframlag, ekki síst þeirra sem hyggja á fyrstu kaup.

**Mikilvægt að kynna sér kostina**

Ráðstöfun skattfrjáls viðbótarsparnaðar inn á húsnæðislán eða til húsnæðiskaupa er hagstæður kostur fyrir þá sem vilja hámarka tekjur sínar og byggja upp eigið fé á sama tíma. Aðgerðir stjórnvalda eru til þess fallnar að hraða eignamyndun en á sama tíma munu þær treysta í sessi það mikilvæga sparnaðarform sem viðbótarlífeyrissparnaðurinn er.

# Drauma dagar

## Dagar sem láta sjónvarpsdrauminn rætast

SAMSUNG

**Tækifærisverð í sinni tærustu mynd.**

Við gerum okkur dagamun þessa dagana og bjóðum draumasjónvörpin frá Samsung á sannkölluðu tækifærisverði.
Líttu við hjá okkur og kynnti þér sjónvarpstæki í sinni tærustu mynd.

*Bjóðum* ***30% afslátt*** *af völdum Samsung heimabíóstæðum á Draumadögum.*

SJÁ NÁNAR Á:
www.samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 | SÍMI 530 2900

ORMSSON

| | | | |
|---|---|---|---|
| ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535 | ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751 | ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000 | ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515 |
| ORMSSON **PAN-NESKAUPST** SÍMI 464 1515 | ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038 | ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160 | |




UE46F5005AK

*ÁÐUR: 189.900,-*

***NÚ: 159.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***30.000,-***

LED | Clear Motion Rate: 100 Hz | Upplausn: 1920x1080p / FULL HD | Mega skerpa | USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist | Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 | Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit | Heyrnartól




UE50F5005AK

*ÁÐUR: 249.900,-*

***NÚ: 199.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***50.000,-***

LED | Clear Motion Rate: 100 Hz | Upplausn: 1920x1080p / FULL HD | Mega skerpa | USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist | Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 | Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit | Heyrnartól




UE46F6675

*ÁÐUR: 299.900,-*

***NÚ: 269.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***30.000,-***

LED | Clear Motion Rate: 600 Hz | Upplausn:1920x1080p FULL HD | Skjár: Clear | Skerpa: Mega | AllShare | USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist | Upptöku möguleiki | Netvafri | Social TV | Sjónvarpsmóttakari: Digital, analog og gervihnatta | Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1xScart, Komponen | Komposit, LAN | Heyrnartól




UE60F6105

*ÁÐUR: 469.900,-*

***NÚ: 349.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***120.000,-***

LED | Clear Motion Rate: 200 Hz | Upplausn: 1920x1080p / FULL HD | Mega skerpa | USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist | Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2 | Tengingar: 2xHDMI, 1xUSB, 1xScart, Komponent, Komposit | Heyrnartól




EISA AWARD Best Product 2013-2014 SMART TV Samsung UE55F8000

UE55F8005

*ÁÐUR: 599.900,-*

***NÚ: 539.900,-***

*VERÐLÆKKUN* ***60.000,-***

*Glæsilegt verðlaunatæki*

LED | Nýjasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárinn er í öllum 8000 tækjunum.

Til í stærðum: 40"/46"/55"/65"/75"

# Að ráða eigin lífi, búsetu og búðarferðum

SAMFÉLAG



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir**
framkvæmdastjóri Nýprents ehf. og fulltrúi í nefnd ÖBÍ um kynningu á SRFF

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) var undirritaður fyrir Íslands hönd í marsmánuði 2007. Markmið hans er að tryggja fötluðu fólki mannréttindi til jafns við ófatlað fólk á öllum sviðum samfélagsins. Til að samningurinn hafi áhrif þarf að innleiða efni hans í íslensk lög. Því miður geta íslensk stjórnvöld ekki státað af því að hafa náð því takmarki og stefna raunar í að verða meðal síðustu valdhafa aðildarríkja samningsins til að innleiða efni hans í lagabálka sína.

SRFF er mikilsvert framfaraskref að því takmarki að tryggja réttindi fatlaðs fólks. 19. grein samningsins fjallar um sjálfstæða búsetu, félagslega þjónustu og rétt til þátttöku í samfélaginu.

Fyrri liður greinarinnar segir að fatlaðir einstaklingar skuli hafa val um hvar, hvernig og með hverjum þeir búa. Að þeim verði ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir. Fæstir gera sér grein fyrir því hvað ný byggingarreglugerð er mikilsvert framlag til réttindabaráttu fatlaðs fólks. Reglugerðin gerir fötluðu fólki á Íslandi kleift að eiga val um búsetu.

Engu að síður er víða pottur brotinn varðandi aðgengi. Auðvitað á aðgengi að vera í lagi alls staðar. Fatlaðir einstaklingar eiga að geta farið í verslanir, í heimsókn til ömmu, vina eða barnanna sinna án vandkvæða. Við byggjum öll þetta land og eigum öll að hafa tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif á samfélagið. Forsendan fyrir því er að gera þjóðfélagið aðgengilegt, þannig að fatlað fólk geti t.d. tekið þátt í viðburðum tengdum börnum sínum eða komist inn á vinnustað eins og annað fólk.

Í seinni hluta greinarinnar segir að fatlað fólk skuli hafa aðgang að margskonar félagsþjónustu, s.s. aðstoð inni á heimili og í búsetuúrræðum og öðrum stuðningi til samfélagsþátttöku. Í því felst persónulegur stuðningur til að geta lifað og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Ég er ekki ein um að telja að notendastýrð, persónuleg aðstoð (NPA) gagnist fötluðu fólki best til að uppfylla þetta. Reynslan af NPA sem tilraunaverkefni sveitarfélaganna lofar góðu, úrræðið hefur reynst manneskjulegt og verulega valdeflandi í víðum skilningi þess orðs.

### Innihaldsríkara líf

NPA byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf (Independent living) sem á rætur sínar að rekja til mannréttindabaráttu fatlaðs fólks á 8. áratug 20. aldarinnar. Hugmyndafræðin er að allar manneskjur, óháð, eðli og alvarleika skerðingar, geti tekið eigin ákvarðanir, stjórnað eigin aðstoð og mótað eigin lífsstíl. Að fatlað fólk eigi rétt á að ákveða og velja sjálft sína þjónustu, stjórna eigin lífi og taka virkan þátt í samfélaginu. Í raun færist valdið frá þjónustukerfinu yfir til fatlaðs fólks með NPA. Von mín er sú að NPA verði lögfest sem meginform þjónustu við fatlað fólk í árslok 2014 eins og stefnt hefur verið að.

**➔ Fatlaðir einstaklingar eiga að geta farið í verslanir, í heimsókn til ömmu, vina eða barnanna sinna án vandkvæða. Við byggjum öll þetta land og eigum öll að hafa tækifæri til að taka þátt í og hafa áhrif á samfélagið.**

Áðurnefnd 19. grein veitir fötluðum einstaklingi vald til að taka einföldustu ákvarðanir sem ófatlaður einstaklingur teldi algjörlega sjálfsagða s.s. að fara út í búð, fara í bað, fara í skóla, baka heima hjá sér, halda matarboð o.s.frv. Fötluðu fólki yrði gert auðveldara og í sumum tilfellum kleift að sækja nám að eigin vali og stunda vinnu. Því yrði gert kleift að þroskast í sama umhverfi og ófatlaðir einstaklingar, þar sem fötlunin er ekki lengur hindrun og andlegt framlag/geta einstaklingsins yrði skýrara. Fatlaðir einstaklingar myndu öðlast nýja sýn á lífið. NPA stuðlar að innihaldsríkara lífi fatlaðrar manneskju og hvetur hana til dáða með þeim afleiðingum að framlag persónunnar og hún sjálf verður skýrari en fötlunin.

Fatlað fólk vonar að innleiðing SRFF lyfti grettistaki í réttindabaráttu þess. Með 19. greininni er fötluðu fólki rétt mikið réttlætistól. Þeir sem hafa neistann í sér til að verða gerendur í eigin lífi koma raunverulega til með að geta það. „Kerfið“ mun eiga erfiðara með að gleypa fatlaða einstaklinga og fötlunarvæða þá enn frekar. Þeir munu rísa upp og skila sér öflugri út í lífið.

# Styttri framhaldsskóli?

MENNTUN



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari

Illugi Gunnarsson vill stytta framhaldsskólann um a.m.k. 1 ár. Hann er kominn í gömlu, slitnu stuttbuxurnar af Ólafi G. Einarssyni, Birni Bjarnasyni og Tómasi I. Olrich. Þorgerður K. Gunnarsdóttir hætti við styttingu. Hún sá sveigjanleika núverandi kerfis þar sem nemar geta lokið stúdentsprófi á 3 árum ef þeir vilja.

Sumir telja að brottfall muni minnka og menntunarstig þjóðarinnar hækka verði af styttingu. Minna nám á jafnvel að leiða til hærra menntunarstigs! Samanburður milli landa er marklaus ef ekki er spurt um innihald náms heldur prófgráður, sem sumar eru blekking ein. Samanburður á brottfallstölum milli landa er ómarktækur vegna mismunandi skráningar.

Brottfall fyrsta árs nema við HÍ er um 35%. HÍ telur stöðupróf koma til greina, sem þýðir að sum stúdentsprófsskírteini teljast ómarktæk. Framhaldsskólar fá fjárveitingar eftir fjölda nema sem taka lokapróf. Niðurskurðarhnífurinn er á hálsi skólameistara og kennarar undir miklum þrýstingi. Ábyrgð á slöku gengi nemenda er velt á kennara, fjárveitingar til skóla skornar niður, sem bitnar á launakjörum kennara. Kennarar eru þvingaðir til að hleypa sem flestum í gegn, ekki er staðið við eðlilegar námskröfur, einkunnabólga á sér stað og nemar fá fölsk stúdentspróf.

Með hliðsjón af ofangreindu þarf Illugi Gunnarsson að velta fyrir sér hvort yngri stúdentar með skert stúdentspróf séu líklegir til að standa sig betur í háskóla en nú er. Eða er háskólum ætlað að setja vanbúna stúdenta í undirbúningsnám áður en þeir geta hafið hið raunverulega háskólanám?

Bent hefur verið á erlendar skýrslur sem segja að stytting náms til stúdentsprófs um 2 ár auki landsframleiðslu um 3-5%. Eigum við þá ekki frekar að stytta um 6 ár með 9-15% aukningu á landsframleiðslu? Líklega kæmust reiknimeistararnir að því að bókmenntakennsla í framhaldsskólum auki ekki landsframleiðslu. Eigum við þá að hætta henni? Frjálshyggjupostular vita að menntun kostar fé, en skilja illa að þau verðmæti sem hún skapar verða ekki öll mæld í krónum.

### Lengja námið í Þýskalandi

Menntamálaráðherra segir ekkert um framkvæmdina sjálfa. Á að skera niður námsefni og þá hvað? Á að kenna námsefni 4 ára á 3 árum? Á að lengja skólaárið verulega og fórna sumarvinnu nemenda? Ætlar ríkið að veita nemendum námsstyrki þegar sumarvinnan er horfin? Hvað kostar það? Ráðherrann svarar engu um þetta en reynir að þvinga framhaldsskólakennara til að samþykkja styttingu, annars fái þeir ekki launaleiðréttingu.

Íslendingar nota líklega meiri tíma en flestir aðrir í tungumálanám. Viljum við skera niður nám í 3. máli eða hætta að kenna dönsku? Á Norðurlöndum er gert ráð fyrir að stúdentsprófi sé lokið við 19 ára aldur. Síðast þegar ég vissi útskrifuðust aðeins 11% danskra pilta og 20% stúlkna á tilsettum tíma. Sums staðar í Þýskalandi var hægt að ljúka stúdentsprófi við 18 ára aldur. Nú er verið að lengja námið þar um 1 ár.

Fyrir 40 árum fóru um 30% hvers árgangs í menntaskóla eftir að hafa staðist landspróf. Nú þarf enginn að standast próf og um 95% hvers árgangs fara í framhaldsskóla. Breiddin í námsgetu hefur aukist mikið og margir standa illa. 30% stráka koma ólæs úr grunnskóla. Ekki er óalgengt að helmingur nema standist ekki námskröfur í byrjunaráföngum framhaldsskóla. Meðan staðan er svona veitir ekki af 4 ára framhaldsskóla til að stoppa í götin og búa nemendur sómasamlega undir háskólanám. Margir eiga enga möguleika á að ná stúdentsprófi á 3 árum nema námsefni verði skert verulega og kröfur minnkaðar svo að prófið yrði markleysa. Ráðherra menntamála ætti að finna leiðir til að bæta læsi grunnskólanema áður en hann viðrar þá hugmynd að stytta framhaldsskólann.

**➔ Með hliðsjón af ofangreindu þarf Illugi Gunnarsson að velta fyrir sér hvort yngri stúdentar með skert stúdentspróf séu líklegir til að standa sig betur í háskóla en nú er.**

Margir klifa á því að við eigum að stytta námstíma til stúdentsprófs til samræmis við aðrar þjóðir. Þetta eru léttvæg rök. Við eigum að gera það sem okkur finnst skynsamlegt í stað þess að herma eftir öðrum. Umræðan ætti að snúast um inntak og gæði námsins en ekki eingöngu um sparnað enda er framhaldsskólinn hér ódýrari en víða. Aðalatriði er að nemendur fái gott nám til stúdentsprófs þannig að þeir verði vel undir háskólanám búnir. Stytting framhaldsskólans gengur gegn því.












FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## GISELE SYNGUR

**Fyrirsætan Gisele Bündchen hefur tekið upp lagið Heart of Glass eftir Blondie fyrir H&M. Þetta er í annað sinn sem hún þenur raddböndin fyrir fatarisann en í fyrra söng hún lagið All Day and All of the Night eftir Kinks í auglýsingaherferð fyrir haust- og vetrarlínu fyrirtækisins.**




# MAGNESÍUMSPREY – HREINASTA SNILLD

**GENGUR VEL KYNNIR** *Unnur Pálmarsdóttir, líkamsræktarfrömuður, hóptímakennari og stöðvarstjóri, hugsar vel um heilsuna. Hún kolféll fyrir Magnesíum Sport-spreyinu frá Better You og notar það ávallt fyrir og eftir æfingar enda tryggir það hámarksupptöku.*

Unnur Pálmarsdóttir MBA, eigandi og framkvæmdastjóri Fusion Fitness Academy og stöðvarstjóri World Class á Seltjarnarnesi, hefur stundað líkamsrækt um langt skeið með frábærum árangri. Hún hefur kennt heilsurækt, þolfimi og dansfitness úti um allan heim í yfir 30 löndum og á að baki fjölda Íslandsmeistaratitla.

„Ég trúði því varla hvað Magnesíum Sport-spreyið virkaði vel! Eftir þungar líkamsæfingar og mikið svitatap er frábært að taka inn steinefnið magnesíum því við töpum því í gegnum svita og það getur leitt af sér aukna þreytu, harðsperrur og vöðvakrampa. Magnesíum Sport-spreyið er sérstaklega áhrifaríkt við orkumyndun og endurheimt vöðva. Með því að spreyja magnesíum beint á húðina skilar það sér hratt og örugglega inn í frumur líkamans og tryggir hámarksupptöku. Mér finnst best að nota það á helstu álagspunkta líkamans fyrir og eftir æfingar og kvölds og morgna þegar ekki er æft, til að tryggja sem besta nýtingu og fyrirbyggja álagsmeiðsl. Fólk hefur helst verið að taka magnesíum í töflu- eða duftformi en rannsóknir hafa sýnt fram á að magnesíum í spreyformi nýtist okkur betur og veldur ekki magaónotum eða niðurgangi eins og margir upplifa við magnesíuminntöku, svo er það líka einstaklega handhægt. Ég er alltaf með eitt með mér í íþróttatöskunni,“ segir Unnur.



### KEMUR Í VEG FYRIR KRAMPA

„Ég mæli með að allt íþróttafólk sé með Magnesíum Sport-sprey í íþróttatöskunni til að spreyja á sig fyrir og eftir æfingar.“

### ÚTSÖLUSTAÐIR

***Lyfja, Lyf og heilsa, flest apótek, Fjarðarkaup, Heilsuhúsið, Tri, Systrasamlagið, Þín verslun Seljabraut, Crossfit Reykjavík og Lyfjaver/Heilsuver.***

***Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.***

### GOTT AÐ SPREYJA FYRIR OG EFTIR ÆFINGAR

„Ég mæli eindregið með magnesíumspreyinu frá Better You því það hefur hjálpað mér við endurheimt vöðva og til að koma í veg fyrir krampa og harðsperrur.“















# ENDURNÝTING Í TÖSKUHÖNNUN

**SÝNING** *Handverk og hönnun efndi til samkeppni í töskuhönnun. Afraksturinn er sýndur á annarri hæð í Kringlunni.*

Við stóðum fyrir samkeppni í töskuhönnun þar sem hvatt var til endurnýtingar og endurvinnslu á efni. Við fengum vel yfir hundrað töskur sendar inn svo það var hreint ekki auðvelt að velja úr en á sýningunni eru tuttugu og þrjár töskur,“ segir Fjóla Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar, en á annarri hæð í Kringlunni stendur nú yfir sýningin Töskur.

Töskurnar eru úr ólíkum efnum, dagblöðum, niðursuðudósum, dekkjaslöngum, rekavið, leðri og sigtum svo eitthvað sé nefnt. Samkeppnin var öllum opin en þetta er í annað sinn sem Handverk og hönnun stendur fyrir samkeppni um töskuhönnun. Sýningin stendur til 9. apríl.

Fram undan er síðan vorsýning Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu dagana 15. til 19. maí og segir Fjóla undirbúning kominn á fullt. Metþátttaka var í haustsýningu Handverks og hönnunar sem fram fór í nóvember. „Það varð algjör sprenging og í fyrsta sinn sem sýningin stóð yfir tvær helgar.“


**ENDURUNNIN PAKKABÖND** Hönnun: Fríða Ragnarsdóttir.


**ENDURUNNIN DAGBLÖÐ** Hönnun: Jóna Imsland.


**TASKA ÚR LEÐURBÚTUM** Hönnun: Helena Sólbrá.


**KÁLFSLEÐUR OG REKAVIÐUR** Hönnun: Ragnheiður Guðjónsdóttir/Sifka Design.



**PAPPÍRSUMBÚÐIR** Hönnun: María Manda.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# 2 bókstafir, fullkomin húð á 1 augnabliki






## BB krem frá Garnier

**5 frábærir eiginleikar**

- Jafnar húðlit
- Rakagefandi
- Hylur
- Gefur ljóma
- Sólarvörn SPF 15

**Hvað er BB krem?**
BB krem (Blemish Balm) er fegurðarleyndarmál frá Asíu með byltingarkenndri formúlu sem sameinar í einu skrefi það besta í húðumhirðu og örfínar litaragnir sem láta húðina ljóma.

**Miracle Skin Perfector**
Kraftaverkakremið frá Garnier- 5-í-1 fyrir fullkomna húð á augnabliki.

**Miracle** Skin Perfector
**5-í-1**-KREMIÐ

Take care.
GARNIER



DONNA KARAN

**Enginn skilur þarfir útivinnandi kvenna eins vel og Donna Karan.** Hönnun hennar er byggð á þeirri hugmyndafræði að konur geti farið beint af skrifstofunni í kokteilpartíið. Fáguðum og praktískum stíl er blandað saman við kvenlegar og glæsilegar flíkur. Donna Karan lærði hönnun í Parson's School of Design. Eftir námið fékk hún starf hjá Anne Klein og þar vann hún sig upp í stöðu yfirhönnuðar árið 1974. Tíu árum seinna sendi hún frá sér sína eigin línu sem sló í gegn um leið. Í dag er íþróttafatnaður, förðunarvörur og húsbúnaður framleiddur í hennar nafni. Árið 2001 seldi hún LVMH fyrirtæki sitt fyrir tæplega 73 milljarða íslenskra króna. Hún starfar enn sem yfirhönnuður hjá fyrirtækinu. „Þú verður að vera góður hönnuður til að ná langt í dag. Merkið eitt dugar ekki, þetta snýst ekki bara um að setja vörumerki á stuttermabol.“



DOLCE & GABBANA

**Domenico Dolce vann í fatahönnunarfyrirtæki föður síns þegar hann hitti listnemann Stefano Gabbana.** Þeir fundu út að þeir höfðu svipaðan smekk og deildu áhuga á því að byrja með eigið fyrirtæki. Árið 1985 var fyrsta sýning Dolce & Gabbana haldin í Mílanó og síðan þá hafa þeir verið leiðandi í ítalskri hönnun. „Við elskum kvenlíkamann. Coco Chanel hafði rangt fyrir sér þegar hún sagði að karlmenn gætu ekki hannað föt á konur.“

MYNDIR/AFP NORDIC

# BREYTTU ÁSÝND TÍSKUHEIMSINS

***HÖNNUN** Nöfn þekktra hönnuða eru flestum vel kunn og er reglulega fjallað um þá á síðum blaða og tímarita og í ljósvakamiðlum um víða veröld. Hinn almenni Jón og Gunna vita hins vegar eflaust lítið meira en að þetta eru hönnuðir en greina ekki á milli þeirra eða hönnunarinnar sem þeir standa fyrir. Hér er stuttlega gerð grein fyrir nokkrum heimsfrægum hönnuðum.*



GUCCI

**Allt frá því Guccio Gucci var söðlasmiður í Flórens á þriðja áratug síðustu aldar** þar til hann hannaði fyrsta skóinn sem sýndur hefur verið í MoMa, Nýlistasafni New York-borgar, má augljóst vera að hann hefur auga fyrir gæðum. Á sjöunda áratugnum var hann orðinn einn þekktasti hönnuður heims og merki hans, „G“, orðið meira en vörumerki, það var orðið tákn um gæði og lúxus. Á komandi áratugum fjaraði heldur undan merkinu vegna fjölskyldudeilna og slæmra viðskiptahátta. Þegar Tom Ford gerðist yfirhönnuður fyrirtækisins á tíunda áratugnum reisti hann veldi Gucci hins vegar við aftur. „Gæða er minnst löngu eftir að verð er gleymt,“ hefur verið haft eftir Gucci.

Á myndinni má sjá módel í kjól sem er augljós Gucci-hönnun.



CHANEL

**Hugmyndafræði hönnunar Gabrielle „Coco“ Chanel er best lýst með hennar eigin orðum: „Lúxus þarf að vera þægilegur, annars er hann enginn lúxus.“** Engin ummæli frá konunni sem færði okkur „litla, svarta kjólinn“ eru eins lýsandi. Hönnun Coco-ar frelsaði konur frá hömlum og þvingunum hefðbundins fatnaðar þess tíma með því að gefa þeim færi á að klæðast víðum kjólum og þægilegum gallabuxum. Segja má að hún hafi umbylt tískuheiminum en hún er eini fatahönnuðurinn á lista Time-tímaritsins yfir 100 áhrifamestu manneskjur 21. aldarinnar.

Á myndinni má sjá kjól sem er í anda Chanel, víður en kvenlegur.


TILBOÐ

Nicovel Fruit og Mint

498kr/pk til 6. apríl

(áður 598kr/pk)

BÓNUS

VILTU HÆTTA AÐ REYKJA?




Nicovel® lyfjatyggigúmmí

**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.


Vor í Flash
30% afsláttur
af völdum vörum
Bolir áður 5.990
nú 3.990 kr.
• Kjólar áður 16.900 nú 9.990
• Mussur áður 14.990 nú 7.990
• Buxur áður 12.990 nú 8.990
• Blússur áður 9.990 nú 6.990
• Og margt, margt fleira
FLASH
Pils áður 12.990
nú 8.990 kr.
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Fleiri myndir á Facebook
f

# KÍNA Á TOPPI TÍSKUHEIMSINS

**TÍSKA** *Tískuvika fór fram í Peking nýlega. Einn þeirra hönnuða sem vöktu mikla athygli var hinn kínversk-hollenski Hu Sheguang. Kínverski tískuiðnaðurinn hefur vaxið á ógnarhraða og er nú einn sá áhrifamesti og stærsti í heimi.*



**HU SHEGUANG** Haust- og vetrartíska 2014/2015 SECCRY Hu Sheguang sem var kynnt á Mercedes Benz-tískuvikunni í Peking nýverið. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrir tæpum þremur áratugum notuðu Kínverjar opinbera skömmtunarmiða til að kaupa sér klæði. Flestir Kínverjar, bæði konur og karlar, gengu í svoköll-uðum Zhongshan-göllum sem einnig hafa verið kallaðir Mao-jakkaföt. Gallinn þótti hentugur auk þess sem hann passaði vel í samleitnihugmyndir kommúnismans.

Tískuiðnaðurinn í Kína hefur breyst ótrúlega á örfáum áratugum og heldur áfram að þenjast út á ógnarhraða. Kínverjar sjálfir eru orðnir afar tískumeðvitaðir og kaupa sér merkjaföt, bæði innlend og erlend. Kínverski fataiðnaðurinn er að sama skapi afar stór og sér heiminum fyrir einum þriðja af þeim fötum sem seld eru í heiminum. Kína er þó ekki aðeins verksmiðja fyrir erlenda fataframleiðendur og erlenda hönnuði. Kínverskir hönnuðir hafa sótt í sig veðrið og eru nú virkir þátttakendur í tískuþróun heimsins.

Gott dæmi um það má sjá á tískuvikunni í Peking sem haldin hefur verið tvisvar á ári frá 1997. Tískuvikan er virt innan tískuheimsins en þar koma fram bæði innlendir og erlendir hönnuðir og sýna það sem hæst ber í tískunni það árið.

Á því var engin undantekning á tískuvikunni sem haldin var í lok mars. Meðal þeirra sem sýndu í vikunni var kínversk-hollenski hönnuðurinn Hu Sheguang. Íburðarmikil klæði hans vöktu verðskuldaða athygli en þó vakti sýningin ekki síður athygli fyrir þá sök að þrjár fyrirsætur duttu á tískupöllunum. Kannski ekki að furða þar sem skórnir voru flestir með um 20 cm hæl.










# VORSPRENGJA

# 20-60%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM



NÝ SENDING

COSMO
Kringlunni

# SUMARIÐ GYLLT OG SILFRAÐ

**MARTA JONSSON KYNNIR** *Sumarlína skóhönnuðarins Mörtu Jonsson er að miklu leyti gull- og silfurslegin. Aðrir litir eru margir með metaláferð. Að sögn Mörtu fer þessi tíska vel við nánast hvað sem er.*

Skóhönnuðurinn Marta Jonsson, sem býr og starfar í London, rekur tólf skóverslanir á erlendri grund og hefur framleitt skó fyrir mörg af stærstu tískuhúsum heims. Hún opnaði verslun undir eigin nafni á Laugavegi 51 í fyrra. Þar gaf hún viðskiptavinum góð ráð á HönnunarMars um síðustu helgi. „Mér finnst eins og ég sé komin heim þegar ég kem í búðina á Laugavegi þó ég hafi verið búsett í London í yfir tuttugu ár. Ég byrjaði minn skóferil á Laugaveginum og þar á ég mínar rætur.“



**MARTA JONSSON** Rekur tólf verslanir á erlendri grund og eina á Laugaveginum.

Marta býður breiða skólínu fyrir konur og karla og veit upp á hár hvaða straumar og stefnur ríkja hverju sinni. „Í sumarlínunni er til dæmis mikið um gull og silfur sem fer vel með nánast hverju sem er,” segir Marta. Hún segist sjálf gefin fyrir glingur og finnst því ekki leiðinlegt að geta leyft stórum hluta af sumarlínunni að njóta sín í því líki. „Þá er bronsliturinn áberandi auk þess sem aðrir litir eru gjarnan með metaláferð,“ segir Marta. „Má þar nefna metalbleika skó en hvenær hefur kona getað neitað sér um eitthvað bleikt á sumrin?“

Marta segir ekki spilla fyrir að skórnir eru þekktir fyrir þægindi og er tábergið til að mynda sérstaklega mjúkt.

Meðfylgjandi er brot úr línunni en frekara úrval er að finna á www.martajonsson.com.








## GOTT FYRIR HÁRIÐ

*Til að hárið verði fallegt er nauðsynlegt að borða holla fæðu. Hárið sýnir hvernig heilsunni er háttað.*

Ástand hársins er líkt og ástand húðarinnar merki um það hvernig heilsu hvers og eins er háttað. Heilbrigði hársins hangir saman við heilbrigði líkamans. Frumurnar sem hvert einasta hár er samsett úr þurfa sinn skammt af helstu næringarefnum.
Til að halda hárinu fallegu, gljáandi og sterku er nauðsynlegt að borða hollt og gott fæði og fá rétta skammta af vítamíni og steinefnum. Hér eru nokkrar fæðutegundir sem gott er að borða til að hárið líti vel út.

**PRÓTÍN**
Ef prótínið vantar í fæðuna verður hárið þurrt, veikt og stökkt. Þegar prótínskammtarnir eru orðnir mjög takmarkaðir er hætta á hárlosi. Kjúklingur, kalkúnn, fiskur, mjólkurvörur og egg eru fyrirtaks uppspretta prótíns sem og baunir og hnetur.

**JÁRN**
Járn er hárinu afskaplega mikilvægt og er skortur á því ein aðalástæða hárloss. Blóðflæði í hársekkina þarf að vera gott og ef það skerðist verður hárið líflaust. Dýraafurðir, rautt kjöt, kjúklingur og fiskur eru járnrík en grænmetisætur geta fengið sér baunir, spínat og grænt grænmeti til að fylla á járnbirgðirnar.

**A-VÍTAMÍN**
A-vítamín er nauðsynlegt svo líkaminn geti framleitt húðfitu. Fitukirtlar í hársverðinum framleiða húðfituna og er hún nokkurs konar náttúruleg hárnæring og nauðsynleg fyrir heilbrigðan hársvörð. Án hárfitunnar getur hárið orðið þurrt og kláði í hársverðinum orðið vandamál. Til



**FALLEGT HÁR** Svo hárið verði fallegt er gott að borða prótínríkt fæði og passa upp á að fá öll helstu vítamín og steinefni.

að fá A-vítamín er gott að borða gult/appelsínugult grænmeti eins og gulrætur, grasker og sætar kartöflur.

**SINK OG SELEN**
Skortur á sinki og öðrum steinefnum getur orsakað hárlos og þurran hársvörð. Vítamínbætt morgunkorn og heilhveiti eru góð uppspretta sinks sem og ostrur, nautakjöt og egg.

**E-VÍTAMÍN**
Sólin hefur slæm áhrif á hárið eins og húðina svo mikilvægt er að borða E-vítamínríkt fæði til að verja það. Hnetur eru góður E-vítamíngjafi en í þeim er einnig sink og selen.

**BÍÓTÍN**
Bíótín er vatnsleysanlegt B-vítamín. Skortur á bíótíni getur gert hárið stökkt og valdið hárlosi. Bíótínríkar fæðutegundir eru heilhveiti, lifur, egg, eggjarauða og ger.

# ERTU MEÐ KVEF?

**INNLAND KYNNIR** *Viltu losna við kvefið? Þá borgar sig að prufa Fort Frisk.*

Pelargóníuextrakt er talið geta unnið gegn veirusýkingum, bakteríusýkingum og verið styrkjandi fyrir ónæmiskerfið. Lúðvík Ásgeirsson, innkaupa- og markaðsstjóri hjá Innlandi sem flytur inn Fort Frisk, segir það borga sig að reyna Fort Frisk þegar kvef herjar á. „Fort Frisk er unnið úr pelargóníu sem er mögnuð lækningajurt. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á virkni pelargóníu hafa sýnt fram á að hún getur hjálpað til við bata kvefs, berkjubólgu, ennis- og kinnholubólgu og bólgu og sýkingar í hálskirtlum. Hún virðist geta komið í veg fyrir að bakteríur setjist í slímhúð öndunarvegarins og örvað ónæmiskerfið til að takast á við sýkingar,“ segir hann.




**FORT FRISK** Fort Frisk er unnið úr pelargóníu sem talin er hafa styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið.

Pelargónía hefur verið notuð sem lækningajurt í Suður-Afríku í mörg hundruð ár gegn kvefi, berkjubólgu, sýkingum í efri öndunarvegi og jafnvel berklum. „Saga jurtarinnar í Evrópu hefst með Charles Stevens sem varð veikur af berklum árið 1897 og var sendur til Suður-Afríku til lækninga, en þar lét náttúrulæknir hann taka inn pelargóníurót og öðlaðist hann fullan bata. Í kjölfarið tók hann jurtina með sér heim til Englands og hóf sölu á malaðri pelargóníurót í lækningaskyni og þá fyrst og fremst við berklum,“ segir Lúðvík.

Þegar lyf höfðu verið þróuð við berklum þá má segja að pelargóníurótin hafi gleymst þar til nýlega að hún hefur aftur náð athygli manna og þá sérstaklega vegna þess að nú hafa verið gerðar vísindalegar rannsóknir á henni sem sýna fram á mikla virkni.

„Pelargóníurótin virkar aðallega þegar einkenni hafa komið fram en fyrirbyggjandi eiginleikar hennar hafa ekki verið staðfestir og aukaverkanir af notkun rótarinnar eru ekki þekktar.“

Fort Frisk er fáanlegt á eftirfarandi stöðum: Lyfju, Heilsuhúsunum, Lyfjavali Mjódd, Austurbæjarapóteki, Apóteki Vesturlands, Garðs Apóteki, Apóteki Garðabæjar, Urðarapóteki, Lyfjaveri, Apótekinu, Árbæjarapóteki, Akureyrarapóteki, Rima Apóteki, Lyfjum og heilsu, Lyfsalanum Glæsibæ, Reykjarvíkur Apóteki, Apóteki Ólafsvíkur og Lyfjavali Álftamýri.


AKUREYRI
www.visitakureyri.is
Upplýsingamiðstöð í HOFI | 600 Akureyri | tel. 450 1050 | info@visitakureyri.is

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. Bókanir hafnar fyrir sumarið. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að ýmis smærri verkefni. Uppl.8478704,manninn@hotmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Byggingarvinna. Flísa, gipsveggur, mála úti og inni. Smíða palla og legg parket. Gott verð . s. 7718013

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir


CASA-RAF

**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**
Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**AFMÆLISTILBOÐ**
Við erum 13 ára, 20% afsláttur af öllum vörum Bolur a mynd 3.992,- m/ afslætti Margir litir mörg munstur Tilboð gildir til sunnudags Opið til 10-22 alla virka daga. Laugardaga 10-20 Sunnudaga 13-20. Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077. Erum á facebook



**GÁMAGRINDUR**
2 stykki tveggja öxla gámagrindur á fjöðrum. Gott ástanda, ný sk. Verð 950 þ. + vsk per, stk uppl í síma 773-1630/895-8873 100% VISA/EURO möguleiki



Vörukassi með alopnun, hitunarbúnaður og álgólf. Mál 7,3x2,49x2,55 verð 890 þ + vsk uppl í síma 773-1630 100% VISA/EURO möguleiki



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðnum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



Frystigámur. Mjög góður 20 feta frystigámur verð 690 + vsk uppl í síma 773-1630 100% VISA/EURO möguleiki



Snjótönn Kwik-way verð 390 + vsk uppl í síma 773-1630 100% VISA/ EURO möguleiki

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin ) Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örorkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land www.hush.is

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

20%afslátt hjá Aqua Spa. Nudd, allskonar meðferðir, andlitshreinsun, andliðsböð, lýtin, plokkun og fl. Panta í s. 587 0191

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**NORSKA - ICELANDIC - STUNDASKRÁ:**
NORSKA I & II - NORSKA f. heilbrigðsigeira, ENSKA f. fullorðna. ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Byrja/Starting: 7/4, 5/5, 2/6, 30/6: Morgna/Síðdegi /Kvölds. Mornings/ Afternoons/Evenings. 4 vikur/5 x í viku- 4 weeks/5 days a week. Aukatímar: STÆ,TÖL, EÐL, EFN. www. iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.588 1160.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



Shihtzu rakki til sölu. Foreldrar með fråbæra dóma á sýningu Hrfi. Frábærir fjölskylduhundar! Uppl. í sima 6910938

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 150fm Iðnaðarhúsnæði á skemmuvegi í Kóp, Stórar innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl. í síma: 699 0778.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

## ATVINNA

## Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**KORNIÐ BAKARÍ**
Gott fólk óskast í bakaríin okkar á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið umsokn@kornid.is eða kornid.is

Óskum eftir að ráða til okkar vanan mann í trjáklippingar í fulla stöðu, einnig erum við að leita eftir vönum manni í hellulagningar. Áhugasamir sæki um á www.gardlist.is

## Atvinna óskast

Bifvélavirki með 30 ára reynslu og með meirapróf óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. s. 6156105 . emill_ one@hotmail.com

39ára gamall maður óskar eftir vinnu við byggingu. Ég hef vinnuvélaskírteini A og C. Uppl. í s. 7719668

34 ára KK óskar eftir vinnu, er með meirapróf. S. 564-5669.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## til sölu

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Breyting á Meðallandsvegi í Skaftárhreppi**
- **Náma við Þeistareykjaveg í Norðurþingi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr.106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **5. maí 2014.**

## fasteignir

225 Garðabæ (Álftanes)
**Norðurtún**



### Fallegt einbýlishús á einni hæð



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Fallegt einbýli á einni hæð samtals 227,3 m²
- Tvöfaldur bílskúr 54,8 m²
- Fimm svefnherbergi
- Fallegar stofur með mikilli lofthæð

Verð: **44,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póst dreifing

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-



Frestur til
að senda tilnefningar
er til miðnættis þann
23. apríl

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2014

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt.
Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.
**Verðlaunafé 1,2 milljónir.**

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.
Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í maí.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

†



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÍÐAR OLIVERSDÓTTUR**
**frá Hellissandi.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs fyrir ómetanlega umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

**Lovísa Árnadóttir** | **Viðar Pétursson**
**Finnur Árnason** | **Anna María Urbancic**
**Ingibjörg Árnadóttir** | **Jónas Þór Guðmundsson**
**Sigríður Erla, Pétur, Davíð, Finnur Árni, Árni Grétar, Ebba Katrín, Oliver Páll, Viktor Pétur, Guðmundur Már, Lovísa Margrét, Stefán Árni og Viðar Breki.**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR J. JÓNSDÓTTIR**
**Grandahvarfi 6a,**

er látin. Útförin verður auglýst síðar.

**Björn Guðmundsson**

**Margrét Björnsdóttir** | **Einar Hákonarson**
**Sigrún Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir** | **Sigurður Á. Sigurðsson**
**Jón Axel Björnsson** | **Karen Sigurkarlsdóttir**
**Björn Jóhann Björnsson** | **Vilhelmína Einarsdóttir**
**Unnur Ýr Björnsdóttir** | **Magnús Bogason**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLVEIG ÁRNADÓTTIR**

andaðist á Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnesi, sunnudaginn 30. mars. Hún verður jarðsungin frá Borgarneskirkju, laugardaginn 5. apríl kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.

**Eggert Margeir Þórðarson** | **Júlíanna Júlíusdóttir**
**Theódór Kristinn Þórðarson** | **María Erla Geirsdóttir**
**Guðrún Þórðardóttir** | **Gylfi Björnsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð við andlát og útför

**FANNÝJAR SIGURÐARDÓTTUR**
**Birkivöllum 1, Selfossi,**

sem lést á Ljósheimum, Selfossi, 17. mars.

**Ómar Halldórsson** | **Hildur Bjarnason**
**Erna Halldórsdóttir** | **Viðar Zophoníasson**
**Aþena, Urður, Halla, Halldór, Ásdís, Atli og aðrir aðstandendur.**

†



Elskuleg eiginkona mín,

**ÁSA TULINIUS**

lést á Droplaugarstöðum þann 30. mars 2014.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón Elís Björnsson**






**ÞETTA GERÐIST** 3. APRÍL 1948

## Marshall-aðstoðin veitt



Harry S. Truman Bandaríkjaforseti skrifaði undir Marshall-aðstoðina þennan dag árið 1948.

Hún var sett á laggirnar til að styrkja stríðshrjáðar þjóðir í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina og styðja og efla efnahagslegan uppgang í löndum álfunnar. Aðstoðin var skipulögð af bandaríska utanríkisráðuneytinu og átti meðal annars að vera liður í að auka samvinnu milli Evrópu og Bandaríkjanna. Hugmyndasmiðurinn var þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Marshall, sem sjóðurinn var kenndur við en miklar deilur sköpuðust um tilganginn þótt hann virtist göfugur.

Alls þáðu sextán þjóðir boð Bandaríkjanna um aðstoð, þar á meðal Íslendingar sem högnuðust einna mest á henni ef miðað er við höfðatölu því uppbyggingin á Íslandi eftir seinni heimsstyrjöldina var Marshall-aðstoðinni að miklu leyti að þakka. Hún tryggði að hjól atvinnulífsins fóru að snúast, innflutningur og útflutningur hófst að nýju eftir stríðið og líf fólks komst í fastar skorður.



**REYNSLUBOLTI** Marteinn heldur upp á fyrstu myndavélarnar sínar sem eru 50 ára gamlar. MYND/EINKASAFN

# Ungir listamenn með ljósmyndir og ljóð

Börn á aldrinum tíu til tólf ára opna í dag sýningu þar sem sýndar verða ljósmyndir þeirra og ljóð sem þau unnu undir leiðsögn Marteins Sigurgeirssonar.

„Þetta var gert í fyrsta sinn fyrir fimmtán árum,“ segir Marteinn Sigurgeirsson um sýningu á ljósmyndum og ljóðum tíu til tólf ára barna í Borgarbókasafninu. Marteinn hefur kennt ljósmyndun í grunnskólum Reykjavíkur í um það bil fjörutíu ár en undir leiðsögn hans tóku börnin ljósmyndir og ortu síðan ljóð við myndirnar.

„Ég held stuttan fyrirlestur um myndbyggingu og myndgreiningu og sendi þau síðan út að mynda,“ segir Marteinn. „Ég segi þeim frá nærmyndum, formum og reyni að fara í smá listræna skala með því,“ segir Marteinn sem kennir börnunum að mynda hið smáa í umhverfinu sem flestir taka ekki eftir dagsdaglega.

„Þá opnast alveg nýir heimar þegar krakkarnir fara að skoða þessa litlu hluti,“ segir Marteinn sem segir ljóðin sem börnin yrkja við myndirnar vera oft á tíðum alveg ótrúleg. „Ljóðin verða ansi skemmtileg og myndræn,“ segir Marteinn.

Sýningin verður opnuð í Borgarbókasafninu í dag klukkan þrjú en á sunnudaginn 6. apríl mun Marteinn vera með ljósmyndasmiðju í aðalsafni. Byrjað verður á því að fjalla stuttlega um ljósmyndun og í framhaldi af því fara þátttakendur út að taka myndir. Að því loknu verður rýnt í þær myndir sem teknar voru en smiðjan er ætluð stálpuðum krökkum, ungu fólki, fullorðnum og eru þátttakendur beðnir um að taka myndavélar með sér.

**„Þá opnast alveg nýir heimar þegar krakkarnir fara að skoða þessa litlu hluti.**

*Marteinn Sigurgeirsson*

baldvin@frettabladid.is

# Hefði orðið níræður

Stórleikarinn lést árið 2004, þá áttræður að aldri.



Stórleikarinn Marlon Brando hefði fagnað níutíu ára afmæli sínu í dag en hann lést þann 1. júlí árið 2004, þá áttræður að aldri. Marlon þarf vart að kynna en í hugum margra er hann einn besti leikari fyrr og síðar. Hann er hvað frægastur fyrir hlutverk sitt sem Terry Malloy í On the Waterfront árið 1954 og sem Vito Corleone í The Godfather árið 1972. Fyrir bæði hlutverkin hlaut hann Óskarsverðlaunin sem besti leikari. Þá lék hann einnig í myndum á borð við A Streetcar Named Desire, Julius Caesar, The Wild One og Apocalypse Now.

- lkg






Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.


565 6000 / somi.is
SKELLTU ÞÉR
ÚT AÐ BORÐA.
SÓMI
Heilsubiti
Við bjóðum spennandi matseðil
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum okkar
allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!
SÓMI
Ferskt á hverjum degi



KL. 21:10
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



KL. 19:55
**Life's Too Short**
Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Rickys Gervais og Stephens Merchant.



KL. 20:25
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



KL. 21:55
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



KL. 19:30
**Lífsstíll**
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.




KL. 20:00
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 9 | | | | 5 | | |
| | 4 | | | | | | | 9 |
| 2 | 3 | 5 | 8 | | 1 | | 4 | |
| | | 1 | 7 | | 4 | 9 | 2 | 3 |
| | | | | | | 1 | 8 | 4 |
| | | | | | 2 | 6 | | |
| 4 | 9 | 3 | | 7 | | | 5 | |
| 5 | | | | 2 | | | | |
| | 6 | | 1 | 3 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 4 | 1 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 8 | 4 | | 9 | 1 | |
| | 3 | | | 9 | | 4 | | |
| | 8 | | 9 | | | | 2 | 7 |
| 3 | 1 | 7 | | | 4 | 5 | | |
| | | | 3 | | | | | |
| | | | | | | 7 | | |
| | 2 | 3 | | | | | 6 | 4 |
| 8 | | 9 | 6 | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | 8 | 9 | | |
| | | 4 | | | 9 | 7 | | |
| | | 9 | | 2 | | 8 | 1 | |
| | | | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | 6 | | | 5 |
| | | | 2 | | | | | |
| | 5 | | | 6 | | 3 | | |
| 6 | | 2 | | 4 | | 5 | 8 | |
| | | | 7 | 3 | | 2 | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 4 | 3 | 8 | 9 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 1 | 7 | 5 | 2 | 6 |
| 7 | 8 | 6 | 2 | 5 | 3 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 4 | 7 |
| 8 | 5 | 2 | 4 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 | 8 |
| 4 | 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 9 |
| 5 | 4 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 5 | 2 |
| 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 6 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 6 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 1 |
| 3 | 1 | 7 | 8 | 4 | 5 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 4 | 1 | 7 | 6 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 9 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 6 |
| 7 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 8 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Vísindi eru skipulögð þekking. Viska er skipulagt líf.“**

*Immanuel Kant*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** viðbót, **6.** óláeti, **8.** heiður, **9.** yfirbragð, **11.** tvíhljóði, **12.** kambur, **14.** meinlætamaður, **16.** tveir eins, **17.** kerald, **18.** for, **20.** þófi, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** plat, **3.** kaupstað, **4.** eilífð, **5.** þvottur, **7.** ónæði, **10.** púka, **13.** skjön, **15.** djamm, **16.** draup, **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ábót, **6.** at, **8.** æra, **9.** brá, **11.** au, **12.** burst, **14.** fakír, **16.** ll, **17.** áma, **18.** aur, **20.** íl, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** gabb, **3.** bæ, **4.** óratími, **5.** tau, **7.** truflun, **10.** ára, **13.** ská, **15.** rall, **16.** lak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Dagur Ragnarsson (2.105) vann Guðmund Gíslason (2.314) í fyrstu umferð Wow air vormóts TR.

**Svartur á leik:**



**31.…Rh4!** Guðmundur gafst upp þar sem hann er óverjandi mát. Til dæmis eftir 32. Kg3 Df3+ 33. Kxh4 g5+ 35. Kh5 Dh3+ eða 32. Kf1 Dd3+ 33. Kg1 (33. Ke1 Rf3#) 33.…Dd1#. Góð byrjun hjá Rimaskóladrengjunum á Wow-mótinu.

**www.skak.is** Jón L. Árnason nýr landsliðseinvaldur.



# „Besti smábíllinn“

## Ford Fiesta.

Annað árið í röð seldist Ford Fiesta betur í Evrópu en nokkur annar smábíll. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju mikils og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílablaðs heims, Auto Express.

**Beinskiptur frá 2.450.000 kr.**
**Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.**




Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1398 krónur kg
Íslandslamb
Grill-lamba sirloinsneiðar
2013 SLÁTRAÐ
1498 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
Eingöngu sneiðar úr miðlæri
1998 krónur kg
Kjarnafæði
Grill lambalærissneiðar 1. flokkur
2013 SLÁTRAÐ
1259 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri FROSIÐ
Cocoa Puffs
498 krónur 465g
1259 krónur kg.
Ali Bayonne-skinka 1.flokkur
1259 krónur kg.
Bónus Hamborgarhryggur
1398 krónur kg.
Kjarnafæði Brasilískar
Grill-grísakótilettur úrbeinaðar
Honey Cheerios
598 krónur565g
198 kr. 100g
Cadbury
Mini páskaegg 100g
MERRILD
398 kr. 400g
MERRILD Specialristed kaffe
198 krónur 300g
Homeblest kex 300g
Doritos
198 kr. 170g
Smiths BUGLES
198 kr. 125g
6 FYRIR 4
792 kr kippan
25 ára BÓNUS
ÞÚ KAUPIR FJÓRAR 2L PEPSI & FÆRÐ TVÆR 2L FRÍTT MEÐ
Coca-Cola
198 kr. 1.5 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

25 ára

BÓNUS 1989 - 2014

# Við eigum afmæli í apríl

# BÓNUS 25 ára

Til hamingju! Þú hefur unnið 10.000 kr. GJAFAKORT
Upplýsingar á skrifstofu Bónus í síma 527 9000.

Gleðilega páska
1998 kr. 1 kg.

## Leynist glaðningur?

Leynist glaðningur í Bónus 1 kg. egginu þínu ?
100 stk. af 10.000 kr. úttektarkorti í Bónus
eða 25 stk. Dolse Gusto kaffivélar

Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
Jarðarberja ís 2
359 kr. 2 ltr.
Bónus ís 3 teg. 2 ltr.

459 kr. 170g.
Bónus Hangiálegg

198 kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.

TILBÚNIR BÓNUSRÉTTIR SEM AÐEINS ÞARF AÐ HITA UPP HEIMA: FYRIR 3-4

998 kr. bakkinn

1. KJÚKLINGA HEILSURÉTTUR
2. KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR
3. MEXIKÓSKT BURRITOS
4. ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
5. PASTA CARBONARA
6. ÍTALSKT LASAGNE

159 kr 5 stk.
159 kr 4 stk.

120 gramma hamborgari í brauði aðeins 200 KR

359 kr 10 stk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk
Bónus Pylsur 10 stk 485g

1598 kr 10 stk. 120g
Kjarnafæði Frosnir nautgripaborgarar 120g
Bónus XL hamborgarabrauð

398 kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð

BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR & GRÍSAHNAKKI

1259 krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar grísakótilettur

1259 krónur kg.
BÓNUS Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar

359 kr 15 stk.
Bónus Kleinur 15 stk.

359 kr 500g.
BÓNUS KAFFI

SALERNISPAPPÍR 9 rúllur MJÚKUR
698 kr. 9 stk.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30



**EINLEIKARINN** Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari leikur einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í dag.

## Sinfó býður á tónleika

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður í dag gestum og gangandi á opna hádegistónleika í Flóa í Hörpu. Hljómsveitin byrjar á þjóðlegu nótunum og spilar sprellfjöruga rímnadansa. Því næst leikur hljómsveitin lokakafla Flautukonserts Mozarts. Þar er Hallfríður Ólafsdóttir, 1. flautuleikari hljómsveitarinnar, í einleikshlutverkinu. Hljómsveitin leikur loks tvo kafla úr frægustu sinfóníu allra tíma, Örlagasinfóníunni eftir Beethoven.

Tónleikarnir eru haldnir í opnu rými í Flóa í Hörpu, hefjast klukkan 12.15 og standa í rúman hálftíma. Aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníunnar, Ilan Volkov, heldur um tónsprotann.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

# Ljóðin hafa verið haldreipi í glímu við erfiðan sjúkdóm

Ásdís Óladóttir hefur skrifað ljóð frá unga aldri og í dag kemur út hennar sjöunda ljóðabók. Meðal umfjöllunarefna í ljóðunum er glíman við geðklofa sem hún hefur þurft að kljást við í 26 ár. Hún segir erfiðara að þegja um sjúkdóminn en tala, enda full ástæða til að tala opið um þau áhrif sem sjúkdómurinn hefur.

„Ég er mjög íhaldssöm hvað það varðar og fer ekkert út fyrir ljóðið. Það er minn staður,“ segir Ásdís Óladóttir sem í dag sendir frá sér sína sjöundu ljóðabók, Innri rödd úr annars höfði. Ásdís hefur skrifað ljóð síðan hún var átján ára og segist lítið hafa reynt við önnur form, það hafi ekki heillað hana. „Mér líkar langbest við ljóðið,“ segir hún. „Þetta knappa form þar sem hægt er að segja mikið í fáum orðum.“

Í bókinni er að finna 35 ljóð og yrkisefnin eru margvísleg; mánuðir, árstíðir, hversdagsmyndir og svo heilmikill bálkur sem heitir Næturgalinn, sem lýsir geðrænum sjúkdómi. „Ég er með geðklofa og er að fjalla um mína upplifun af honum,“ segir Ásdís. „Ég hef glímt við þann sjúkdóm í 26 ár og það má eiginlega segja að ljóðin hafi bjargað mér í gegnum þá glímu. Þau hafa verið haldreipi mitt í lífinu. Ég gat ekki lesið í nokkur ár sökum radda í höfðinu og varð að skrifa mig út úr því ástandi. Að skrifa ljóðin gaf mér tilgang í lífinu. Mörg skáld hafa í gegnum tíðina haldið því fram að skáldskapur bjargi lífum og ég er lifandi dæmi um það.“

Ásdís segist alltaf hafa verið opin hvað varðar sjúkdóminn, enda finnist henni erfiðara að þegja um hann heldur en tala. Hún segist auðvitað hafa orðið vör við fordóma, en þeir séu þó á undanhaldi. „Mér finnst ég heldur ekkert hafa að fela og þetta er alvarlegur sjúkdómur sem oft hefur verið reynt að þagga umræðu um og það finnst mér ekki rétt. En þetta er sem betur fer að breytast. Velgengni Engla alheimsins hefur opnað augu margra, sem er gott, þótt sú mynd af sjúkdómnum sem þar er dregin upp sé mjög röng í dag. Meðhöndlun hans var mjög lítil í þá daga, en þetta hefur gjörbreyst með nýjum lyfjum. Í dag getur fólk lifað tiltölulega eðlilegu lífi þrátt fyrir geðklofa. Þetta er ekkert vandamál fyrir mig núorðið, en mér finnst samt ástæða til að tala opið og hreinskilnislega um þau áhrif sem sjúkdómurinn hefur.“

Útgáfu bókarinnar, Innri rödd úr annars höfði, verður fagnað í Iðu-Zimsen klukkan 17 í dag og Ásdís segir alla velkomna.

fridrikab@frettabladid.is



**ÁSDÍS ÓLADÓTTIR** „Mörg skáld hafa í gegnum tíðina haldið því fram að skáldskapur bjargi lífum og ég er lifandi dæmi um það.“

**→ Næturgalinn IV**

Milli martraðar
og einmana
morgunverðar
í vökudraumi,
myndast sprungur
í andlit
uns það sundrast.






MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

**MONICA Z** Aðalleikona myndarinnar er hin íslenskættaða Edda Magnason og einnig leikur Sverrir Guðnason þar stórt hlutverk.

# Nýjar norrænar verðlaunamyndir sýndar fjórum sinnum á dag

Norræn kvikmyndahátíð hefst í Norræna húsinu í kvöld og stendur til 15. apríl. Sýndar verða verðlaunamyndir frá öllum Norðurlöndunum og ber þar hæst sænsku myndina Monicu Z sem skartar hálfíslenskri leikkonu í titilhlutverkinu.

„Þetta er annað árið sem Norræna húsið ásamt norrænu sendiráðunum býður til sannkallaðrar kvikmyndaveislu,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu, sem hefur veg og vanda af undirbúningi Norrænu kvikmyndahátíðarinnar sem hefst í kvöld.

Dagskráin einkennist af nýjum og nýlegum verðlaunamyndum frá öllum Norðurlöndum og ber þar hæst sænsku kvikmyndina Monica Z sem verður opnunarmynd hátíðarinnar. Aðalleikona myndarinnar er hin íslenskættaða Edda Magnason og einnig leikur Sverrir Guðnason þar stórt hlutverk, þau hlutu á dögunum sænsku kvikmyndaverðlaunin, Gullbjölluna, fyrir leik sinn í myndinni.

Hátíðin stendur til 15. apríl og verða frá einni og upp í fjórar sýningar á dag, bæði fyrir börn og fullorðna. „Það verður mjög gott úrval af fjölskyldumyndum,“ segir Þuríður. „Og það er nýlunda hjá okkur. Fyrir utan Monicu Z ber kannski hæst myndina Jeg er din frá Noregi, sem hefur hlotið mjög mikið lof, en þetta eru allt mjög góðar myndir.“

Fjölskyldumyndirnar eru sýndar daglega, annaðhvort klukkan 14 eða 16, og almennar sýningar eru klukkan 16, 18 og 20 flesta dagana en nánar má kynna sér sýningartíma hverrar myndar á heimasíðu Norræna hússins, norraenahusid.is. Frítt er inn á allar sýningar og eru myndir sýndar með enskum texta.

fridrikab@frettabladid.is

### MYNDIRNAR SEM SÝNDAR VERÐA

- Frá Noregi koma myndirnar: Pionér, Jeg er din, Kyss meg, For faen i helvete og Mormor og de åtte ungene.
- Frá Svíþjóð: Monica Z, Dom över död man, Himlen är oskyldigt blå og Call Girl.
- Frá Danmörku: Marie Krøyer, Skytten og Fuglejagten.
- Frá Finnlandi: Lärjungen, Miss Farkku-Suomi (Fröken bláar gallabuxur) og teiknimyndin Seitsemän veljestä (Sjö bræður).

*Frítt er inn á allar sýningar og eru myndirnar sýndar með enskum texta.*

ROSENDAHL



# Gefðu fallegan lífsförunaut í brúðkaupsgjöf

**BRÚÐKAUPS-
GJAFALISTAR
OG GJAFAKORT**



Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

iittala



ROSENDAHL



by Lassen Copenhagen





**knot knot** púðar - hönnun: Ragnheiður Ösp

# Syngur og safnar fé til rannsókna á ættarsjúkdómi

Dagbjört Andrésdóttir sópran heldur burtfarartónleika í Laugarneskirkju annað kvöld ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara. Tónleikarnir eru til styrktar rannsóknum á arfgengri heilablæðingu sem er í fjölskyldu hennar.

„Ég verð í Laugarneskirkju, mér finnst svo góður hljómur í henni,“ segir Dagbjört Andrésdóttir sópran sem heldur klassíska tónleika annað kvöld klukkan 20 í tilefni þess að hún er að kveðja Söngskóla Domus Vox. Efnisskráin samanstendur af trúarlegri tónlist, þýskum ljóðum og aríum úr óperum. „Þetta eru Bach, Mozart og þessir gömlu snillingar,“ segir hún brosandi og tekur fram að Antonía Hevesi spili undir á píanó. „Ég er vikulega í tímum hjá Antoníu, hún er algerlega dásamleg manneskja.“

Dagbjört tileinkar tónleikana föður sínum, Andrési Svavarssyni, sem lést síðasta haust úr arfgengri heilablæðingu og í leiðinni gengst hún fyrir söfnun á fé til rannsókna á þeim sjúkdómi. Þegar það er nefnt göfugt verkefni segir hún eftir andartaks þögn: „Ég mundi ekki segja göfugt. Ég þarf að gera þetta. Það er nauðsynlegt.“

Arfgeng heilablæðing er séríslenskur sjúkdómur og fjármagn skortir til rannsókna á honum, að sögn Dagbjartar. Eðlilegt er að hún hafi af því áhyggjur. Eftir að faðir hennar fékk fyrstu blæðingu árið 2007 fylgdist hún með minnkandi kröftum hans, andlegum og líkamlegum, uns yfir lauk. Föðursystir hennar og föðuramma létust báðar úr sjúkdómnum. Föðurbróðir hennar er lamaður öðrum megin og orðinn óskýr í tali og um síðustu helgi dó sonur hans, 33 ára gamall, frá konu og þremur ungum börnum. „Hann hné niður og kom aldrei til meðvitundar en var búinn að fá nokkrar aðkenningar áður,“ segir Dagbjört og kveðst eiga annan frænda, 25 ára, með skerta getu vegna sjúkdómsins.

Búið er að finna genið sem veldur arfgengri heilablæðingu og Dagbjört vonar að auknar rannsóknir leiði til fyrirbyggjandi úrræða. Sjálf veit hún ekki hvort hún ber genið. „Meðan ekkert er hægt að gera vil ég ekki vita hvort ég lifi skemur en aðrir,“ segir hún alvarleg.

Hún er tuttugu og tveggja ára og byrjaði að syngja ellefu ára gömul í Stúlknakór Reykjavíkur hjá Margréti Pálmadóttur. Tvívegis söng hún einsöng með kórnum úti á Ítalíu og oft á skólatónleikum hér heima þar sem fleiri komu fram. „Ég er búin að fylgja Möggu sleitulaust í ellefu ár og held því áfram þó ég hætti í skólanum því ég er í kvennakórnum Vox feminae,“ segir Dagbjört sem er ákveðin í að halda áfram söngnámi.



**SÖNGKONAN** „Þetta eru Bach, Mozart og þessir gömlu snillingar,“ segir Dagbjört um tónlistina sem hún ætlar að flytja í Laugarneskirkju annað kvöld á burtfarar- og styrktartónleikum. MYND/GVA

Dagbjört glímir við fötlun sem áfall í fæðingu orsakaði og gerir það að verkum að sumar taugar hennar eru skemmdar, þar á meðal sjóntaug. Það hefur hamlað henni í námi, að eigin sögn, einkum varðandi tónfræðina. „Ég á erfitt með að vinna úr því sem ég sé. Til dæmis sé ég línurnar fimm á nótnastrengnum sem eina stóra, breiða línu,“ segir hún einlæg. Hvernig fer hún þá að því að læra söng? „Eyrað er orðið þjálfað og það bjargar mér. Ég hef mikinn áhuga og hef líka fengið frábæran stuðning hjá hinum yndislegu konum í Söngskóla Vox feminae. Hjá þeim fær hver og einn að njóta sín eins og hann er. Það koma alveg tímar sem ég er rosa fúl yfir þessu sem mig vantar en svo hristi ég það af mér og held áfram.“

gun@frettabladid.is



**SAMLÍÐAN** Suzanne Keen talar um samlíðan og bókmenntir í Árnagarði. NORCICPHOTOS/GETTY

## Samlíðan og bókmenntir

Suzanne Keen, prófessor við Washington- og Lee-háskóla, flytur í hádeginu í dag fyrirlestur um samlíðan og bókmenntir í Háskóla Íslands á vegum Hugvísindastofnunar/Bókmennta- og listfræðastofnunar og í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.

Keen hefur kannað samlíðan árum saman en bók hennar Empathy and the Novel – Samlíðan og skáldsagan – kom út árið 2007. Fyrirlesturinn í dag ber yfirskriftina Lost in a Book: Empathy and Immersion in Fiction – Niðursokkinn í bók: Samlíðan og að hverfa inn í heim skáldskapar.

Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 301 í Árnagarði klukkan 12 og er hann fluttur á ensku. Allir sem áhuga hafa á sagnalestri og samlíðan eru hvattir til að mæta.

- fb


NIKITA × MORROW
LAGERSALA
LOKADAGAR!!!
VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| ÚLPUR | 6990 |
| JAKKAR | 3990 |
| GALLABUXUR | 2990 |
| KJÓLAR | 2990 |
| PEYSUR | 2990 |
| LEGGINGS | 1990 |
| TOPPAR/BOLIR | 990 |
| ATIKIN GALLABUXUR | 4990 |
| ATIKIN SKYRTUR | 2990 |
| ATIKIN PEYSUR | 2990 |

noland + morrow KRINGLUNNI • 3.HÆÐ • SÍMI 588 5777

ep!c 30%-80% AFSLÁTTUR
VERSLUN FLYTUR
ep!c LAUGAVEGUR 56 • WWW.FACEBOOK.COM/VOLCOMICELAND




**KARLAKÓR HREPPAMANNA** Þeir syngja og syngja, herramennirnir í Hreppunum, undir stjórn Edit Monár við undirleik manns hennar, Miklós Dalmay. MYND/EINKASAFN

# Hylla hafið, fiskveiðar og sjómennskuna

Karlakór Hreppamanna heldur nokkra konserta á næstu vikum og syngur hafinu og sjómennskunni óð. Sá fyrsti er í Gamla bíói í Reykjavík sunnudaginn 6. apríl.

Nú sigla svörtu skipin, er yfirskrift söngskemmtana sem Karlakór Hreppamanna efnir til á næstunni. Titillinn vísar í lag Karls Ó. Runólfssonar við ljóð Davíðs Stefánssonar og segir sitt um dagskrána.

„Stjórnandinn okkar, hún Edit Molnár, er gríðarlega metnaðarfull og ögrar okkur á hverju ári með nýjum og spennandi verkefnum. Við vorum með óperuprógramm í fyrra og fórum með það til Ítalíu, nú er það hafið og sjómennskan sem sungið er um,“ segir Gylfi Þorkelsson, einn kórfélaganna. Spurður hvort það sé ekki sérstakt að sveitakarlar séu uppteknir af því efni svarar hann: „Jú, en Edit veit að mörg af mögnuðustu kórverkum íslenskra tónverka eru um baráttu sjómanna við hafið enda er hún stór þáttur í íslenskri menningu.“

Gylfi segir þeim líka málið skylt því Hreppamaðurinn Sigurður Ágústsson í Birtingarholti hafi samið lag við hið þekkta kvæði Suðurnesjamenn eftir Ólínu Andrésdóttur.“

> **Við vorum með óperuprógramm í fyrra og fórum með það til Ítalíu, nú er það hafið og sjómennskan sem sungið er um.**

Til að gera viðfangsefninu enn betri skil hefur kórinn látið vinna söguleg atriði upp úr frásögnum, ljóðum og þjóðsögum og verða þau fléttuð saman við sönginn.

Fyrstu tónleikar Hreppamanna eru í Gamla bíói á sunnudaginn klukkan 20.

gun@frettabladid.is

# FRÁBÆRAR GJAFABÆKUR Í FERMINGARPAKKANN




Vildarverð kr. **6.449,-**
Verð áður kr. 7.529,-
Salka Valka




Verð kr. **9.999,-**
Íslensk samheitaorðabók




Verð kr. **21.999,-**
Vatnið í náttúru Íslands




Vildarverð kr. **5.399,-**
Verð áður kr. 18.999,-
Ísland í aldanna rás




Verð kr. **4.999,-**
Steinn Steinarr - Ljóðasafn




Verð kr. **8.999,-**
Bílar í máli og myndum




Verð kr. **3.999,-**
Þórarinn Eldjárn - Kvæðasafn




Vildarverð kr. **13.999,-**
Verð áður kr. 15.999,-
Náttúran - Leiðsögn í máli og myndum



Verð kr. **6.899,-**
Íslenskir málshættir



Verð kr. **6.899,-**
Íslensk orðtök



Verð kr. **2.499,-**
Gæfuspor - Gildin í lífinu




Verð kr. **6.999,-**
Prjónabiblían


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 3. apríl til og með 22. apríl eða á meðan birgðir endast.









# FIMMTUDAG

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Leiklist

**20.00** Vorið vaknar er rokksöngleikur eftir Steven Sater með tónlist eftir Duncan Sheik. Hann er byggður á leikverki eftir Frank Wedekind, sem var lengi vel umdeilt og seinna bannað í Þýskalandi. Sýning fer fram í Samkomuhúsinu á Akureyri og hefst klukkan 20.00.

### Fræðsla

**17.00** Geðheilsustöð Breiðholts og Hugarafl standa að opnum fræðslufundi fyrir almenning um helstu atriði sem snúa að geðheilsu á efri árum. Líney Úlfarsdóttir öldrunarsálfræðingur og Erik Brynjar Eriksson geðlæknir halda bæði erindi um viðfangsefnið. Eftir hlé verða pallborðsumræður en í pallborði hafa sæti Valgeir Ástráðsson, prestur í Seljakirkju, Ólöf Margrét Snorradóttir, guðfræðingur í Fella- og Hólakirkju, Bára Emilsdóttir, sjúkraliði hjá Heilsugæslunni Breiðholti, og Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og framkvæmdarstjóri Ellimálaráðs. Öll hafa þau mikla reynslu í málefnum aldraða. Fræðslufundurinn verður haldinn í dag klukkan 17.00 til 19.00 í Félagsmiðstöðinni Árskógum 4. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

### Fundir

**13.00** Stúdentahakkavélin verður enn og aftur sett í gang í Stúdentakjallaranum í dag. Að þessu sinni í samstarfi við nemendafélagið Fjallið en rætt verður um gjaldtöku einkaaðila að náttúruperlum landsins. Pawel Bartoszek, stærðfræðingur og stjórnlagaráðsliði, og Anna Karlsdóttir, lektor í land- og ferðamálafræði, munu takast á um kosti og galla gjaldtökunnar. Aron Ólafsson, formaður Fjallsins, mun stýra umræðunni. Hakkavélin er sett í gang þegar stúdentar telja ástæðu til og í hana mæta þeir sem þora. Þrátt fyrir ógnvænlegt nafn þarf samt enginn að óttast enda stúdentar þekktir fyrir einstaka kurteisi sem og að gæta velsæmismarka. Fundurinn hefst klukkan 13.00. Sem endranær er aðgangur ókeypis og opinn öllum.

### Sýningar

**16.00** Stígur, nýtt listamannarými við Skólavörðustíginn er með opnunarteiti í dag klukkan 16.00 til 19.00. Léttar veitingar í boði og 20 prósent afsláttur af verkum listamannanna. Listamenn Stígs eru Bjarni Sigurðsson keramiker, Elva Hreiðarsdóttir grafíklistakona, Helena Sólbrá Kristinsdóttir textílkona, Ólöf Sæmundsdóttir, leir og glerlistakona, og Þóra Einarsdóttir myndlistakona. Stígur er að Skólavörðustíg 17b.

**20.00** Opnunaratriði Hestadaga í Reykjavík fer fram í dag. Hér leiða saman hesta sína Hilmir Snær og hljómsveitirnar Brother Grass og Hundur í óskilum. Boðið verður upp á nýstárlegt, tónrænt uppistand í Norðurljósasal Hörpu.

### Kvikmyndir

**17.00** Vídeólist á kaffistofu Listasafns Íslands fer fram í dag klukkan 17.00 undir yfirskriftinni, Lettres à la mer. Fyrsta fimmtudag í mánuði kynnir Listasafn Íslands í samstarfi við 700IS Hreindýraland vídeólistamann mánaðarins. Að þessu sinni mun franski listamaðurinn Renaud Perrin sýna myndina Lettres à la mer, í kaffistofu safnsins við Fríkirkjuveg 7.



**19.00** Norræn kvikmyndahátíð verður haldin 3. til 15. apríl næstkomandi í Norræna húsinu. Sýndar verða margar nýjar og rómaðar kvikmyndir frá Norðurlöndunum. Opnunarmynd hátíðarinnar er sænska kvikmyndin Monica Z í leikstjórn Per Fly. Frítt er inn á allar sýningarnar.

**20.00** 20.000 Days on Earth, heimildamynd um tónlistarmanninn Nick Cave er opnunarmynd Reykjavík Shorts&Docs Festival en sýningin hefst í kvöld klukkan 20.00 í Bíó Paradís. Að lokinni sýningu verða léttar veitingar í bíóinu. Spenna, átök og kaldur raunveruleiki mætast í uppspunnum 24 klukkutímum tónlistarmannsins og poppgoðsins Nicks Cave. Myndin gengur langt í nærgöngulli lýsingu sinni á átökum listamannsins við sjálfan sig og list sína og leitar svara við heimspekilegum spurningum um tilveru okkar um leið og hún skoðar mátt skapandi hugsunar. Myndin verður auk þess sýnd í almennum sýningum 5. apríl klukkan 20.00, 6. apríl kl 22.00, 8. apríl kl. 18.00 í Bíó Paradís.

**20.00** Nymphomaniac: Part 2, nýjasta kvikmynd Lars von Trier verður forsýnd í kvöld. Af því tilefni er gestum boðið að sjá báðar myndirnar saman í Háskólabíói í kvöld. Nymphomaniac:



FACEBOOK: NAME IT ICELAND · INSTAGRAM: @NAMEITICELAND

## EKKI MISSA AF

### Íslenska hestinum fagnað

Íslenska hestinum verður fagnað á Hestaati í Hörpu í kvöld klukkan átta. Þar kemur fram Hilmir Snær ásamt hljómsveitunum Brother Grass og Hundi í óskilum og boðið verður upp á nýstárlegt, tónrænt uppistand í Norðurljósasal Hörpu. Íslenski hesturinn verður skoðaður frá öllum hliðum og rifjuð upp rysjótt sambúð hans við ótamin náttúruöfl. Hilmir Snær segir sögur af hestum og Brother Grass leikur þekkt og óþekkt íslensk hestalög, þó með nokkuð öðrum hætti en fólk á að venjast.

Miðar á atburðinn kosta fjögur þúsund krónur og þá er hægt að nálgast á heimasíðu miði.is.



**SPENNT** Rakel er spennt fyrir myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# „Hann er einstaklega svalur maður“

Rakel Garðarsdóttir ætlar að sjá opnunarmynd Reykjavík Shorts&Docs um tónlistarmanninn Nick Cave – 20.000 Days on Earth og er spennt fyrir henni.

Kvikmyndahátíðin Reykjavík Shorts&Docs hefst á morgun en það er í tólfta sinn sem hún er haldin. „Ég er mjög spennt fyrir hátíðinni,“ segir Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturports. „Ég er búin að vera að vinna úti á landi þannig að ég er bara búin að kynna mér opnunarmyndina,“ segir Rakel en opnunarmynd hátíðarinnar er heimildarmyndin 20.000 Days on Earth sem fjallar um líf tónlistarmannsins Nick Cave. Í ár verða heimildarmyndir um tónlist og listir í forgrunni á kvikmyndahátíðinni en myndin um Nick Cave gengur langt í nærgöngulli lýsingu sinni á átökum hans við sjálfan sig og list sína.

„Hann er einstaklega svalur maður,“ segir Rakel um tónlistarmanninn en hann hefur unnið mikið með Vesturporti áður, meðal annars í sýningunum Faust og Metamorphosis. „Systir hans er líka góð vinkona mín og hún sagði að myndin væri frábær,“ segir Rakel sem hlakkar til þess að berja myndina augum. „Ég geri líka ráð fyrir því að kvikmyndatónlistin verði skotheld.“ - bþ

UR

Part 1 verður sýnd á undan þeirri seinni. Sýningin hefst klukkan 20.00 og fer fram í Háskólabíó.

### Pub Quiz

**21.00** Eins og vanalega á fimmtudögum verður boðið upp á eðal Rokk Quiz á Bar 11. Það kostar ekkert að taka þátt og veglegir vinningar verða veittir fyrir þrjú efstu sætin. Húsið er opnað klukkan 21.00 og keppnin hefst klukkan 22.00.

### Tónlist

**20.00** Í apríl býðst einstakt tækifæri til að heyra Megas flytja lög sín við alla Passíusálma Hallgríms Péturssonar í glænýjum útsetningum. Með Megasi verður einvalalið tónlistarfólks úr ýmsum áttum, Moses Hightower, Caput-hópurinn, Magga Stína, stór rokksveit, strengjasveit og þrír kórar. Megas lauk við að semja lög við alla Passíusálmana árið 1973 en þessar lagasmíðar hafa ekki farið hátt og aðeins hluti þeirra hefur heyrst opinberlega áður. Nú verða þau í fyrsta sinn flutt í heild sinni, á 400 ára fæðingarafmæli Hallgríms Péturssonar. Í kvöld klukkan 20.00 verða fluttir Passíusálmar 1 til 17.

**20.00** Friðrik Ómar syngur sálma og saknaðarsöngva af plötunni sinni Kveðja í Lágafellskirkju í Mosfellsbæ í kvöld klukkan 20.30 en þetta eru síðustu tónleikar hans á höfuðborgarsvæðinu í tónleikaferðinni um kirkjur landsins. Um undirleik sjá þeir Þórir Úlfarsson og Pétur V. Pétursson. Kirkjan er opnuð klukkan 20.00.

**21.00** AK Extreme, Snjóbretta- og tónlistarhátíð 3. til 6. apríl á Akureyri. Fram koma, Brain Police, Sólstafir, Highlands, Vök, Kött Grá Pje, Úlfur úlfur, Últra Mega Techno Bandið Stefán, Emmsjé Gauti, DJ Egill TRVP Nights, Nolem og fleiri. Tónleikarnir fara fram í Sjallanum og hefjast klukkan 21.00.



**21.00** Færeyskt kvöld á Café Rosenberg í kvöld og hefst klukkan 21.00. Fram kemur hljómsveitin Sometime og Laila av Reyni.

**21.30** Magnús Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld klukkan 21.30. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Mono Town fagnar útgáfu frumburðar síns, In The Eye Of The Storm, með veglegum tónleikum í Gamla Bíói í kvöld og hefjast tónleikarnir klukkan 22.00. Sveitin mun koma fram með strengjasveit og kór. Tónlistarmaðurinn Júníus Meyvant hitar upp.

### Fyrirlestrar

**12.00** Fimmtudaginn 3. apríl, klukkan 12.00, flytur Suzanne Keen, prófessor við Washington- og Lee-háskóla, fyrirlestur um samlíðan og bókmenntir í Háskóla Íslands á vegum Hugvísindastofnunar, Bókmennta- og listfræðafræðistofnunar og í samstarfi við Reykjavík, bókmenntaborg. Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 301 í Árnagarði og er fluttur á ensku.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Eddie Murphy er 53 ára í dag**

Helstu kvikmyndir: Beverly Hills Cop, Trading Places, Coming to America og Dreamgirls.

## FRUMSÝNING

### Nymphomaniac: Part 2

**drama**

**AÐALHLUTVERK:** Charlotte Gainsbourg, Stellan Skarsgård, Shia LaBeouf, Uma Thurman, Christian Slater.

**Bönnuð innan 12 ára**



IMDb 7,2/10
Metacritic 72/100
Rotten Tomatoes 69/100

## GAGNRÝNI



★★★★★

**Noah**

„Þessi mynd er í einu orði sagt stórfengleg. Stuttu eftir að hún hófst gleymdi ég að um ævaforna biblíusögu væri að ræða og varð spennt að vita hvernig sagan færi að lokum – þótt ég vissi það upp á hár.“

Lilja Katrín Gunnarsdóttir

## TEIKNIMYNDIN



**Vinsælasta teiknimynd sögunnar**

Disney-teiknimyndin Frozen hefur halað hinn 1,072 milljarða dollara síðan hún var frumsýnd og hampar því titlinum vinsælasta teiknimynd allra tíma. Tekur Frozen titilinn af Toy Story 3 sem halaði inn 1,063 milljarða dollara árið 2010.

## VISSIR ÞÚ...




…að leikkonan geðþekka Emma Stone taldi foreldra sína á að leyfa sér að byrja í leiklist með því að sýna þeim Powerpoint-sýningu. Í sýningunni listaði hún upp kosti og galla við bransann. Sem betur fer tókst þessi brella á Emmu enda er hún ein eftirsóttasta leikkonan í Hollywood í dag.

## BÍÓFRÉTTIR



### Bætist í leikarahóp Taken 3

Leikarinn Jonny Weston hefur bæst í leikarahóp kvikmyndarinnar Taken 3. Leikarinn Liam Neeson snýr aftur í hlutverki Bryans Mills og munu Maggie Grace og Famke Janssen halda áfram að leika dóttur hans og konu. Þá leikur Íslandsvinurinn Forest Whitaker einnig í myndinni.
Jonny leikur kærasta Maggie en annars hefur ekkert verið gefið upp um söguþráð þessarar þriðju Taken-myndar. Luc Besson framleiðir myndina og Olivier Megaton leikstýrir en hann leikstýrði einnig Taken 2 sem var frumsýnd árið 2012.

### Tökur í haust

Framhald af kvikmyndinni Magic Mike, Magic Mike XXL, fer í tökur í haust. Leikarinn Channing Tatum skrifar handritið ásamt Reid Carolin sem skrifaði handritið að fyrstu myndinni. Steven Soderbergh leikstýrði þeirri fyrstu en ætlar ekki að leikstýra fleiri myndum og mun framleiða framhaldsmyndina. Búist er við því að flestir leikararnir úr fyrri myndinni leiki í Magic Mike XXL. Magic Mike var frumsýnd árið 2012 og lauslega byggð á ferli Channings sem karlstrippari áður en hann sló í gegn í Hollywood.



# Glímir við fyrrverandi útsendara Sovétríkjanna

Captain America: The Winter Soldier verður frumsýnd á morgun. Í henni glímir kafteinninn við Vetrarhermanninn sem Sebastian Stan leikur. Hann undirbjó sig vel fyrir hlutverkið og leit til dæmis yfir sögu KGB.

Kvikmyndin Captain America: The Winter Soldier verður frumsýnd á Íslandi á morgun, föstudag. Í henni þarf Captain America, sem heitir réttu nafni Steve Rogers, að snúa aftur til starfa til að kljást við sinn öflugasta andstæðing til þessa – The Winter Soldier, fyrrverandi útsendara Sovétríkjanna.

Sebastian Stan túlkar The Winter Soldier, eða Vetrarhermanninn, og undirbjó sig vel fyrir hlutverkið. Hann æfði stíft í fimm mánuði og sökkti sér í sögubækurnar.

„Ég dembdi mér í sögu kalda stríðsins, ég kannaði KGB. Ég horfði á alls kyns njósnamyndir og heimildarmyndir um þennan tíma og um hvað hann snerist,“ segir Sebastian.

Nýja myndin gerist tveimur árum eftir atburðina í fyrri myndinni, Captain America: The First Avenger, sem frumsýnd var árið 2011. Leikarinn Chris Evans snýr aftur í hlutverki kafteinsins og á móti honum leikur kynbomban Scarlett Johansson. Þau skrifuðu mörg af samtölunum sín á milli í myndinni en áður en tökur hófust höfðu þau unnið að þremur myndum saman – The Perfect Score árið 2004, The Nanny Diaries árið 2007 og The Avengers árið 2012.

Jálkurinn Robert Redford leikur einnig í myndinni en hann vildi ólmur taka hlutverkið að sér því afabörnin hans eru aðdáendur Marvel-myndasagnanna og Captain America er eins og margir vita úr myndasögunum.

Myndinni var afar vel tekið á frumsýningarhelginni í Bandaríkjunum og skilaði áttatíu milljónum dollara í kassann í miðasölutekjum, rúmum níu milljörðum króna. Utan Bandaríkjanna þénaði hún 75,2 milljónir dollara fyrstu vikuna, tæplega átta og hálfan milljarð króna.

Í öðrum hlutverkum eru Frank Grillo, Samuel L. Jackson, Anthony Mackie og Dominic Cooper.

liljakatrin@frettabladid.is



IMDb 8,3/10
Metacritic 71/100
Rotten Tomatoes 92/100

**ÓGURLEGUR** Chris Evans snýr aftur sem Captain America.

### EKKI HÆTTUR Í LEIKLISTINNI

Margir aðdáendur Captain America og Chris Evans tóku andköf þegar blaðið Variety hafði eftir leikaranum að hann ætlaði að hætta að leika og einbeita sér frekar að leikstjórn.

Chris mætti í þáttinn Good Morning America í vikunni og leiðrétti þennan misskilning. Sagði hann að snúið hefði verið út úr orðum hans.

„Allt í einu er ég hættur að leika. Ég hef ekki í hyggju að hætta í leiklist. Þetta er frekar asnaleg staða.“



# SUPERMICRO NETÞJÓNAR

Tölvulistinn er umboðsaðili Supermicro á Íslandi sem mörg af þekktustu tæknifyrirtækjum landsins nota í starfsemi sinni. Traustar og fjölbreyttar net- og gagnaþjónalausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og stofnana.

SUPERMICRO



## FJÖLBREYTTAR LAUSNIR OG REKSTRARHAGKVÆMNI

Ástæða vinsælda Supermicro hjá íslenskum fyrirtækjum er einföld. Með fjölbreyttar lausnir og viðamikið vöruúrval hafa fyrirtæki frelsi til þess að sérsníða net- og gagnaþjóna eftir eigin þörfum. Sérsmíða má netþjóna frá grunni fyrir ákveðin verkefni, álag eða afköst og náð þannig fram hámarks afköstum á öflugum vélbúnaði á hagkvæmari hátt.

Framfarir í hugbúnaðarumhverfi undanfarin ár hafa endurskilgreint hlutverk netþjóna að miklu leyti. Með nútímalegum, en smærri og öflugri netþjónum má ná fram miklum sparnaði í samanburði við eldri lausnir.

## 3-5 ÁRA ÁBYRGÐ OG ÚTSKIPTIÁBYRGÐ

Tölvulistinn býður 3-5 ára ábyrgð á Supermicro vélbúnaði auk útskiptiábyrgðar á hluta ábyrgðartímans. Ef bilun kemur upp í búnaði er honum samstundis skipt út til þess að lágmarka óþægindi fyrir viðskiptavini.

**Óskar Þór Óskarsson, Supermicro sérfræðingur Tölvulistans veitir nánari upplýsingar í s. 414-1710 eða oskar@tl.is**

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

## Trend á Twitter Frægar persónur sem heita akkúrat ekki neitt

Kassamerkið **#FraegirSemHeitaEkkert** tröllríður nú Twitter og keppa Íslendingar um hver getur verið hnyttnastur í tíst-unum sínum.

**Þossi** **@thossmeister** Hrafninn í Hrafninn flýgur **#FraegirSemHeitaEkkert**

**Ragnar Njálsson** **@raggi_njals** Glaðasti hundur í heimi. **#frægirsemheitaekkert**

**Atli Fannar** **@atlifannar** Listamaðurinn sem kallaði sig einu sinni Prince. Svo merki. Svo aftur Prince. **#frægirsemheitaekkert**

**Bragi Valdimar** **@BragiValdimar** Þú í „Ó, þú“ **#frægirsemheitaekkert**

**Sveinn Arnarsson** **@Sveinn_A** Baldur Friggjar Odinsson **#frægirsemheitaekkert**

**Theodor I. Olafsson** **@TeddiLeBig** Afi á Stöð 2 **#frægirsemheitaekkert**

**Oli Jones** **@HerraJones** Damon Younger **#fraegirsemheitaekkert**

**Son** **@sonjajon** Þeir sem kusu Framsókn **#fraegirsemheitaekkert**

**Óskar Helgi** **@oskarhelgi** pabbi völu grand **#frægirsemheitaekkert**

## ALLIR Í APPELSÍNUGULU


CAROLINA HERRERA


KATE WINSLET


KÁPA FRÁ CALVIN KLEIN


TASKA FRÁ M MISSONI

Tilboðið gildir 3. -6. apríl 2014

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!

nettó Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |







# Plakötin sem fylgja Músíktilraunum 10 ára

**Músíktilraunirnar 2014 fara fram þessa dagana og taka yfir fjörutíu hljómsveitir þátt í þeim í ár. Plaköt hafa verið gerð fyrir hverjar tilraunir síðan árið 2004. Þau hafa vakið mikla athygli enda birtast þau víða og eru mikið augnakonfekt.**

Frá árinu 2004 hafa skemmtileg plaköt einkennt hátíðina en á þeim er að finna tónlistarmenn sem tengjast tilraununum. „Þetta hefur aldrei verið nein sérstök persóna en fólk segist alltaf sjá þekkt andlit út úr henni. Í hári persónunnar eru meðlimir hljómsveitarinnar sem var sigurvegari síðasta árs en þetta minnir alltaf á eitthvað,“ segir Þorvaldur Gröndal, verkefnastjóri Músíktilrauna 2014, en þessa dagana fara hinar geysivinsælu Músíktilraunir fram í Hörpu en þær fóru fyrst fram árið 1982 og þá í Tónabæ.

Plakötin eru hönnuð af Gunnari Þór Arnarssyni sem er auglýsingahönnuður hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu og Ásu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Hins hússins. „Fyrirmyndin er aldrei nein ákveðin manneskja, þó að Björk og fleiri frægir séu í höfðinu á fyrsta plakatinu, en við byrjuðum að taka vinningsbandið í höfuðið á öðru árinu,“ bætir Ása við. Á hverju ári kemur nýtt plakat sem inniheldur nýjan haus, nýjan lit og nýtt letur. „Það skiptist á að vera strákahaus og stelpuhaus á plakatinu, sem sýnir að bæði kynin eiga jafn mikið senuna. Við erum að reyna að brjóta upp staðalímyndir,“ segir Ása.

Flestir sem hafa séð plakötin, hvort sem er í blöðum, strætóskýlum eða annars staðar, sjá yfirleitt þekkta persónu út úr andlitunum en það er þó ekki þannig.

„Þetta hefur gengið rosalega vel og mætingin hefur verið mjög góð,“ segir Þorvaldur um tilraunirnar í ár. „Saxófónninn er að koma sterkur inn í ár, það eru nokkur atriði sem hafa nýtt sér saxófóninn en annars er þetta frekar klassískt mynstur, harðkjarni, rokk, rapp, popp og flestar tónlistarstefnur sem koma fram í ár,“ segir Þorvaldur og bætir við: „Það er talsvert um rafsveitir sem blanda saman óhefðbundnum hljóðfærum.“

Átta hljómsveitir fara beint í úrslitin af undankvöldunum en svo má dómnefndin velja allt að fjórar aðrar hljómsveitir til að senda í úrslitin.

Að taka þátt í Músíktilraunum er frábær upplifun og ómetanleg reynsla fyrir upprennandi og skapandi tónlistarfólk. Margar þekktar hljómsveitir hafa komið fram á Músíktilraunum eins og til dæmis Of Monsters and Men, Botnleðja, XXX Rottweiler hundar, Mammút, Agent Fresco, Stuðkompaníið og Maus svo nokkrar séu nefndar.

gunnarleo@frettabladid.is




**NÝJASTA PLAKATIÐ** Í hári persónunnar í ár er hljómsveitin Vök sem sigraði í Músíktilraunum í fyrra. Sigurvegarar tilraunanna í ár fara svo í hár persónunnar á næsta ári. MYND/GUNNAR ÞÓR

## Um Músíktilraunirnar

Músíktilraunir eru tónlistarhátíð sem stendur yfir í fimm daga, undanúrslit 2014 eru dagana 30. mars til 2. apríl í Norðurljósum í Hörpu.

Úrslitin fara fram 5. apríl á sama stað. Ungmenni á aldrinum 13-25 ára geta sótt um þátttöku með því að senda inn umsókn á netinu og greiða þátttökugjald.

Peningaverðlaun eru fyrir fyrstu þrjú sætin og svo fær fyrsta sætið að spila á hátíðinni Aldrei fór ég suður.

Fyrstu tvö sætin hafa fengið að koma fram á Iceland Airwaves og svo verður eitt annað band valið til þess að spila á Iceland Airwaves í ár.

Einnig eru efnilegustu/bestu hljóðfæraleikararnir valdir og vinsælasta hljómsveit meðal áhorfenda/hlustenda kosin með símakosningu.


ÚTILÍF Í PAKKANN
DAG-BAKPOKAR
FRÁ 18.990 KR.
DEUTER FUTURA
MARGVERÐLAUNAÐIR BAKPOKAR. FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM Í DÖMU OG HERRA ÚTFÆRSLUM. 22–38 LÍTRA.
STÓRIR BAKPOKAR
FRÁ 42.990 KR.
DEUTER AIRCONTACT
ALVÖRU BAKPOKAR MEÐ STILLANLEGU BAKI OG VATNSVÖRN. FÁANLEGIR Í ÝMSUM STÆRÐUM, DÖMU OG HERRA. 55+10 LÍTRA – 75+10 LÍTRA.
KÚLUTJÖLD
FRÁ 17.990 KR.
HIGH PEAK
ÚRVAL AF 3-4 MANNA KÚLUTJÖLDUM. GÓÐ VATNSVÖRN.
ENNISLJÓS
FRÁ 4.990 KR.
ÝMSAR TEGUNDIR
T.D. PETZL, PRIMUS, SILVA OG COAST.
BRETTA- OG SKÍÐAPAKKAR
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í GLÆSIBÆ
GÖNGUSKÓR
FRÁ 26.990 KR.
ÖLL HELSTU MERKIN:
MEINDL, SCARPA, THE NORTH FACE MIKIÐ ÚRVAL!
NORTH FACE SVEFNPOKI
FERMINGARTILBOÐ 19.990 KR.
TNF ALEUTIAN 3S
VANDAÐUR OG TRAUSTUR TIL NOTKUNAR SUMAR, VOR OG HAUST. FYLLING: „HEATSEEKER" TREFJAR ÞOLMÖRK: -7°C. ÞYNGD: 1.559 GR.
REIÐHJÓL
FRÁ 49.990 KR.
JAMIS FJALLAHJÓL
VÖNDUÐ AMERÍSK FJALLAHJÓL Á GÓÐU VERÐI. ÞÚ FÆRÐ HJÓLIN Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ.
Fáðu aðstoð við valið á réttu fermingargjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## Á HVERJUM FIMM SEKÚNDUM...



...er 1.250 lögum hlaðið niður úr verslun iTunes

...selur Amazon vörur fyrir tæplega sjö þúsund dollara, tæplega átta hundruð þúsund krónur

...eru 35 LEGO-kassar seldir einhvers staðar í heiminum

...eru næstum því tvær Barbie-dúkkur seldar.

...þénar Nike rétt rúmlega þrjú þúsund dollara, rúmlega þrjú hundruð þúsund krónur

...eru um það bil 3.150 áldósir endurunnar

...eru um það bil 4.656 olíutunnur notaðar


Fræðslusjóður brunamála

Mannvirkjastofnun auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði brunamála

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkviliðsstarfa. Sjóðurinn greiðir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarkostnað, laun á námstíma og styrki vegna námskeiða og endurmenntunar. Mannvirkjastofnun annast úthlutun styrkja í samræmi við verklagsreglur um sjóðinn. Sjóðurinn hefur til umráða 3,5 millj. kr. og mun 60% til 90% verða ráðstafað til slökkviliða og til einstakra slökkviliðsmanna. Aðrir aðilar sem vinna að brunamálum eiga kost á 10% til 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Umsóknir merktar **„Fræðslusjóður brunamála 2014“** skal senda til Mannvirkjastofnunar, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, **fyrir 17. apríl 2014** á eyðublöðum sem fást á **mvs.is**. Athygli er vakin á því að styrkveiting fellur úr gildi ef styrkur er ekki nýttur innan tveggja ára frá veitingu.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Valdimarsson (petur@mvs.is).

Mannvirkjastofnun
Skúlagata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
www.mvs.is
Skrifstofan er opin
kl. 8.30-16 virka daga.

Mannvirkjastofnun



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á


# SLUPPU VIÐ BÖLVUN STRÁKASVEITANNA

Flestum meðlimum strákasveita sem reyna fyrir sér sem sólólistamenn eftir að sveitirnar hætta hefur mistekist hrapallega og varla náð inn á vinsældalista með tónlist sína. Nokkur dæmi eru þó um að tónlistarmenn nái að rífa sig úr viðjum strákasveitanna og njóti heimsfrægðar eftir að hveitibrauðsdögum strákabandanna lýkur.



**EKKI BARA TÓNLISTARMAÐUR**

Verðandi Íslandsvinurinn Justin Timberlake státar af einum farsælasta sólóferlinum eftir að hljómsveitin 'N Sync hætti árið 2002. Síðan þá hefur hann gefið út hvern smellinn á fætur öðrum, unnið til níu Grammy-verðlauna og meira að segja gert garðinn frægan sem leikari í bíómyndum á borð við The Social Network, Bad Teacher og Inside Llewyn Davis.



**KONUNGUR POPPSINS**

Það tæki heila bók að rekja frægðarferil Michaels Jackson úr Jackson 5 enda er hann alltaf kallaður konungur poppsins. Platan hans Thriller frá árinu 1982 er mest selda plata allra tíma og setti Michael fjölmörg met áður en hann lést árið 2009. Hann vann til 26 American Music-verðlauna, fleiri en nokkur annar listamaður og náði þréttán smáskífum á topp vinsældalista í Bandaríkjunum.



**KOMST Í HEIMSMETABÓK GUINNESS**

Robbie Williams hætti í strákasveitinni Take That árið 1995 og olli miklu uppnámi árið 1999 þegar hann tróð upp í Laugardalshöll og hætti í miðjum tónleikum eftir að plastflösku var hent í átt til hans á sviðinu. Hann hefur selt rúmlega sjötíu milljónir platna um heim allan og er í hópi söluhæstu tónlistarmanna allra tíma. Hann er söluhæsti breski sólólistamaður í Bretlandi og árið 2006 fékk hann pláss í Heimsmetabók Guinness fyrir að selja 1,6 milljónir miða á tónleikaferðalag sitt Close Encounters á einum degi. Þá hefur hann einnig hlotið sautján Brit-verðlaun, fleiri en nokkur annar listamaður.



**ALLTAF Á TOPPNUM**

Hljómsveitin Wham! hætti árið 1986 og George Michael og Andrew Ridgeley fóru hvor í sína áttina. Andrew gekk ekkert í tónlistinni eftir það en sama er ekki hægt að segja um George. Hann hefur selt rúmlega hundrað milljónir platna á heimsvísu en fyrsta sólóplata hans, Faith, seldist í rúmlega tuttugu milljónum eintaka. Hann hefur komið sjö smáskífum á topp vinsældalista í Bretlandi og átta á toppinn á Billboard Hot 100-listann. Þá hefur hann unnið til fjölda verðlauna, þar á meðal tvennra Grammy-verðlauna, þrennra Brit-verðlauna og fernra MTV Video Music-verðlauna.



**SKRAUTLEGUR FERILL**

Bobby Brown gerði garðinn frægan í sveitinni New Edition og sló ekki slöku við þegar hann hóf sólóferil. Platan hans Don't Be Cruel varð mikill hittari og innihélt hans helsta smell, My Prerogative. Bobby var kvæntur söngkonunni Whitney Houston og var einkalíf hans oft í forgrunni í fjölmiðlum en ekki tónlistin. Hann hefur unnið til Grammy-verðlauna, American-tónlistarverðlauna og Soul Train-verðlauna og er talinn frumkvöðull Jack Swing-tónlistar sem er sambland af hip hop-i og R&B.



**NOTTING HILL KOM HONUM Á KORTIÐ**

Ronan Keating hefur gefið út fjölmargar plötur eftir að strákabandið Boyzone hætti árið 2000. Ronan náði athygli heimsbyggðarinnar þegar lag hans When You Say Nothing at All hljómaði í kvikmyndinni Notting Hill með Júlíu Roberts og Hugh Grant í aðalhlutverki. Ronan hefur selt rúmlega tuttugu milljónir platna á heimsvísu og muna eflaust margir eftir því þegar kauði tróð upp á Þjóðhátíð í Eyjum árið 2012.

## FIMM VERSTU SÓLÓFERLARNIR



**ABZ LOVE – 5IVE**

Þegar 5ive lagði upp laupana árið 2001 var Abz sá eini sem hóf sólóferil og gaf út plötuna Abstract Theory. Hún náði 29. sæti á vinsældaristum í Bretlandi.



**MARK OWEN – TAKE THAT**

Barnslegt andlit hans náði ekki að selja þær fjórar plötur sem hann hefur gefið út af neinu viti. Lögin Child og Clementine eru líklega hvað þekktust eftir hann.



**BRIAN HARVEY – EAST 17**

Brian gaf aðeins út eina hræðilega plötu, Solo, árið 2001 og fékk hún hræðilega dóma.



**BRIAN MCFADDEN – WESTLIFE**

Brian dýfði sér í indítónlist en plöturnar hans fjórar hafa ekki notið mikillar velgengni.



**JOE JONAS – JONAS BROTHERS**

Sólóplötunni hans, Fastlife, var frestað ítrekað en hún kom loksins út árið 2011 og náði ekki flugi.

# DEBENHAMS






# SHISEIDO

## Í DEBENHAMS 3. - 8. APRÍL

Sérfræðingur veitir ráðgjöf í förðun og umhirðu húðarinnar.

Glæsilegur kaupauki* þegar keyptar eru 2 eða fleiri Shiseido vörur, þar af ein í kremlínu eða farði.

Kaupauki
Bio-Performance Super Revitalizing Cream 18ml
Bio-Performance Super Corrective Serum 9ml
Bio-Performance Super Corrective Eye Cream 5ml
Benefiance WR24 Pure Retinol Eye Mask í fullri stærð
Lacquer Rouge 6ml
Full Definition Mascara




* Meðan birgðir endast.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

NOAH
GRAND BUDAPEST 100/100 NEW YORK TIMES
HNETURÁNIÐ
DEAD SNOW ★★★★ - FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5 - 8 - 9 - 10.15 | 12 |
| NOAH LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 5.40 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 8 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL. 5.50 | L |
| NYMPHOMANIAC PART 1 OG PART 2 | KL. 8 | 16 |

Miðasala á: eMiði

NOAH SMÁRABÍÓ KL. 21.00
THE GRAND BUDAPEST HOTEL HÁSKÓLABÍÓ KL. 21.00
GÆÐASTUNDIR Í KVÖLD
DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á EMIÐI.IS · NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI

NOAH
HNETURÁNIÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NOAH | 6, 8, 9 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 6 | L |
| 3 DAYS TO KILL | 10:25 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 8 | 12 |

SAMbio.is

CAPTAIN AMERICA THE WINTER SOLDIER FORSÝND
FORSÝND DIVERGENT
RUSSELL CROWE EMMA WATSON
L.K.G - FBL. THE HOLLYWOOD REPORTER
NOAH
STÓRMYNDIN SEM TEKIN VAR UPP Á ÍSLANDI

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT FORSÝNING | KL. 8 | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:45 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 FORSÝNING 3D | KL. 11:55 (MIÐNÆTURSÝNING) | 12 |
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:10 - 7:30 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:10 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 6 - 9 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| POMPEII | KL. 5:40 | 12 |

SAMbio.is



**HAMINGJUSÖM** Halle á eitt barn með Olivier. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Hann er gómsætur

Leikkonan Halle Berry fór í viðtal við Extra fyrir stuttu og deildi ýmsu skemmtilegu úr sínu einkalífi. Talaði hún meðal annars um sinn heittelskaða, leikarann Olivier Martinez, og hlutverk hans í sjónvarpsþáttunum Revenge. „Ég er mjög stolt af honum. Mér finnst hann vera gómsætur.“ Halle og Olivier eignuðust soninn Maceo í október í fyrra en fyrir á Halle dótturina Nahla með fyrrverandi eiginmanni sínum, Gabriel Aubry. - lkg

# Tækifærin í mansali

**BAKPANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**MIKIÐ** var rætt um hrægamma í aðdraganda síðustu kosninga. Miklu meira en aðra fugla. Skógarþrestir og hafernir voru til dæmis víðsfjarri og ég man ekki eftir að hafa heyrt minnst á lóuna, þrátt fyrir að ég hafi verið í kjöraðstöðu til að hlusta á tístið í frambjóðendum og að kosningarnar hafi farið fram um vor.

**FRAMBJÓÐENDUM** Framsóknarflokksins varð tíðrætt um hrægammana sem rifu í sig kröfur föllnu bankanna í von um að hagnast gríðarlega. Með öðrum orðum sáu erlendir vogunarsjóðir tækifæri í hruninu á Íslandi – tækifæri sem þeir ákváðu að nýta. Við gætum talað um að grípa gæsir í þessu samhengi, ef við værum í stuði fyrir fuglalíkingar.

**HRÆGAMMAR** eru reyndar misskildir fuglar og nauðsynlegur hlekkur í hringrás lífsins. Líking framsóknarmanna var því afar ósanngjörn í þeirra garð. En það er spurning hvort er verra; að vera hrægammur eða hræsnari því forsætisráðherra sparaði ekki lýsingarorðin á dögunum þegar hann lýsti tækifærunum sem felast í hlýnun jarðar.

**ÞAÐ** er óþarfi að fjölyrða um hörmungarnar sem eiga eftir að dynja á heiminum vegna hlýnunar á næstu árum í formi þurrka, flóða, uppskerubrests og hungursneyðar. Ekki svona evrópskrar hungursneyðar sem skapast þegar vængirnir klárast á KFC – alvöru hungursneyðar sem drepur fólk. Og forsætisráðherra sér ekki tækifæri í að beita sér fyrir að þróuninni sé snúið við heldur telur að neyðin geti aukið hagvöxt á hinu vel staðsetta og ávallt skítkalda Íslandi.

**NÚ** þegar loftslagsbreytingar eru „tækifæri“ en ekki „ömurleg þróun sem ógnar lífi framtíðarkynslóða“ þá langar mig að benda forsætisráðherra á annað frábært tækifæri: Mansal. Mansal er á meðal heitustu glæpa heims og veltir milljörðum árlega. Milljörðum sem gætu farið í að endurnýja gömul hús í einhverjum rassgatsfirði ef rétt er haldið á spilunum. Það má því segja að gríðarleg tækifæri felist í nútíma þrælahaldi fyrir íslenska þjóð.

# Tíu ára afmæli alþýðuhátíðar

Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður stendur á tímamótum og heldur upp á tíu ára afmæli sitt í ár. Á blaðamannafundi á Ísafirði í gær voru ný atriði kynnt til sögunnar og stefnir í prýðishelgi í Skutulsfirðinum.

„Það verður svo sem engum flugeldum skotið á loft en við höldum okkar stefnu og uppruna og lofum frábærri hátíð eins og undanfarin ár,“ segir Birna Jónasdóttir, rokkstjóri Aldrei fór ég suður sem fram fer dagana 18. og 19. apríl næstkomandi, en hátíðin á tíu ára afmæli í ár.

Í gær fór fram blaðamannafundur á Ísafirði þar sem ný atriði á hátíðinni voru kynnt en á meðal þess sem kynnt var í gær var Helgi Björnsson ásamt stórsveit Vestfjarða, heimamaðurinn Guðmundur Magnús Kristjánsson, Muggi sem er pabbi Mugisons, og þá spila Snorri Helgason og Kaleo einnig á hátíðinni. Margir fleiri listamenn koma fram á hátíðinni í ár.

„Við erum mjög spennt fyrir dagskránni sem liggur fyrir,“ segir Birna.

„Þetta er vonandi í síðasta sinn sem hátíðin fer fram í Grænagarði, skemmu Gámaþjónustu Vestfjarða. Við erum að vinna í því að finna húsnæði til frambúðar. Það er ekki til hús sem er nægilega stórt og hentar hátíðinni, en við höfum hugsað út í uppblásið tjald sem er í raun eins og uppblásið hús því veggirnir eru allt að metri á þykkt, það væri þó einungis skammtímalausn,“ útskýrir Birna.

Hátíðin hefur stækkað mikið á undanförnum árum og er að verða ein vinsælasta tónlistarhátíð ársins hér á landi. „Það var gerð óformleg talning og þá var reiknað með að um 3.000 manns hefðu verið á svæðinu en það eru þó mjög óformlegir útreikningar,“ bætir Birna við.

Styrktaraðilar hátíðarinnar eru Flugfélag Íslands, Landsbankinn, Orkusalan, Samskip og Orkubú Vestfjarða en stuðningurinn gerir að verkum að engan aðgangseyri þarf að greiða á hátíðina.

Tónlistin mun duna föstudaginn 18. apríl og laugardaginn 19. apríl frá klukkan 18 til 24 í Grænagarði. Þá munu Kraumur – tónlistarsjóður og Aldrei fór ég suður bjóða upp á samræðugrundvöll tónlistarmanna og gesta um landslag tónlistar á Íslandi. Fara samræðurnar fram á milli 14 og 17 á föstudeginum.

gunnarleo@frettabladid.is



**SKIPULEGGJENDURNIR** Birna Jónasdóttir, rokkstjóri hátíðarinnar, Hálfdán Bjarki, reglugerðarfrömuður hátíðarinnar, Pétur Magnússon, eða fallegi smiðurinn, kynnir hátíðarinnar, og Kristján Freyr Halldórsson, listrænn ráðunautur hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMÚEL



MYND/ANTON BRINK

### ➔ Listamenn sem koma fram í ár

**Retro Stefson**
**Helgi Björnsson og stórsveit Vestfjarða**
**Maus**
**Mammút**
**Grísalappalísa**
**Tilbury**
**Hermigervill**
**Sigurvegarar Músíktilrauna 2014**
**Dj. Flugvél og geimskip**
**Glymskrattinn**
**Highlands**
**Cell7**
**Contalgen Funeral**
**Rhytmatic**
**Markús and the Diversion Sessions**
**Lón**
**Kött grá pjé**
**Þórunn Arna Kristjánsdóttir og búgíband Skúla mennska**
**Dusty Miller**
**Sólstafir**
**Lína Langsokkur**
**Hemúllinn**
**Rúnar Þórisson**
**Kaleo**
**Snorri Helgason**

BÍÓBYLTING
MÁ BJÓÐA ÞÉR AÐ EIGA GÆÐASTUND Í KVÖLD?
18 ára aldurstakmark og ekkert hlé.
Fyrir þá sem vilja enga truflun!
NOAH SMÁRABÍÓ KL. 21.00
THE GRAND BUDAPEST HOTEL HÁSKÓLABÍÓ KL. 21.00
Miðasala er hafin á eMiði.is
HÁSKÓLABÍÓ SMÁRABÍÓ

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
Antboy
ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR
ZWEI LEBEN
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
8GB MINNISLYKILL
Stílhreinn og stórglæsilegur USB3 minnislykill með inndraganlegu USB tengi á ótrúlegu tilboði!
995
16GB USB3 1.990 • 32GB USB3 3.990
ENN BETRA VERÐ
AÐEINS 145gr
1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Stream USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
12.900
500GB STREAM USB3 8.990
20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SAMSUNG
10” GALAXY TAB3
Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1” fjölsnertiskjá, öflugum Dual Core örgjörva
49.900
ALLTAF BETRA VERÐ!
8BLS BÆKLINGUR
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## Real Madrid og PSG í góðum málum



**FÓTBOLTI** Real Madrid er komið með annan fótinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar í fótbolta eftir öruggan 3-0 sigur á Dortmund í fyrri viðureign liðanna í 8 liða úrslitum keppninnar í gærkvöldi.

Gareth Bale, Isco og Cristiano Ronaldo skoruðu mörk heimamanna en Ronaldo er nú búinn að skora 14 mörk í keppninni og nálgast metið sem yrði enn ein skrautfjöðrin í hatt Portúgalans.

PSG gerði sér einnig lítið fyrir og vann Chelsea nokkuð örugglega, 3-1, á Prinsavöllum í París og er í mjög góðri stöðu fyrir seinni leikinn en Chelsea þarf að vinna hann á Brúnni 2-0 til að komast áfram.

Þrátt fyrir slaka frammistöðu Zlatans Ibrahimovic var PSG í heildina betra liðið og þurfa strákarnir hans Mourinhos að gyrða sig í brók ætli þeir að komast í undanúrslit keppninnar. - tom

## Hildur Sigurðardóttir var hetja Snæfells

**KÖRFUBOLTI** Snæfell komst í gærkvöldi í 2-0 í einvíginu gegn Haukum í lokaúrslitum Dominos-deildar kvenna í körfubolta og þarf nú aðeins einn sigur til viðbótar til að tryggja sér fyrsta Íslandsmeistaratitil félagsins í kvennaflokki.

Snæfell vann Hauka á Ásvöllum í Hafnafirði í gærkvöldi, 75-72, í æsispennandi leik.

Gestirnir úr Hólminum voru níu stigum yfir í byrjun síðasta leikhlutans en Haukarnir tóku mikinn sprett, skoruðu 21 stig gegn 11 og var leikurinn jafn, 72-72, þegar mínúta var eftir.

Þá tók Hildur Sigurðardóttir, leikstjórnandi Snæfells, til sinna ráða en eftir að Lele Hardy brenndi af þriggja stiga skoti fyrir Hauka skoraði Hildur hinum megin og fékk vítaskot að auki sem hún nýtti. Það reyndust síðustu stig leiksins en herforinginn Hildur skoraði í heildina 30 stig fyrir Hólmara.

Liðin mætast næst í Stykkishólmi á sunnudagskvöldið en þar getur Snæfell verið með sópinn á lofti og tryggt sér þann stóra en þess ber að geta að liðið er enn að spila án hinnar bandarísku Chynnu Brown. - tom



**FRÁBÆR** Hildur Sigurðardóttir átti stórleik fyrir Snæfell. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**LOKAÚRSLIT, 2. LEIKUR**

**HAUKAR - SNÆFELL 72-75 (26-37)**

**Haukar:** Lele Hardy 23/12 fráköst, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 15, Íris Sverrisdóttir 10, Dagbjört Samúelsdóttir 8, Gunnhildur Gunnarsdóttir 8/5 fráköst/5 stoðsendingar, Lovísa Björt Henningsdóttir 5/4 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 2, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 1.

**Snæfell:** Snæfell: Hildur Sigurðardóttir 30/4 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 16/10 fráköst/5 stoðsendingar, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 15/7 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 13/4 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 1/6 fráköst.

*Staðan í einvíginu er 2-0 fyrir Snæfelli.*

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**8-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKUR**

**REAL MADRID - DORTMUND 3-0**

1-0 Gareth Bale (3.), 2-0 Isco (27.), 3-0 Cristiano Ronaldo (57.).

*Liðin mætast aftur á þriðjudaginn í Dortmund.*

**PSG - CHELSEA 3-1**

1-0 Ezequiel Lavezzi (3.), 1-1 Eden Hazard, víti (27.), 2-1 David Luis, sjálfsmark (61.), Javier Pastore (90.+3).

*Liðin mætast aftur á þriðjudaginn í Lundúnum.*

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Fárið truflaði okkur ekki

Þórir Ólafsson segir að leikmenn pólska liðsins Kielce hafi ekki fundið fyrir þeirri rimmu sem Talant Dujshebaev, þjálfari liðsins, átti við Guðmund Guðmundsson. Óvíst er hvað tekur við hjá Þóri næsta haust.

**HANDBOLTI** Þórir Ólafsson segir að fjölmiðlafárið eftir fyrri leik sinna manna í Kielce gegn Rhein-Neckar Löwen í Meistaradeild Evrópu hafi lítil áhrif haft á leikmannahópinn. Sem kunnugt er gekk mikið á á milli þjálfara liðanna, þeirra Guðmundar Guðmundssonar hjá Löwen og Talants Dujshebaev, þjálfara Þóris hjá Kielce.

„Við fengum frið til einbeita okkur að leiknum. Það var auðvitað mikil umfjöllun um þetta en maður reyndi bara að útiloka það," sagði Þórir í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann er staddur hér á landi með landsliðinu sem leikur tvo æfingaleiki við Austurríki um helgina.

Mikil spenna var í síðari leik liðanna sem fór fram á mánudagskvöld. Liðin voru jöfn að markatölu eftir báða leikina en Löwen komst áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

„Þetta mál vann ekki gegn okkur. Við spiluðum mjög vel í þessum leik en við getum sjálfum okkur um kennt að hafa ekki staðið okkur betur í riðlakeppninni og fengið þar af leiðandi auðveldari andstæðing í 16 liða úrslitunum."

Þórir segist vera ánægður með Dujshebaev sem þjálfara og kann vel við hann. „Hann er fínn kall – auðvitað mikill keppnismaður og blóðheitur, eins og flestir þjálfarar. Hann er fær þjálfari og ég er ánægður með að spila undir hans stjórn."

Eins og áður hefur verið greint frá mun Þórir yfirgefa herbúðir Kielce í lok tímabilsins og óljóst hvað tekur við. Þórir er þó með nokkur járn í eldinum.

„Ég er að vinna í þessum málum með mínum umboðsmanni. Markaðurinn fór ekki á hreyfingu fyrr en eftir að EM í Danmörku lauk," segir Þórir sem var lengi á mála hjá Lübbecke í Þýskalandi. Hann segist opinn fyrir því að snúa aftur í þýsku deildina. „Alveg eins. Það er allt opið." eirikur@frettabladid.is



**Á ÆFINGU** Þórir Ólafsson verst Gunnari Steini Jónssyni á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




*Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málmum sem létta bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?
Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á





# Slaktaumatölt og lokahátíð á föstudag!

## Fylgstu með á Stöð 2 Sport kl. 19:00

Stöð 2 Sport sýnir beint frá slaktaumatöltinu og lokahátíðinni fyrir Meistaradeildina í hestaíþróttum á föstudag kl. 19:00. Flottustu fákar og bestu knapar landsins etja kappi í stórskemmtilegri og spennandi keppni. Við gerum einnig Meistaradeild Norðurlands, KS-deildinni góð skil í apríl.
**Ekki missa af sannkallaðri hestaveislu!**

### Hestaþættir fram undan

| | |
|---|---|
| 4. apríl | Slaktaumatölt og lokahátíð |
| 10. apríl | Samantekt og spjall |
| 10. apríl | KS-deildin Tölt |
| 17. apríl | KS-deildin Lokakeppni |

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Þetta er alveg frábært og mjög þarft framtak

Ívar Ásgrímsson, þjálfari karlaliðs Hauka í Dominos-deildinni, var ráðinn þjálfari kvennalandsliðsins í körfubolta.

**KÖRFUBOLTI** „Það er spennandi og skemmtilegt verkefni að taka þátt í Evrópumótinu. Ég tel okkur líka eiga góða möguleika á sigri í C-deildinni,“ segir Ívar Ásgrímsson, nýráðinn landsliðsþjálfari kvenna í körfubolta.

KKÍ tilkynnti um ráðningu Ívars í gær en hann tekur við starfinu af Sverri Þór Sverrissyni. Verkefni sumarsins er þátttaka í C-deild Evrópukeppninnar.

„Það er alveg frábært og þarft framtak að taka þátt í Evrópukeppninni. Yngri landsliðin eru líka að taka þátt í Evrópukeppnum þannig þetta er allt hið besta mál,“ segir Ívar.

Ísland er í riðli með Möltu og Gíbraltar en í hinum riðlinum eru fjögur lið: Skotland, Austurríki, Wales og Aserbaídsjan. Efstu tvö lið hvors riðils leika í kross til undanúrslita og svo er hreinn úrslitaleikur um sigur í C-deildinni.

„Án þess að hafa séð liðin spila og bara miðað við hvernig þetta hefur verið þá eigum við að vinna okkar riðil. Ég held það verði svo Austurríki sem við munum berjast um sigurinn við. Það er svona það sem ég held fyrirfram en maður veit aldrei,“ segir Ívar sem fær vináttuleiki gegn Dönum í júlí rétt áður en haldið verður í Evrópukeppnina.

„Það er mjög gott. Danirnir verða þá líka búnir að spila við Austurríki þannig við fáum vonandi myndbönd af því. Þessir leikir eru alveg nauðsynlegir. Ég hefði viljað fá leiki fyrr líka til að laga það sem þarf að laga en það er erfitt að fá leiki á þessum tímapunkti.

Ívar er þjálfari karlaliðs Hauka sem gerði flotta hluti á tímabilinu sem nýliði í deildinni. Það endaði í 5. sæti en var sópað í sumarfrí af Njarðvík. Hann heldur áfram með karlaliðið næsta vetur.

„Ég gerði tveggja ára samning við Haukana síðasta sumar sem var uppsegjanlegur af beggja hálfu eftir fyrra árið. En það er bara vilji hjá báðum aðilum til að halda áfram. Þetta var skemmtilegt tímabil með Haukana og við náðum vissum markmiðum. Þetta er bara eitthvað sem við byggjum á,“ segir Ívar Ásgrímsson. - tom



**SPENNTUR** Ívar Ásgrímsson hlakkar til sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Teitur getur orðið sá fyrsti í 100 sigra

Undanúrslitin í úrslitakeppni Dominos-deildar karla hefjast í kvöld með fyrsta leiknum í rimmu KR og Stjörnunnar. Teitur Örlygsson, þjálfari Garðbæinga, getur skráð nafn sitt í sögubækurnar en veit að það verður erfitt verkefni að ætla að sjá við ógnarsterku liði KR.

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson getur í kvöld brotið blað í sögu úrslitakeppninnar hér á landi með því að verða fyrstur til að vinna 100 sigra, bæði sem leikmaður og þjálfari. Teitur á langan feril að baki í meistaraflokki og varð á sínum tíma tíu sinnum Íslandsmeistari með liði Njarðvíkur.

Teitur vann 78 leiki í úrslitakeppni sem leikmaður og er nú kominn með 21 sigur sem þjálfari Stjörnunnar. Fyrr í vetur var greint frá því að Teitur myndi hætta með liðið í lok tímabilsins en í kvöld hefst rimma Stjörnunnar gegn deildarmeisturum KR í undanúrslitum úrslitakeppni Domino‘s-deildar karla. Teitur fær þá tækifæri til að komast fyrstur manna í 100 sigra.

„Það er bara gaman að þessu – ég vona bara að það takist,“ sagði Teitur hógvær í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann veit þó að það verður erfitt verkefni að stöðva KR-inga sem sópuðu Snæfelli út úr 8-liða úrslitunum.

„KR hefur spilað gríðarlega vel í vetur en við getum þó leyft okkur að fara í þessa rimmu án þess að vera með mikla pressu á okkur,“ segir Teitur enda segir hann gott sjálfstraust í liðinu eftir að Stjörnumenn gerðu sér lítið fyrir og slógu sterkt lið Keflvíkinga úr leik í 8-liða úrslitunum, 3-0.

„Við mætum því óhræddir í Vesturbæinn,“ bætir hann við. „Það er gaman hjá okkur og góður andi í hópnum. Maður kemst langt á sjálfstraustinu.“

## Þurfum framlag frá bekknum

Teitur segir að það verði erfitt að verjast KR-ingum sem eru með afar heilsteypt lið. „Fyrstu 6-7 mennirnir í hópnum eru mjög sterkir og það sést enginn munur á liðinu eftir því hvaða fimm spila hverju sinni. Við þurfum því líka að fá framlag frá bekknum okkar,“ segir Teitur og bætir við að baráttan muni skila mönnum miklu sem endranær.

Miklu munaði um framlag Justins Shouse í rimmunni gegn Keflavík en hann átti frábæra leiki og virðist kominn aftur í sitt besta form eftir meiðsli í vetur.

„Hann er mun fljótari og maður sér mikinn mun á einföldustu hlutum sem hann gerir. Við sjáum núna hvað meiðslin gerðu honum mikinn grikk í vetur.“

Stjörnunni gekk ekki sem skyldi í deildarkeppninni í vetur en Teitur segir að það hafi stundum verið erfitt að fullmanna æfingar. „Það hafa verið meiri meiðsli á þessu tímabili en öll hin fjögur árin mín hjá Stjörnunni til samans.“

## Með fleiri framlagsstig

Hann segir enga ástæðu til að óttast KR-inga sérstaklega, ekki síst þar sem báðir leikir liðsins í vetur voru spennandi.

„Við töpuðum þeim samanlagt með sjö stigum og vorum með fleiri framlagsstig leikmanna í báðum leikjum þrátt fyrir að tapa. Það gerist ekki oft,“ segir Teitur og bætir við að hann hafi farið vel yfir mistök sinna manna í þessum leikjum.

„Það eru ákveðnir hlutur sem maður má ekki klikka á gegn KR því þá verður manni bara refsað.“

## Passa upp á jafnvægið

Teitur segir að hans menn hafi farið mjög langt á góðri skotnýtingu í leikjunum við Keflavík og að það þýði ekki að stóla á það endalaust.

„Í raun spilaði Keflavík betur en við í þriðja leiknum en við unnum bara með góðri hittni. Það gerist ekki oft og við verðum að passa okkur á að hafa sóknarleik okkar í góðu jafnvægi. Við þurfum að velja skot okkar af skynsemi.“ - esá, óój

## LEIKMAÐURINN TEITUR Í ÚRSLITAKEPPNINNI

Sigrar í: 8 liða (gulur) / Undanúrslitum (blár) / Lokaúrslit (rauður)

| | | 8 liða | Undanúrslitum | Lokaúrslit | Sigrar – töp | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1984 | Njarðvík | | 2 | 2 | 4 - 0 | Íslandsmeistari |
| 1985 | Njarðvík | | 2 | 2 | 4 - 1 | Íslandsmeistari |
| 1986 | Njarðvík | | 2 | 2 | 4 - 0 | Íslandsmeistari |
| 1897 | Njarðvík | | 2 | 2 | 4 - 0 | Íslandsmeistari |
| 1988 | Njarðvík | | 2 | 1 | 3 - 3 | 2. sæti |
| 1989 | Njarðvík vann engan leik | | | | 0 - 2 | Undanúrslit |
| 1990 | Njarðvík | | 1 | | 1 - 2 | Undanúrslit |
| 1991 | Njarðvík | | 2 | 3 | 5 - 2 | Íslandsmeistari |
| 1992 | Njarðvík | | 1 | | 1 - 2 | Undanúrslit |
| 1993 | Njarðvík ekki í úrslitakeppnina | | | | | |
| 1994 | Njarðvík | | 2 | 3 | 5 - 3 | Íslandsmeistari |
| 1995 | Njarðvík | 2 | 3 | 4 | 9 - 3 | Íslandsmeistari |
| 1996 | Njarðvík | 2 | 1 | | 3 - 3 | Undanúrslit |
| 1997 | Atvinnumaður í Grikklandi | | | | | |
| 1998 | Njarðvík | 2 | 3 | 3 | 8 - 3 | Íslandsmeistari |
| 1999 | Njarðvík | 2 | 3 | 2 | 7 - 4 | 2. sæti |
| 2000 | Njarðvík | 2 | 2 | | 4 - 3 | Undanúrslit |
| 2001 | Njarðvík | 2 | 3 | 3 | 8 - 1 | Íslandsmeistari |
| 2002 | Njarðvík | 2 | 2 | 2 | 6 - 2 | Íslandsmeistari |
| 2003 | Njarðvík | 2 | | | 2 - 2 | Undanúrslit |

→ Teitur er eini leikmaðurinn sem hefur unnið 10 Íslandsmeistaratitla í úrslitakeppni.

**Samtals:** 78 sigrar 37 töp



## ÞJÁLFARINN TEITUR Í ÚRSLITAKEPPNINNI

| | | 8 liða | Undanúrslitum | Lokaúrslit | Sigrar – töp | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2008 | Njarðvík vann engan leik | | | | 0 - 2 | 8 liða úrslit |
| 2009 | Stjarnan | 1 | | | 1 - 2 | 8 liða úrslit |
| 2010 | Stjarnan | 1 | | | 1 - 2 | 8 liða úrslit |
| 2011 | Stjarnan | 2 | 3 | 1 | 6 - 4 | 2. sæti |
| 2012 | Stjarnan | 2 | 1 | | 3 - 4 | Undanúrslit |
| 2013 | Stjarnan | 2 | 3 | 2 | 7 - 5 | 2. sæti |
| 2014 | Stjarnan | 3 | | | 3 - 0 | Undanúrslit |

**Samtals:** 21 sigrar 19 töp

**Samtals sem leikmaður og þjálfari:** 99 sigrar 56 töp



→ Sigurður Ingimundarson og Guðkón Skúlason hafa báðir tekið þátt í 98 sigrum.



# TOPPBÍLAR

## TILBOÐSDAGAR

4.190.000 kr.



**TOYOTA** LC 120 vx. Árg. 2007.
Ekinn 194.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000.- **TILBOÐ 4.190.000.-**
Rnr.371281.

1.190.000 kr.



**TOYOTA** Corolla s/d sol. Árg. 2006.
Ekinn 115.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.390.000.- **TILBOÐ 1.190.000.-**
Rnr.371269.

1.450.000 kr.



**TOYOTA** Avensis wg sol. Árg. 2007.
Ekinn 165.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.690.000.- **TILBOÐ 1.450.000.-**
Rnr.371702.

1.990.000 kr.



**TOYOTA** Auris sol mmt. Árg. 2008.
Ekinn 68.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.250.000.- **TILBOÐ 1.990.000.-**
Rnr.371730.

890.000 kr.



**NISSAN** Note h/b tekna. Árg. 2007.
Ekinn 124.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.090.000.- **TILBOÐ 890.000.-**
Rnr.336433.

4.190.000 kr.



**M.BENZ E 200** ngt komp. Árg. 2009,
Ekinn 55.000 km bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000.- **TILBOÐ 4.190.000.-**
Rnr.336116.

1.190.000 kr.



**TOYOTA** Rav4 langur 4wd. Árg. 2005.
Ekinn 128.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000.- **TILBOÐ 1.190.000.-**
Rnr.371472.

5.790.000 kr.



**TOYOTA** LC 120 vx 35". Árg. 2008.
Ekinn 131.000 dísel, sjálfskiptur.
Verð 6.390.000.- **TILBOÐ 5.790.000.-**
Rnr.371445.

649.000 kr.



**TOYOTA** Rav4. Árg. 2003.
Ekinn 106.000 km bensín, 5 gírar.
Verð 890.000.- **TILBOÐ 649.000.-**
Rnr.371562.

1.490.000 kr.



**LEXUS** Rx300. Árg. 2003.
Ekinn 167.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000.- **TILBOÐ 1.490.000.-**
Rnr.371638.

1.490.000 kr.



**TOYOTA** Previa 7 manna. Árg. 2005.
Ekinn 174.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000.- **TILBOÐ 1.490.000.-**
Rnr.371574.

4.190.000 kr.



**TOYOTA** LC 120 vx. Árg. 2006.
Ekinn 105.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000. **TILBOÐ 4.190.000.-**
Rnr.336339.

1.690.000 kr.



**TOYOTA** Prius. Árg. 2007.
Ekinn 105.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.750.000.- **TILBOÐ 1.690.000.-**
Rnr.335452.

4.290.000 kr.



**TOYOTA** LC 120 vx. Árg. 2007.
Ekinn 175.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.790.000.- TILBOÐ 4.290.000.-
Rnr.336308.

649.000 kr.



**TOYOTA** Rav4. Árg. 2003.
Ekinn 235.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 750.000.- **TILBOÐ 649.000.-**
Rnr.336145.

1.250.000 kr.



**VW** Caddy life ecofuel. Árg. 2008.
Ekinn 115.000 km bensín, 5 gírar.
Verð 1.490.000.- **TILBOÐ 1.250.000.-**
Rnr.371607.

990.000 kr.



**FORD** Focus c-max. Árg. 2006,
Ekinn 94.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.190.000.- **TILBOÐ 990.000.-**
Rnr.371637.

449.000 kr.



**FORD** Focus trend station. Árg. 2003.
Ekinn 156.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 590.000.- **TILBOÐ 449.000.-**
Rnr.132343.

2.190.000 kr.



**TOYOTA** Rav4 gx. Árg. 2008.
Ekinn 90.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000.- **TILBOÐ 2.190.000.-**
Rnr.371705.

3.990.000 kr.



**TOYOTA** LC 120 gx 33". Árg. 2006.
Ekinn 149.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000.- **TILBOÐ 3.990.000.-**
Rnr.335962.



Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo

**Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16**

**TOPPBÍLAR** **Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is**

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.25
### Masterchef USA



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

## Í KVÖLD



### Eldað með Ebbu

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



### Two and a Half Men

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.40** Í þessari tíundu röð hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.



### KR-Stjarnan

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.00** Bein útsending frá leik KR og Stjörnunnar í Dominos-deild karla í körfubolta.

## Bylgjan kl. 06.50
### Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.




SIXTIES LÍNAN



JAZZ Turquoise sófi 228 cm | kr. 202.800



OSLO
Skrifborð
kr. . 126.300



REVIR
Tekk stóll
kr. 139.900



FLINGA
Tímaritahilla
20x160 cm
kr. 16.900



BETINA
Eikarskenkur
170x43x72
kr. 151.700



RETRO
Sófi
170 cm
kr. 169.800

Litir: Grásvartur / Fjólublár / Sand

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle**
**08.30 Man vs. Wild**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Suits**
**11.45 Nashville**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Dilemma**
**14.50 The O.C**
**15.35 Loonatics Unleashed**
**16.00 Ben 10**
**16.25 Mike and Molly**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Fóstbræður**
**19.55 Life's Too Short** *(6:7)*
**20.25 Masterchef USA** *(14:25)* Stórskemmtilegur matreiðluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**21.10 The Blacklist** *(18:22)*
**21.55 NCIS** *(8:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við eru orðin bæði flóknari og hættulegri.
**22.40 Person of Interest** *(11:23)*
**23.25 Spaugstofan**
**23.50 Mr. Selfridge**
**00.35 The Following**
**01.20 Shameless**
**02.10 Take Me Home Tonight**
**03.45 The Dilemma**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**11.30 Athletic Bilbao - Atletico Madrid**
**13.10 Spænsku mörkin 2013/14**
**13.40 Haukar - Snæfell**
**15.10 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Dortmund**
**16.50 Meistaradeild Evrópu. PSG - Chelsea**
**18.30 Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.00 KR - Stjarnan** Bein útsending
**21.00 Þór Þorlákshöfn - Grindavík**
**22.30 Keflavík** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðuðunum í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
**23.00 AZ Alkmaar - Benfica**
**00.40 KR - Stjarnan**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.30 Crystal Palace - Chelsea**
**14.10 Messan**
**15.40 Southampton - Newcastle**
**17.25 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**18.20 Swansea - WBA**
**20.00 Premier League World**
**21.00 Liverpool - Tottenham**
**22.45 Keane and Vieira. The Best of Ene**
**23.45 Football League Show 2013/14**
**00.15 Aston Villa - Stoke**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**12.00 Simpson-fjölskyldan**
**12.20 Friends**
**12.45 Mindy Project**
**13.05 Suburgatory**
**13.25 Glee**
**14.10 Hart of Dixie**
**14.50 Gossip Girl**
**15.35 The Carrie Diaries**
**16.15 Pretty Little Liars**
**17.00 Top 20 Funniest**
**17.45 How To Make it in America**
**18.15 Community**
**18.35 Game tíví**
**19.05 Malibu Country**
**19.30 Lífsstíll**
**20.00 American Idol** *(24:37)*
**21.20 Hawthorne** *(6:10)*
**22.05 Supernatural** *(10:22)*
**22.45 Grimm**
**23.25 Luck**
**00.30 Malibu Country**
**00.55 Lífsstíll**
**01.15 American Idol**
**02.35 Hawthorne**
**03.15 Supernatural**
**04.00 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Ævintýri Tinna **10.47** Mamma Mu **10.55** Hello Kitty **11.00** Skógardýrið Húgó **11.22** Latibær **11.46** Ævintýraferðin **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.23** Ævintýri Tinna **14.45** Mamma Mu **14.50** Hello Kitty **15.00** Skógardýrið Húgó **15.22** Latibær **15.46** Ævintýraferðin **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.23** Ævintýri Tinna **18.45** Mamma Mu **18.50** Hello Kitty **19.00** Alvin og íkornarnir 3 **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.50 Strákarnir**
**18.20 Friends**
**18.50 Seinfeld**
**19.15 Modern Family** *(1:24)*
**19.40 Two and a Half Men** *(5:23)*
**20.05 Tekinn 2** *(6:14)*
**20.30 Weeds** *(6:13)*
**21.00 Twenty Four** *(2:24)* .
**21.45 Without a Trace** *(5:24)*
**22.30 Curb Your Enthusiasm**
**23.00 Tekinn 2**
**23.25 Weeds**
**23.50 Without a Trace**
**00.35 Curb Your Enthusiasm**
**01.05 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.05 Solitary Man**
**13.35 Working Girl**
**15.30 I Don't Know How She Does It**
**17.00 Solitary Man**
**18.30 Working Girl**
**20.25 I Don't Know How She Does It**
**22.00 Fire With Fire**
**23.35 Faces In The Crowd**
**01.15 School for Seduction**
**03.00 Fire With Fire**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Einar Áskell**
**17.33 Verðlaunafé**
**17.35 Stundin okkar**
**18.01 Skrípin**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Kiljan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Eldað með Ebbu** *(5:8)*
**20.40 Martin læknir** *(4:8) (Doc Martin)*
**21.30 Best í Brooklyn** *(11:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg var valinn besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**21.50 Svipmyndir frá Noregi** *(5:7) (Norge rundt)* Atvinnudansarinn Arne Fagerholt er alvanur sviðsljósinu, en í þættinum reynir hann að draga konur í sinni heimabyggð upp á sviðið til sín.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(16:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.00 Barnaby ræður gátuna – Dauðadansinn**
**00.35 Kastljós**
**00.55 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.50 The Voice**
**17.05 90210**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Parenthood**
**19.10 Cheers**
**19.35 Trophy Wife**
**20.00 The Biggest Loser - Ísland LOKAPÁTTUR** *(11:11)* Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir
**22.00 Scandal** *(12:22)*
**22.45 The Tonight Show** Grínistinn Denis Leary og So You Think You Can Dance-kynnirinn Cat Deeley kíkja í heimsókn til Jimmys. Hljómsveitin Nickel Creek sér um tónlistaratriði kvöldsins
**23.30 CSI**
**00.15 Ice Cream Girls**
**01.00 The Good Wife**
**01.50 Beauty and the Beast**
**02.40 The Tonight Show**
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.50** Bundesliga Highlights Show **14.40** FC Bayern Munchen - 1899 Hoffenheim **16.40** RKC Waalwijk - AFC Ajax **18.40** Vitesse - Heerenveen **20.40** AFC Ajax - FC Twente **22.40** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** PGA Tour 2014 - Highlight **13.55** Golfing World 2014 **14.45** European Tour 2014 **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


SKJÁREINN
THE BIGGEST LOSER
ÓLÝSANLEG UMBREYTING!
6 mánuðum og 500 kílóum síðar ráðast úrslitin í beinni útsendingu í kvöld kl. 20.00
Hægt er að nálgast alla þættina frá upphafi í SkjáFrelsi.
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
SKJARINN.IS | 595 6000
Reebok FITNESS
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**BÍÓMYNDIN**



**Mín uppáhaldsbíómynd í dag er Hross í oss því hún er falleg, flott handrit, vel leikin og leikstjórn góð og myndin er eitthvað svo sönn. Takk fyrir mig. Áfram Ísland!**

Bryndís Ásmundsdóttir, söng- og leikkona.

# 190.000 manns sáu myndina á fjórum dögum

Kvikmyndin De Toutes Nos Forces er vinsæl í Frakklandi en Barði Jóhannsson samdi tónlistina.

„Þessi mynd er um fatlaðan strák sem tekur þátt í Iron Man-þríþrautinni og er byggð á sannsögulegum atburðum," segir tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson en hann samdi tónlistina við frönsku kvikmyndina De Toutes Nos Forces, sem frumsýnd var í Frakklandi í síðustu viku.

Á fyrstu fjórum sýningardögunum sáu yfir 190.000 manns myndina, sem gerir hana að fjórðu aðsóknarmestu kvikmynd Frakklands í síðustu viku.

„Það er ekkert planað eins og er," segir Barði spurður út í fleiri kvikmyndatónlistarverkefni.

Fyrir utan þessa miklu velgengni í kvikmyndatónlistarheiminum var Barði að koma heim úr tónleikaferð um Kína með hljómsveit sinni, Bang Gang. „Þetta gekk vonum framar og það var fullt á öllum tónleikum," segir Barði aðspurður um tónleikaferðalagið. Bang Gang kom fram á sjö tónleikum í sjö borgum í Kína og var uppselt á alla tónleika ferðalagsins. Barði segir að vinsældir sveitarinnar hafi komið skemmtilega á óvart. „Ég vissi að það væri einhver hópur sem myndi mæta, en átti ekki von á að svona mörgum, til dæmis voru 1.200 manns í Peking," segir Barði og bætir við: „Þetta var ævintýri og Kínverjar eru hressandi."

Barði vinnur nú hörðum höndum að því að klára fyrstu plötu Starwalker sem er dúett hans og Jean-Benoit Dunckel úr Air. Þá er ný Bang Gang-plata væntanleg á árinu auk þess sem Barði er að hefja vinnu við stórt klassískt verk sem fyrirhugað er að frumflytja 2015. **- glp**



**ALLT FULLT Í KÍNA** Barði seldi upp á alla tónleika sína á tónleikaferðalagi um Kína. MYND/JEANEEN LUND






# Byrjaði allt í H&M

Sigrún Eva Jónsdóttir vakti mikla athygli á Reykjavík Fashion Festival. Hún byrjaði óvænt í fyrirsætubransanum og var send til Kóreu í sitt fyrsta verkefni.

„Ég kann mjög vel við mig hérna," segir hin 23 ára Sigrún Eva Jónsdóttir en hún er búsett í New York þar sem hún starfar sem fyrirsæta. „Það er samt gott að taka pásur inn á milli til þess að koma heim til Íslands og ná sér niður á jörðina," segir Sigrún Eva en hún var einmitt stödd hér á landi um síðustu helgi þar sem hún tók þátt í Reykjavík Fashion Festival. „Það var rosalega gaman en líka rosalega mikil vinna," segir Sigrún Eva sem gekk sýningarpallinn fyrir fimm mismunandi hönnuði.

„Það var ekki mikið sofið," segir Sigrún Eva og hlær. „Það var smá skrítið að koma heim í svona þunga vinnuferð," segir Sigrún Eva en hún lenti á fimmtudeginum og fór strax í myndatöku fyrir Smáralindarblaðið og mátun fyrir RFF.

„Síðan sýndi ég fyrir Hildi Yeoman á föstudagskvöldinu," segir Sigrún Eva. „Á laugardaginn sýndi ég síðan fyrir Cintamani, Farmers Market, Magneu og REY," segir Sigrún Eva sem hafði varla tíma til þess að setjast niður og anda.

Fyrirsætuferill Sigrúnar hófst óvænt þegar hún var sautján ára og stödd í New York ásamt foreldrum sínum. „Ég var í H&M þegar það kemur einhver kona upp að mér og vildi fá mig á skrá sem fyrirsætu," segir Sigrún Eva en konan var útsendari fyrir umboðsskrifstofu Wilhelmina Models þar sem Sigrún Eva starfar í dag.

„Ég var ennþá í menntaskóla á þessum tíma þannig að ég var send í sumarfríinu árið eftir til Kóreu til þess að byrja að vinna," segir Sigrún Eva. „Til þess að fá vinnuleyfi í Bandaríkjunum þarf maður víst að safna ákveðinni reynslu og hafa starfað áður sem fyrirsæta," segir Sigrún Eva en hún var send til Kóreu í þeim tilgangi að sitja fyrir í auglýsingum sem birtust í kóreskum tímaritum.

„Þetta var rosalega fyndið," segir Sigrún Eva. „Ég vissi voðalega lítið um Kóreu," segir Sigrún Eva en hún þurfti að taka



**STÓRBORGIN HEILLAR** Sigrún Eva kann vel við sig í New York. MYND/EINKASAFN

úr ferðatöskunni á flugvellinum vegna yfirþyngdar. „Mamma hafði pakkað svo miklu nesti fyrir mig," segir Sigrún Eva og hlær.

„Ég var þar í 2 mánuði áður en ég flutti síðan aftur heim til þess að klára skólann," segir Sigrún Eva sem flutti eftir framhaldsskólann til New York þar sem hún hefur búið í næstum því 3 ár.

„New York er algjör suðupottur af alls kyns fólki, mér finnst það frábært," segir Sigrún Eva sem heldur samt góðu sambandi við vini og fjölskyldu á Íslandi.

„Ég tala við mömmu og pabba á næstum því hverjum degi og held góðu sambandi við vinkonurnar heima," segir Sigrún Eva.

Varðandi framtíðina segir Sigrún Eva hana vera algjörlega óráðna.

> **Ég var ennþá í menntaskóla á þessum tíma þannig að ég var send í sumarfríinu árið eftir til Kóreu til þess að byrja að vinna.**

„Ég hef svona verið að gæla við þá hugmynd að læra leiklist," segir Sigrún Eva sem hefur einnig þann möguleika að flytja til Evrópu til þess að vinna. „Líf mitt er einhvern veginn óskipulagshæft," segir Sigrún Eva og hlær. „Ég get aldrei skipulagt neitt lengra en mánuð fram í tímann." **baldvin@frettabladid.is**






# Flytur íslenskt leikhús út í heim

Gísli Örn Garðarsson vill leggja lóð sín á vogarskálarnar við að kynna íslenskt leikhúsfólk fyrir heiminum í komandi samstarfi við Borgarleikhúsið.

„Mig langar að hjálpa til við að opna augu heimsins fyrir íslenskum leikurum, leikstjórum og listafólki," segir Gísli Örn Garðarsson, en hann hefur gengið frá samkomulagi við Borgarleikhúsið um samstarf þar sem markmiðið er að stuðla að inn- og útflutningi á leikurum og leiklistarfólki.

„Ég vil leggja mitt af mörkum við þetta verkefni," segir Gísli Örn en hann mun efla samstarf um gestaleiki milli íslenskra leikhúsa og leikhúsa erlendis.

„Ég hef byggt upp ákveðið tengslanet úti og vildi nýta það til þess að efla íslenskt leikhússtarf," segir Gísli en ásamt því að vera einn af fjórum föstum leikstjórum við Þjóðleikhúsið í Ósló þá er hann listrænn ráðunautur hjá Young Vic og Royal Court-leikhúsinu í London.

„Það er svo mikið af spennandi hugmyndum í gangi á Íslandi," segir Gísli sem er strax byrjaður að vinna að markmiðinu.

„Það er margt í pípunum." **- bþ**



**VILL HJÁLPA TIL** Gísli Örn hefur mikla trú á íslensku leikhúsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

NÚ KOMUM VIÐ OKKUR Í PÁSKASTUÐ

# KONUKVÖLD

## HÚSGAGNAHALLARINNAR Í REYKJAVÍK



Í KVÖLD FRÁ 19-22

**100**
FYRSTU FÁ SMÁ GLAÐNING FRÁ BLOOMINGVILLE

## TILBOÐ, KYNNINGAR & LÉTTAR VEITINGAR!

- **Sigga Kling** mætir á svæðið og spáir í spilin
- Spádómsegg frá **Góu**
- **Beggi, Pacas og Marta María** velja á hátíðarborðið sitt
- **Mjólkursamsalan** kynnir hátíðarosta
- **Tefélagið** býður upp á dýrindiste og með því
- Falleg tímarit frá **Birtingi**
- **Organic.is** kynnir dásamlegt góðgæti
- **Rebekka** frá **Uma.is** verður á svæðinu og kynnir nýja Ilminn sinn
- **Bakarameistarinn** býður upp á góðgæti á veisluborðið

Allir sem versla fara í pott og eiga möguleika á að vinna veglega vinninga!

Útstillingahönnuðir verða á svæðinu og sýna þér það nýjasta í fermingar- og páskaskreytingum.

Komdu og upplifðu frábært kvöld með okkur!

bodum® Poul Pava by aida södahl speedtsberg VIDIVÌ Vetri delle Venezie MADE IN ITALY Bloomingville broste COPENHAGEN

ÖLL SMÁVARA **25%** AFSLÁTTUR

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **SÍMI** 558 1100 • **KONUKVÖLD** 3. apríl opið 19–22
**ALMENNUR OPNUNARTÍMI** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gaffigan að rifna úr spennu yfir Íslandi

Bandaríski uppistandarinn **Jim Gaffigan**, sem kemur fram í Háskólabíói á föstudaginn, hefur að undanförnu mikið verið að spyrja um Ísland á Twitter-síðu sinni.

Hann vill til að mynda vita hvað hann eigi að fá sér að borða eftir sýninguna, annað en hákarl sem búið er að pissa á, hvort hann megi vera í þveng í Bláa lóninu og hvort hann þurfi að koma með sólarvörn.



Jim Gaffigan kemur hingað til lands á föstudag og fer strax utan á laugardagsmorgun, þá kemur hann fram í London á laugardagskvöld. Uppselt er á uppistandið hans í London en ennþá eru til miðar á uppistandið í Háskólabíói. **- glp**

### Samaris spilar í Hollandi

Hljómsveitin **Samaris**, sem vann Músíktilraunir árið 2011, hefur vakið sífellt meiri athygli fyrir utan landsteinana. Nú hefur verið tilkynnt um þátttöku sveitarinnar á tónlistarhátíðinni Best Kept Secret Festival, sem verður haldin í bænum Hilvarenbeek í Hollandi dagana 20. til 22. júní. Samaris verður í góðum félagsskap á hátíðinni því þar stíga einnig á svið þekktir flytjendur á borð við Pixies, Franz Ferdinand, Belle & Sebastian og Interpol. Síðastnefnda sveitin spilar einmitt á Ásbrú laugardaginn 12. júlí á hátíðinni All Tomorrows Parties. **- fb**



## Mest lesið VÍSIR

1. Hundrað þúsund kall í hverri viku fyrir dansiböll hjá eldri borgurum
2. Veitingastaðnum í Turninum lokað
3. Schweinsteiger sá rautt í jafntefli á Old Trafford | Myndband
4. Íslendingar á Facebook ósáttir við ummæli Sigmundar
5. Ef allir forsetar væru eins og Ólafur Ragnar – sjáðu „selfie-myndina“





